

Martröð hjóna á Akureyri

■ Látn sofa á dýnu í nuddherbergi
■ Heimilislaus og múlbundin eftir uppsögn



TÍMAVÉLIN

Hórmangari gripinn við Laugaveg

■ Sagðist stunda
hjúskaparmiðlun



19. OKTÓBER 2018 / 40. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DV



ÞAU ERU Á LAUSU


Katrín Ingibjörg



SAGÐI FRÁ KYNFERÐISOFBELDI OG MISSTI VINNUNA

■ Fárveik í fleiri mánuði ■ Naut ekki stuðnings
íslenska ríkisins ■ Tilmæli læknis hundsuð

Emmsjé Gauti



„FÖÐURHLUTVERKIÐ HVETJANDI“

■ „Hræðsluáróður virkar ekki“
■ Var í skátunum og skák

Allsber á Austurvelli

■ Kristinn íhugaði sjálfsvíg hjá ömmu
■ Gefur út bók um geðhvörf

Margar gerðir af FARANGURSBOXUM

Dráttarbeisli

undir flestar tegundir bíla

VÍKURVAGNAR

Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

SJÁÐU VERÐ 2007, 2012 OG Í DAG

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



fylgdi myndinni.

Það var því kjörið að fara í Bónus og kaupa sömu vörur og keyptar voru árin 2007 og 2012. Innkaupaferðin var farin föstudaginn 12. október milli kl.ukkan 18 og 19 í Bónus Kringlunni. Kílóverð var tekið niður á grænmetinu.

Líkt og sjá má á myndinni var verðmunurinn gríðarlegur á milli árunna 2007 og 2012, þannig að karfan hækkar í verði um 6.105 krónur eða 78,1% á fimm árum. Verðmunur er hins vegar ekki mikill á milli árunna 2012 og 2018, þannig að karfan hefur hækkað í verði um 820 krónur eða 5,89% á sex árum.

Um er að ræða 40 vörutegundir og hafa 10 þeirra lækkað frá 2012, sú sem mest lækkar, lækkar um 38% Mesta hækkanin er á mjólkur-

vörum, Smjörva sem hefur hækkað um 91% og léttmjólk um 32%, vörur sem eru nauðsyn á flestum heimilum. Til samanburðar hefur hins vegar til dæmis Pepsi Max

hækkað í verði um 1%.

Brauð hækkar um 20–75%, í grænmetisdeildinni er bæði um að ræða hækkan, allt að 30%, og lækkun, allt að 32%. ■

	2007	2012	hækkun í %	2018	breyting frá 2012
Pilsner	49	81	65%	95	17%
Stella rúgbrauð	78	159	104%	279	75%
Appelsín dós	49	95	94%	83	-13%
Heinz bakaðar baunir 4 dósir	196	479	144%	356	-26%
Homeblest kex	138	239	73%	149	-38%
Agúrka Íslensk	57	134	135%	167	25%
Sírús Konsum 300 g	256	398	55%	515	29%
Tómatar Íslenskir	367	575	57%	498	-13%
Stjörnuegg	296	545	84%	559	3%
MS skyr 500 g	99	197	99%	240	22%
Epli rauð	98	379	287%	395	4%
ES steiktur laukur	69	95	38%	98	3%
Libby's tómatósósa 102	168	298	77%	372	25%
MS Léttmjólk 1 l	72	115	60%	152	32%
Ritz kex 200 g	49	158	222%	167	6%
OS Smjörvi	147	282	92%	539	91%
Vínber rauð	269	895	233%	798	-11%
Pepsi Max 2 l	97	212	119%	215	1%
Banarar Chiquita	129	239	85%	215	-10%
MS Matreiðslurjómi	155	267	72%	339	27%
OS Smurostur beikon	241	363	51%	549	51%
Mjúkis Pekanhnetur 2 l	405	795	96%	827	4%
OS Mozzarella 160 g	138	252	83%	412	63%
Myllu Heimilisbrauð 770 g	165	322	95%	387	20%
MS Pylsubrauð	69	147	113%	179	22%
Rófur Íslenskar	129	229	78%	298	30%
Köttlu vanilludropar	59	159	169%	169	6%
Bónus rúsínur 500 g	119	339	185%	295	13%
Kornax hveiti 2 kg	98	298	204%	229	-23%
MH Smjörflíki 500 g	89	189	112%	295	56%
ES Sykur 1 kg	89	205	130%	98	-52%
Gunnars Majónes 250 g	71	195	175%	235	21%
Nóa rúsínur	259	427	65%	529	24%
Ömmu flatkókur	59	129	119%	139	8%
ORA gulrætur og grænar	56	162	189%	205	27%
Perur	134	295	120%	259	-12%
OS Fetí í kryddi	275	429	56%	545	27%
MS Súrmjólk	111	179	61%	256	43%
Paprika rauð	232	375	62%	459	22%
Iceberg	174	579	233%	395	-32%
Samtals	7817	13922		15009	
Bensín jún 2007/ des 2012/ okt 2018	124	248,9	101%	223,6	-10%
Launavísitala jún 2007/ nóv 2012/ ágúst 2018	319	437,7	37%	662,8	51%
Evra sept 2007/ des 2012/ okt 2018	87,8	165,46	88%	139,54	-16%
Dollari sept 2007/ des 2012/ okt 2018	61,88	127,05	105%	121,01	-5%

Síðustu orðin

„Gat nú verið. Gat nú verið. Fæddist á hótélherbergi – og fjandinn hafði það – dó á hótélherbergi.“

– Bandaríski rithöfundurinn Eugene O'Neill (1888–1953)

Á þessum degi, 19. október



1216 – John Englandskonungur fellur frá í Newark-on-Trent. Níu ára sonur hans, Henry, fyllir hans skarð.



1812 – Napoléon Bonaparte hörfar frá Moskvu.



1933 – Býskaland segir sig úr Þjóðabandalaginu.



1989 – Áfrýjunardómstóll England og Wales ógildir dóma yfir Guildford-fjórmenningunum sem þá höfðu setið 15 ár í fangelsi.



2003 – Móðir Teresa kemst í samfélag hinna blessuðu með úrskurði Jóhannes-Páls páfa II.

Kristinn Haukur ráðinn fréttastjóri hjá DV

Kristinn Haukur Guðnason hefur verið ráðinn fréttastjóri hjá DV. Mun hann hafa umsjón með helgarblaðinu ásamt Birni Þorfinnssyni.

„Ég er þakklátur fyrir það traust sem mér er sýnt. Hér er samrýmdur, hugmyndaríkur og öflugur hópur starfsfólks sem hefur gert það að verkum að miðillinn er á mikilli uppleið. Það er spennandi að fá að taka þátt í að móta DV á komandi misserum enda erum við sífellt að auka fjölbreytni efn-

isins fyrir lesendur,“ segir Kristinn. „Það er ákaflega gefandi að finna fyrir þessum mikla meðbyr og við ætlum að halda sókninni áfram.“

Kristinn hóf störf sem blaðamaður hjá DV í júní árið 2017. Áður hafði hann meðal annars starfað fyrir Kjarnann frá árinu 2013.

Kristinn er fæddur í Uppsölum í Svíþjóð árið 1980. Hann er með MA-gráðu í sagnfræði og hefur numið við Háskóla Íslands og Edinborgarháskóla.



DV auglýsir eftir blaðamanni

DV auglýsir eftir blaðamanni í fullt starf. Miðlar Frjálsrar fjölmiðlunar hafa verið á mikilli siglingu undanfarir, lesturinn aukist og tekið eftir því starfi sem unnið er. Undir hatti Frjálsrar fjölmiðlunar eru meðal annars DV, DV.is, Pressan, Eyjan, Bleikt og 433.

Ef þú hefur það sem til þarf, hugmyndaauði, gott vald á tungumálinu, innsýn inn í þjóðfélagsmál og dugnað skalt þú endilega sækja um.

Umsóknir berist á netfangið kristjon@dv.is. Umsóknarfrestur er til og með 26. október.

5 stjórnálamenn sem gætu leikið betur en Dóra

Í vikunni fór Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi Pírata, með stuttan leikþátt í ræðustól og túlkaði hún þar persónuna Carol úr bresku gamanþáttaröðinni Little Britain. Atríðið vakti athygli en voru flestir á því að hæfileikar hennar lægju ekki á þessu sviði. DV tók saman fimm stjórnálamenn sem gætu túlkað persónur úr sjónvarpsþáttum og kvikmyndum betur en Dóra.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir – Daenerys Targaryen

Ljós og fríð ásýndum en kaldrífjuð og lævis þegar á þarf að halda. Lilja spratt upp úr deilum milli tveggja smákóna en hún mun taka yfir landið á endanum með hjálp bókaskatts ... og dreka.




Guðni Th. Jóhannesson – Forrest Gump

Guðni á það sameiginlegt með Forrest Gump að allir elska hann. Það þykir krúttlegt og heimilislegt að sjá hann með buff eða í doppóttum sokkum. Líkt og Forrest þá dökkar Guðni upp alls staðar og tekur í þaðann á heimsfrægu fólki.



Guðmundur Ingi Kristinsson – David úr Lost Boys

Það eru engin sérstök persónueinkenni sem tengja hinn skelegga þingmann Flokks fólksins við David úr Lost Boys. Ólíkt Guðmundi þá er David síðblind og sturluð vampíra. En þeir eiga það báðir sameiginlegt að skarta óborganlegum ljósum „mólettt.“



Smári McCarthy – John Rambo

Smári fékk skotvopnaþjálfun í Afganistan árið 2009 og hefur sagt að hann hafi lent í ýmsum uppákomum í tengslum við skotvopn. Hann er ekki sá eini. John Rambo ferðaðist til Afganistan í Rambo III og dvaldi þar með skæruliðum. Þar lenti hann líka í alls konar uppákomum.

Bjarni Benediktsson – Walter White

Bjarni Ben og Walter White úr þáttunum Breaking Bad eru báðir bakarar. Annar bakar kökur en hinn kristallað amfetamín. Þeir eiga það einnig sameiginlegt að geta talað sig út úr ótrúlegustu aðstæðum.



Jólaóróinn í ár

Verð aðeins kr. **6.500.-**

GEORG JENSEN

HÖNNUÐUR: MONICA FÖRSTER

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



Njóttu þess að hlakka til

vita

Hausthvellur VITA

Frábær verð í borgir og sól

Kúba - Marrakesh - Gdansk - Kanarí - Róm - Tenerife

KÚBA - 7 NÆTUR



Hotel Havana Capri ★★★★★

Verð frá **259.900** kr.
á mann m.v. 2 í tvíbýli með sjávarsýn og morgunmat

10.-17. NÓV

MARRAKESH - 4 NÆTUR



Opera Plaza ★★★★★

Verð frá **84.900** kr.
á mann m.v. 2 í tvíbýli með morgunmat

27.-31. OKT

MARRAKESH - 4 NÆTUR



Savoy Le Grand ★★★★★

Verð frá **99.900** kr.
á mann m.v. 2 í tvíbýli með morgunmat

27.-31. OKT

GDANSK - 3 NÆTUR



Hotel Hampton by Hilton ★★★★★

Verð frá **99.900** kr.
á mann m.v. 2 í tvíbýli með morgunmat

8.-11. NÓV

KANARÍ - 14 NÆTUR



Las Camelias ★★

Verð frá **99.900** kr.
á mann m.v. 2 í íbúð með 1 svefnherbergi

28. NÓV - 12. DES

AÐEINS FLUG



Flug til Marrakesh eða Gdansk

Verð frá **49.900** kr.
Flogið með Icelandair

VALDAR DAGSETNINGAR Í BODI

Flogið með

ICELANDAIR



Bókaðu draumaferðina þína á VITA.is

VITA | Skógarhlíð 12 | Sími 570 4444 | ferd@vita.is

MARTRÖÐ BRESKRA HJÓNA Á AKUREYRI

■ Störfuðu hjá Inspiration Iceland á Akureyri ■ Þurftu að sofa á gólfi nuddstofu

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Bresk hjón, sem komu til Akureyrar vorið 2017 til að vinna hjá ferðaþjónustufyrirtæki segja farir sínar ekki sléttar. Hafi þau unnið myrkanna á milli, þurft að sofa á dýnu á gólfi á nuddstofu fyrirtækisins og ekki fengið rétt greitt fyrir verkalyðsfélagið var komið í málið. Eftir að þau kvörtuðu til eigandans var þeim sagt upp og urðu þá húsnaðislaus. Um sumarið voru þeim settir afarkostir á skrifstofu verkalyðsfélags, fá greitt og þegja yfir málinu.

84 stunda vinnuvika

Sienna Gray og eiginmaður hennar, Maxim Koba, komu hingað til lands frá Bretlandi í marsmánuði árið 2017. Þau eru á fertugsaldri, hún skosk og hann enskur. Þau höfðu hlakkað til að setjast að á landinu og voru ráðin til vinnu hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Inspiration Iceland á Akureyri sem hinn svissneski Andreas Baumgartner rekur. Fyrirækið býður meðal annars upp á hundasleðaferðir, nudd, jóga og útleigu íbúða.

Sienna segir að þeim hafi verið lofaður fimm ára samningur með aðstöðu til að búa og hjálpa við að setjast að. Fyrst um sinn hafi þau verið á reynslu og þurft að greiða allan mat og upphald sjálf. Störfuðu þau við bókanir og leiðsögn ferðamanna.

Vinnan var mun meiri en þau höfðu gert sér grein fyrir og vel út fyrir venjulegan dagvinnutíma. Störf hófust klukkan sjö á morgnana og stóðu oft fram til tíu á kvöldin, sjö daga vikunnar. Stundum unnu þau til miðnættis. Um helgar unnu þau aðeins hluta dags en þurftu að vera viðbúin. Sienna segir að þau hafi unnið að meðaltali 84 klukkutíma á viku og hélt

„Við höfðum enga aðra möguleika og fengum engar þagnargreiðslur“

hún dagbók um vinnutímana.

Sienna segir að þeim hafi verið gert að keyra sextán sæta hópferðabil en þau hafi aðeins haft venjulegt bílpróf. Auk þess þurftu þau að sofa á dýnu á gólfinu í einu nuddherberginu og borga félaginu fyrir það 50 þúsund krónur á mánuði.


Sienna og Maxim kröfðust þess á fundi með Andreas í maí 2017 að fá alla vinnuna greidda og var þeim þá sagt upp. Í samtali við DV segir Sienna:

„Við báðum um að fá það greitt sem við áttum inni. Andreas þóttist ætla að hugsa um þetta þegar við töluðum við hann eitt kvöldið. Þegar við snerum aftur til vinnu morguninn eftir var búið að fela lyklna og loka okkur úti. Svo sagði hann okkur að þetta gengi ekki upp.“

Múlbinding

Allt í einu voru Sienna og Maxim orðin heimilislaus og höfðu ekki fengið greitt. Þau leituðu að húsnaði og annarri vinnu en fundu ekkert. Þau voru með köttinn sinn með sér og það gerði húsleit mjög erfiða. Á meðan þurftu þau að leigja tímabundið á Airbnb á sama verði og ferðamenn, um 20 þúsund krónur á dag. Þau eyddu hundruðum þúsunda af sparifé sínu til að búa og halda sér uppi.

„Við leituðum að húsnaði og atvinnu um allt Norður- og Austurland. En peningurinn okkar



Nuddherbergi Dýnumar fylltu næstum upp í rýmið.



Hlekkjaður sleðahundur Félagið er undir eftirliti MAST.



Sienna Gray

kláraðist áður en við fengum nokkur svör.“

Verkalyðsfélagið Eining-Iðja vann í þeirra máli fyrir þau og þann 2. júní voru þau kölluð til að undirrita samkomulag um launagreiðslur og endalok málsins.

„Verkalyðsfélagið neyddi okkur til að skrifa undir samkomulagið. Okkur var sagt við fengjum engar greiðslur ef við myndum ekki skrifa undir þetta og að verkalyðsfélagið myndi ekki fara með málið fyrir dómstóla. Við höfðum enga aðra möguleika og fengum engar þagnargreiðslur,“ segir Sienna.

Í samkomulaginu kom fram að uppgjöri væri að fullu lokið og hvorugur aðilinn gæti gert frekari kröfur á hendur hinum. Yrði því ekki beint til stéttarfélaga, fjölmiðla, annarra. Ekki einu sinni lögreglu.

Björn Snæbjörnsson, formaður Einingar-Iðju, neitaði að tala um einstök mál en sagði að starfsfólk reyndi alltaf að aðstoða fólk, hvort sem það væri félagsmenn eða ekki. Hafnaði hann því að þetta væru óeðlileg vinnubrögð og sagði það oft geta verið erfitt að sanna yfirvinnu til dæmis.

Hundabú undir eftirliti

Eftir þetta yfirgáfu Sienna og

Maxim landið, reið og leið yfir því hvernig ferðin var með þau. Sienna segir að þeirra mál sé ekki einsdæmi.

„Við urðum að fara. Við vorum heimilislaus og höfðum eytt þúsundum punda. Við erum enn þá að greiða skuldir út af þessu og þetta er búið að eyðileggja líf mitt. Ég var búin að vinna að því í mörg ár að flytja til Íslands og klára doktorsritgerð. Ég vildi setjast að og vinna á Íslandi.“

Þá hafi sleðahundarnir hjá Inspiration Iceland ekki fengið viðunandi meðferð.

„Þrjú hundarnir voru sjaldan notaðir í ferðir og voru þeir geymdir í búi vikum saman án hreyfingar. Einn átti við hegðunarvandamál að stríða og var bundinn fyrir utan þvottahúsið dag og nótt.“

Hjalti Andrason, fræðslustjóri hjá Matvælastofnun, staðfestir að skoðunar hjá stofnuninni. Tvær ábendingar hafi borist og sú nýrri síðastliðið vor. Hann segir:

„Þetta hundabú er undir eftirliti Matvælastofnunar. Við gerðum

kröfur um úrbætur og brugðist var við þeim.“

Segir hjónin hafa skaðað fyrirtækið á samfélagsmiðlum

Í samtali við DV segir Andreas Baumgartner að málið sé að fullu lokið frá báðum hliðum.

„Þetta var unnið með stéttarfélaginu og við komum til móts við þeirra kröfur. Það var gengið frá þessu. Formaður stéttarfélagins lagði þetta fram og það var samþykkt.“

Var öll yfirvinna og allt greitt?

„Já.“

Var það ykkar krafa að þau mættu ekki tala við fjölmiðla, lögreglu og fleiri?

„Nei, en þau voru að nota samfélagsmiðla til að sverta okkur sem er brot á réttindum okkar. Það var þess vegna. Þau voru að nota samfélagsmiðla og slíkt. Þess vegna kom þetta fram.“

Af hverju var þeim bannað að fara til lögreglu, er það ekki réttur allra að leita til lögreglu ef á þeim er brotið?

„Þau voru að skaða okkur á öðruvísi hátt.“

Andreas vildi ekki svara því af hverju Tiddy og Maxim var sagt upp, af hverju þau þurftu að sofa á dýnu á gólfi og svo framvegis. Sleit hann þá samtalinu. ■

NOKIA 3.1

13 MP MYNDAVÉL
TEKUR 2 SIMKORT
5.2" 18:9 SKJÁR MEÐ
GORILLA GLASS

NOKIA androidone

JS Watch co.
REYKJAVIK

KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR

FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI



Úrsmíðameistari okkar missir aldrei einbeitinguna

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarin gæði íslensku úrana. Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.

GILBERT
ÚRSMÍÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100

„Ég var búin að gefast upp

Katrín Ingibjörg sagði frá kynferðisobeldi og missti vinnuna

■ Samstarfsmaðurinn látinn fara ■ Hélt að hún fengi stuðning frá yfirmönnum Fjársýslunnar ■ Fárveik í langan tíma

„Ég var búin að gefast upp og ætlaði að skrifa undir starfslokasamninginn. Samning sem mér fannst óréttlátur og í raun meiðandi. Ég gat ekki meira. Þá kom skyndilega upp málið í Orkuveitu Reykjavíkur. Í kjölfar þess ákvað ég að berjast, sama hverjar afleiðingarnar yrðu. Ég settist niður með þrettán ára dóttur minni og fór yfir málið með henni. Ég vil að hlutirnir verði breyttir þegar dóttir mín fer út á vinnumarkað,“ segir Katrín Ingibjörg Kristófersdóttir í samtali við DV.

Björn Þorfinnsson
Kristjón Kormákur Guðjónsson
bjornth@dv.is / kristjon@dv.is



Katrín segir að henni hafi verið nauðgað af samstarfsmanni hjá Fjársýslu ríkisins í mars í fyrra. Maðurinn sem hún sakar um ofbeldi neitar alfaríð sök. Katrín er einstæð tveggja

barna móðir og menntaður viðskiptafræðingur. Hún hafði starfað hjá Fjársýslunni í rúmum árum þegar lífi hennar var umturnað. Í kjölfar þess að hún upplýsti yfirmann samstarfsmanni hennar gefinn kostur á að segja upp störfum. Í upphafi taldi Katrín að stutt yrði við bakið á henni til að vinna úr áfallinu. En

annað átti eftir að koma á daginn. Núna, rúmu einu og hálfu ári síðar, er hún búin að segja henni upp störfum vegna heilsubreysts. Henni er boðinn starfslokasamningur sem inniheldur ákvæði um lausnarlaun; ákvæði úr kjarasamningum sem aðeins er beitt þegar starfsfólk á við alvarleg veikindi að stríða og á vart endurkvæmt í vinnu.

Ólögleg uppsögn og samstarfsmenn staðfesta frásögn

Í uppsagnarbréfi Katrínar er ákvörðun Fjársýslu ríkisins meðal annars rökstudd með því að ekki hafi borist andmæli frá Katrínu. Það er rangt. Lögfræðingur FHSS, Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins, sem er aðildarfélag í Bandalagi háskólanna hjá BHM, stéttarfélagi háskólamenntaðra á vinnumarkaði, fundaði með Kjara- og mannaúdsýslu ríkisins og á þeim fundi var

ákveðið að Kjara- og mannaúdsýsla ríkisins myndi beina þeim tilmælum til Fjársýslunnar að semja við Katrínu. Fjársýsla ríkisins kaus hins vegar að fara ekki eftir þessum ráðleggingum og heldur uppsögninni til streitu.

DV hefur undir höndum uppsagnarbréf Katrínar, sem er dagsett 10. október, þar sem segir orðrétt: „26. september var þér tilkynnt um fyrirhugaða lausn frá störfum vegna langvarandi veikinda og þér veittur andmæla-réttur við fyrirhugaða ákvörðun. Þar sem andmæli bárust ekki má af því ráða að þú sért enn óvinnufær vegna veikinda og fyrirséð að svo verði um óákveðinn tíma. Af þeirri ástæðu leysir Fjársýsla ríkisins þig frá störfum frá og með dagsetningu þessa bréfs.“

Katrín hafði sjö daga til að mótmæla þessari ákvörðun og var þeim komið á framfæri í byrjun

mánaðarins. Ekki er tekið tillit til þess. DV hefur einnig rætt við samstarfsmenn og fólk sem stendur Katrínu nærri sem hefur staðfest frásögn hennar. Katrínu er lýst sem hörkuduglegri, hún sé afar samvirkusöm og metnaðarfull kona sem hafi fyrst mátt þola ofbeldi af samstarfsmanni og svo í kjölfarið hafi yfirmenn brugðist henni. Á þessu eina og hálfu ári hélt Katrín dagbók og skráði samvirkusamlega það sem átti sér stað frá því að hún tilkynnti samstarfsmann sinn til yfirmanna og þangað til hún fékk uppsagnarbréfið.

Maðurinn sem Katrín sakar um ofbeldi er nú fluttur út á land og gegnir þar ábyrgðarstöðum í litlu bæjarfélagi.

Leiðin til baka fyrir Katrínu hefur verið löng og ströng. Nú segir hún sögu sína í þeirri von að aðrar konur lendi ekki í sömu martröð. Er það von Katrínar að

Þegar að ég ætla svo að fara inn í FJS þá var búið að aftengja aðgangskortid mitt

dreginn verði lærdómur af sögu hennar. Katrín vill réttlæti. Hún vill einnig að stofnunin læri af mistökum sínum og lagfæri þau en líkt og komið hefur fram frá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins eru ráðleggingar þeirra algjörlega hundsáðar af yfirmönnum Katrínar.

Happy-hour varð að martröð

Þann 24. mars 2017 ákvað hópur starfsmanna Fjársýslunnar að gera sér glaðan dag á happy-hour á bar nærri vinnustaðnum. Katrín fór sjálfviljug heim með samstarfsmanni sínum.

„Við höfðum hist nokkrum sinnum áður, fyrir þetta kvöld. Á þeim tíma hafði ég ekki hugmynd um að hann væri að sofa hjá annarri samstarfskonu minni en frétti nokkru áður að hann ætti kærustu úti á landi. Hann faldi það fyrir öllum vinnufélögum og á samfélagsmiðlum var ekki annað að sjá en að hann væri einhleypur,“ segir Katrín.

Eitt leiddi af öðru þegar heim var komið og Katrín og samstarfsmaður hennar hófu að stunda kynlíf með fullu samþykki Katrínar. Skyndilega breyttist viðmót mannsins, hann gerðist harðhentur og fór út fyrir þau mörk sem Katrín gat hugsað sér. Hún ber enn þá líkamlega merki eftir þessa nótt.

„Ég var gjörsamlega niðurbrotin. Það sem var verst var að ég skammaðist mín svo hrikalega. Að ég skyldi hafa hleypt þessum manni nálægt mér og hunsað viðvörunarbjöllurnar,“ segir Katrín. Hún er því miður von því að takast á við stór áföll í lífi sínu. Hún missti ung föður sinn og þegar hillti undir lok grunnskólagöngunnar lenti hún í alvarlegu umferðarslysi og var vart hugað líf. Í 10. bekk var henni ekið um í hjólastól og þurfti síðan að læra að ganga upp á nýtt. Fyrir nokkrum árum missti hún síðan bróður sinn úr ofneyslu fíkniefna. „Ég hef alltaf verið sterk og sjálfstæð. Þegar ég hef lent í áföllum þá hef ég í raun sett á mig grímu, látið sem ekkert væri og komist í gegnum hlutina á hnefanum. Í gegnum tíðina hef ég því sett upp margar grímur og ég ætlaði að tækla þetta eins. Láta sem ekkert væri, ekki sýna nein veikleikamerki og aldrei sýna ofbeldismanninum að hann hefði náð að særa mig. Ég ætlaði að fara þetta á reiðinni,“ segir Katrín.

Reyndi að koma henni úr jafnvægi

Næsta mánudag mætti hún í vinnuna eins og ekkert hefði í skorist. Það kom henni í opna skjöldu að meintur ofbeldismaður nýtti hvert tækifæri til þess að tala við hana þegar aðrir voru nærri en leit ekki í áttina til hennar ef hún var ein. Henni fannst eins og hann væri að reyna að koma henni úr jafnvægi. „Í kaffitímanum þennan dag settist hann niður við hliðina á mér og fór að spyrja út í kapalinn sem ég var að leggja. Ef það var starfsmannafundur þá passaði hann sig á að setjast við hliðina á mér. Hann nýtti hvert tækifæri til þess að ögra mér og reyna að stuða

mig,“ segir Katrín.

Hún tórði út vikuna en á föstudeginum brotnaði hún niður. Þá sagði hún náinni samstarfskonu frá því hvað hefði gerst. Daginn eftir fór hún upp á Neyðarmótöku nauðgana í viðtal og skoðun. Það hefur DV fengið staðfest frá lögfræðingi Katrínar.

„Ég var enn með áverka. Ég var í raun viss um að hann hefði eyðilagt eitthvað,“ segir Katrín. Tekin voru sýni og myndir. Að lokum fékk Katrín áverkavottorð. Hún hefur þó ekki enn treyst sér til að kæra manninn.

Hittust í hljóðeinangruðu herbergi

Í samráði við sálfræðing Neyðarmótökunnar ákvað hún að tilkynna um málið til Péturs Ó. Einarssonar, starfsmannastjóra Fjársýslunnar.

„Við hittumst í hljóðeinangruðu fundarherbergi og þar brotnaði ég niður tvisvar sinnum áður en ég gat byrjað að lýsa atburðarásinni,“ segir Katrín. „Þegar ég var búin að létta þessu af mér spurði Pétur hvort ég vildi afsökunarbeiðni frá geranda. Ég hváði, eðlilega, og sagði honum þá skoðun mína að manninum væri ekki stætt lengur á vinnustaðnum. Benti ég á hótanir hans í garð samstarfskonu minnar sem og kvartanir yfirmanna um að hann væri ekki að sinna vinnunni sinni sem skyldi. Það væri annaðhvort hann eða ég,“ segir Katrín. Kvaðst starfsmannastjórinn ætla að skoða málið og láta hana vita ef til aðgerða yrði gripið.

Tveir valkostir

Daginn eftir var meintur gerandi kallaður inn á fund til starfsmannastjórans. Þar var honum tjáð að nafnlaus kvörtun um hátterni hans hefði borist. Fékk hann tvo valkosti. Að sættast á uppsögn eða að farið yrði í hart við hann. Hann valdi þegar fyrri kostinn og síðan gekk hann út sigri hrósandi. Tilkynnti hann samstarfsmönnum sínum að hann hefði sagt upp sjálfviljugur og að hann ætti einungis eftir að vinna næstu þrjá daga.

„Ég fór að hágráta þegar samstarfskona mín tilkynnti mér hvað hefði gengið á,“ segir Katrín. „Þetta var léttir en að sama skapi varð ég hrædd. Ég vildi ekki vera á staðnum á meðan hann ynni uppsagnarfrestinn og þar sem páskarnir gengu í garð þá sneri ég ekki til vinnu fyrr en um tveimur vikum síðar,“ segir Katrín.

„No hard feelings hérna megin“


Þegar Katrín mætti til vinnu eftir páskana beið henni tölvupóstur frá meintum geranda. Katrín var brugðið þegar hún opnaði hann og fannst óhugnanlegt að lesa skilaboðin.

„Hann hafði sent póstinn bara nokkrum mínútum eftir uppsögnina. Titillinn var „No hard feelings hérna megin“ og í meginmálinu skrifaði hann eingöngu: „Með þökkum fyrir samstarfið og vináttuna,“ segir Katrín og viðurkennir að henni hafi verið brugðið.

Á þessum tímamarki var hún þakklát yfirmönnum sínum fyrir að taka fast á málunum. „Metoo-byltingin var ekki hafin og mér fannst ekki sjálfsagt að þetta yrði niðurstaðan. Ég gerði jafnvel ráð fyrir því að ég þyrfti sjálf að hætta,“ segir Katrín. Hún hafi farið nokkru síðar inn á skrifstofu Ingþórs Karls Eiríkssonar fjársýslustjóra til þess að þakka honum fyrir úrvinnsluna en segist hafa fengið yfir sig reiðilestur um að hún þyrfti að gæta að hegðun sinni í vinnunni, hvað hún segði og gerði. Í kjölfarið hafi þessi ædsti yfirmaður hennar orðið kuldalegur og fjarænn í samskiptum við hana og gætt þess að þau yrðu eins takmörkuð og hægt væri.

Í dagbók sinni um upplifun sína segir Katrín:

„Ingþór horfði á mig og sagði með vanþóknunarsvip „af hverju ætti ég að vilja hafa mann í vinnu sem gerir eitthvað sem að ég fyrir-lít!“ Hann hélt svo ræðu yfir mér um það að ég þyrfti að fara að passa mína hegðun. Hvað ég segði og gerði. Ég varð svo kjaftstopp að ég sat bara þarna með tárin í augun og gat ekkert sagt.“



Katrín Ingibjörg Sagt upp í kjölfar nauðgunar.

Sífelld á sýklalyfjakúrum

Um miðjan maí fór Katrín að finna fyrir ýmsum líkamlegum óþægindum. Þrýstingsverk í andliti og höfði auk langvarandi sýkinga í augum, nefi og kinnholum. Í fyrstu var talið að hún væri að glíma við einhvers konar ofnæmi. Nú eru læknar á annarri skoðun. Talið er að um afleiðingar áfallastreitu sé að ræða. Eins og hefur komið fram hefur DV rætt við fólk sem tengist Katrínu í gegnum vinnuna. Þau efast ekki um að hvert orð í frásögn hennar sé rétt. Það fólk er slegið vegna frásagnarinnar. Einn starfsmaður kvaðst hafa áttað sig á, eftir að maðurinn var fariinn, að hann var á eftir fleiri konum.

„Ég man ekki hversu marga sýklalyfjakúra ég fór á,“ segir Katrín. „Ég var á sterakúr í um sex vikur og var á alls konar lyfjum. Ég

var með hitavellu í marga mánuði og svaf nánast ekkert. Sumarfríinu eyddi ég uppi í sófa sárkvalin.“ Þennan tíma var hún aðframkomin í vinnunni og upplifði mikla vanlíðan. Varð það til þess að hún endurupplifði það sem hafði átt sér stað þegar hún sá nafn mannsins á hinum ýmsu skjólum og tölvupósti sem hún neyddist til að meðhöndla vinnu sinnar vegna.

Í dagbók sinni segir Katrín: „Ég mætti í vinnuna veik. Enginn af næstu þremur yfirmönnum mínum, Vilhjálmur, Pétur eða Ingþór pældu í því þó að það sæist langar leiðir að ég var fárveik.“

Upplifði ekki stuðning yfirmanna

Í lok nóvember fór Katrín í leyfi vegna langtímaveikinda eftir að vinkona hennar hafði í raun sett henni stólinn fyrir dyrnar. ▶



Mottur setja punktinn yfir i-ið á heimilinu.

Persía er sérdeild innan Parka með stök teppi og mottur. Við bjóðum upp á sérvalin handhnýtt austurlensk teppi og fjölbreytt úrval af vönduðum vélofnum gervi- og ullarteppum. Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Persía

Parki INTERIORS

„Hún bauð mér í heimsókn og fékk áfall þar sem ég starði út í loftið, gjörsamlega búin, uppgefin á sál og líkama. Í kjölfarið fór ég að reyna að leita mér lækn- inga,“ segir Katrín.

Að hennar sögn upplifði hún það sterkt að hún hefði ekki stuðning yfirmanna Fjársýslunnar í baráttu sinni. „Það var látið greinilega í ljós með ýmsum athugasemdum. Á árhátíð í Stykkishólmi gekk ég skyndilega frá samræðum til þess að fara að veipa og þá spurði fjársýslustjóri mig hvort mig vantaði athygli núna. Þá bauð móðir mín mér og börnunum í afslöppunarferð til Kanaríeyja um jólin þegar ég var í veikindaleyfi. Þá var skráð á mig orlof og gefið í skyn að ég gæti allt eins mætt til vinnu eins og fara í frí. Það var þó leiðrétt eftir að ég gerði athugasemd við það. Ég get nefnt mörg önnur dæmi,“ segir Katrín.

Neitað um aðstoð við sálfræðikostnað

Í byrjun janúar 2018 hóf Katrín aftur störf hjá Fjársýslunni en þá aðeins í hálfu starfi. Verkefni- in höfðu hrannast upp og hún upplifði mikinn þrýsting um meira vinnuframlag en ákveðið hafði verið þegar hún sneri aftur. Skömmu síðar byrjuðu líkamlegu einkennin að láta á sér kræla að nýju og í lok janúar neyddist Katrín til að fara aftur í veikindaleyfi.

Næstu mánuði var Katrín í afar slæmu andlegu ástandi. „Ég var mjög langt niðri en reyndi mitt ýtrasta til þess að ná bata,“ segir hún. Í febrúarlök fékk hún skilaboð þess efnis frá Pétri starfsmannastjóra að hún ætti lítið eftir af veikindarétti sínum. „Ég óskaði eftir því að fá 13 vikur aukalega vegna starfstengds sjúkdóms en því var hafnað. Því var sömuleiðis hafnað að aðstoða mig varðandi kostnað við sálfræðipjónustu,“ segir Katrín sem fundaði með stéttarfélagi sínu vegna málsins.

Alls var Katrín í launalausum veikindaleyfi í 225 daga. Um sumarið fór hún með vinkonu sinni til Balí og var sú ferð hugsuð til að

Ég fann kyrfilega fyrir því að það var álitid eins og ég væri með ves- en og að ég væri að svíkjast um

styrkja hana andlega og ná heilsu á ný. „Skömmu áður höfðu mér borist skilaboð frá Pétri starfsmannastjóra um að ég hefði frest til 1. september til að snúa aftur til vinnu og að það væri ófrávikjanlegt skilyrði að það yrði 100% starfshlutfall,“ segir Katrín.

Í dagbók Katrínar frá lok janúar 2018 segir:

„Líkamleg einkennin komin á fullt aftur, hiti, þrýstingur í höfði, svefnleysi. Ég fór aftur í veikindaleyfi.“



Í dagbók Katrínar um miðjan mars 2018 segir:

„Verkefnastjórinn minn bað mig að koma við og setja fjarvistartil- kynningu á tölvupóstinn minn og ég sagði honum að ég myndi koma við þegar að flestir væru farnir. Þegar að ég ætla svo að fara inn í FJS þá var búid að aftengja aðgangskortid mitt. Verkefnastjórinn minn varð miður sín.“

Martröð í Paradís

Balífærð Katrínar, sem átti að vera eins konar upphaf að betri heilsu hennar, breyttist þó í martröð. Vinkonurnar voru staddar nærri Lombok-eyju þegar afar öflugur jarðskjálfti, 7 á Richtervarða, gekk yfir. Þak hótelsins sem þær dvöldu á hrundi niður og allt var á tjá og tundri. „Þetta var algjör hryllingur. Eyðileggingin var algjör og við sáum lík fólks borin fram hjá okkur,“ segir Katrín.

Þegar heim var komið óskaði hún eftir því að fá að hefja störf aftur 1. október enda hefði áfallið ytra haft slæm áhrif á heilsu hennar. Það kom ekki til greina af



hálfu Fjársýslunnar og það þrátt fyrir að trúnaðarlæknir stofnunarinnar hefði metið Katrínu með fjölþætta áfallastreitu og að hún væri engan veginn hæf til þess að vinna 100% vinnu. „Í kjölfarið hringdi starfsmannastjórinn í mig og bað mig afsökunar á því hvernig hann hefði meðhöndlað mín mál.“

Í dagbók Katrínar frá 5. september 2018 segir:

„Hitti Teit trúnaðarlækni sem sagði að ég væri klárlega ekki starfshæf. Ég væri augljóslega með fjölþætta áfallastreitu ▶

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:

Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

HAUST ÚTSALA

Royal Corinna

30% AFSLÁTTUR

Hágæða, millistíf, fimmsvæðaskipt heilsudýna með pokagormakerfi, millistífum áföstum toppi og stífum, klæddum botni með fótum.



Stærð 140x200 cm ÚTSÖLUVERÐ 77.898 kr.	Stærð 160x200 cm ÚTSÖLUVERÐ 98.726 kr.	Stærð 180x200 cm ÚTSÖLUVERÐ 121.737 kr.

rekkjan
HEILSURÚM



„... Ólafur Gunnarsson á miklu og fínu flugi hér í einni sinni allra bestu bók ...“

EINAR FALUR INGÓLFSSON / MBL



Ólafur Gunnarsson fer með lesandann í ævintýraferð um fortíðina

Ógleymanlegar persónur

Skrautlegt mannlíf

Óborganlegur húmor

„Lesandinn grætur hlæjandi, þyrstur í næstu blaðsíðu. Mögnuð.“

AUÐUR JÓNSDÓTTIR

„Algjört snilldarverk.“

EINAR KÁRASON

„Þessi bók er eins og góð kvöldstund með kærum vini sem þekkir lífið og mennina og kann að segja sögurnar.“

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

 LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–16 | www.forlagid.is

Fárveik í langan tíma „Ég var í raun viss um að hann hefði eyðilagð eitthvað.“



(c-ptsd) [...] Hann sagði að honum þætti þetta mál mjög furðulegt. Starfsmenn væru ekki settir á lausnarlaun nema að þeir væru dauðvona eða væru að fara á örorku. Þeir starfsmenn sem færu á lausnarlaun væru merktir óstarfhæfir í kerfum hjá ríkinu og ég myndi aldrei aftur fá starf sem ríkisstarfsmaður. [...] Honum fannst mjög óeðlileg krafa að ég kæmi í 100% starf eftir svona langa fjarvist og sagði að eðlilegast væri að leyfa mér að koma í hlutastarf.“

Katrín segir: „Hann sagðist

ætla að leggja tvennt til við Pétur. Að annaðhvort fengi ég að koma inn í hlutastarf eins og eðlilegt væri eða að gerður yrði við mig almennilegur starfslokasamningur. Hann spurði mig tvisvar sinnum hvort að Pétur þekkti þau smáatriði sem ég sagði honum og ég játti því.“

Katrín segir að lækurinn hafi rætt við Pétur sem hafi áttað sig á að hann hefði gert mistök. Bætur Katrín við að í kjölfarið hefði Pétur boðið henni starfslokasamning og meðmælabréf frá stofnuninni. „Ég var nálægt því

að ganga að þessu tilboði. En ég er fegin að ég gerði það ekki því að ég hefði aldrei orðið sátt við sjálfa mig. Mér var nauðgað af samstarfsmanni mínum og taldi að ég fengi stuðning yfirmanna stofnunarinnar. Þess í stað fann ég kyrfilega fyrir því að það var talið að ég væri með vesen og að ég væri að svíkjust um.“

Eins og bent hefur verið á hafa mörg mistök verið gerð á þeim tíma frá því að Katrín tilkynnti meint ofbeldi til yfirmanna. Fjársýslunni hefur verið bent á af lækni og síðan af Kjara- og mannauðssýslu hver væru hin réttu mannúðlegu skref, fyrir utan að andmælaréttur hennar er ekki tekinn til greina. Við vinnslu þessarar greinar hefur enginn heimildarmanna DV dregið frá-sögn Katrínar í efa, henni hefur verið hampað fyrir hina ýmsu mannkosti. Eina manneskjan sem hefur reynt að kasta rýrd á hana er maðurinn sem Katrín tilkynnti og sagði að hefði beitt hana ofbeldi. Hann vildi ekki tjá sig við DV og neitar öllum ásökunum.

Enn er mögulegt að grípa inn í. Það getur Pétur sjálfur gert sem og ráðuneytið sé vilji til þess. Katrín hefur þurft að leggja út mikla fjármuni vegna veikinda sinna. Sálfræðihjálpi hefur hún ekki fengið. Þegar Katrín hitti blaðamenn í fyrsta sinn var hún spurð hvort hún treysti sér til að segja sögu sína undir nafni og mynd. „Ég vil ekki vera einhver nafnlaus kona út í bæ. Þá missir umfjöllunin marks,“ svaraði Katrín. Leið Katrínar til baka hefur verið þyrnum stráð. En hún er nú komin á þann stað að hún treystir sér að segja okkur sögu

sína í forsíðuviðtali DV.

Hennar markmið er einfalt. Hún segir sögu sína til að draga úr líkum á því að aðrar konur lendi í svipaðri aðstöðu. Að kerfið styðji við bakið á þolendum og dragi lærdóm af þeim mistökum sem hafa verið gerð. Nú er kerfið í hlutverki ofbeldismannsins.

„Ég er enn í lausu lofti. Yfirmenn mínir, sem að mínu mati hafa beitt mig andlegu ofbeldi

undanfarna 18 mánuði, stjórna samningum og vilja knýja mig til þess að undirrita samning um starfslok sem mér finnst óásættanlegur. Það hefur verið illa staðið að mínum málum og ég vona að saga mín verði til þess að alvarleg mál sem þessi verði meðhöndluð af fagmennsku og hlýju. Ég vil að hlutirnir séu breyttir þegar 13 ára dóttir mín fer út á vinnumarkaðinn,“ segir Katrín. ■

DV óskaði eftir viðbrögðum frá Fjársýslu ríkisins vegna málsins. DV sendi Pétri Ó Einarssyni 13 spurningar. Var Pétur spurður hvort rétt hefði verið tekið á málinu og hvort hægt hefði verið að gera betur. Af hverju ekki væri tekið mark á trúnaðarlækni og af hverju ekki væri farið eftir ráðleggingum frá Kjara- og mannauðssýslu ríkisins. Svar Péturs var eftirfarandi:

„Fjársýsla ríkisins getur ekki lögum samkvæmt fjallað um málefni einstakra starfsmanna sinna, en vill koma eftirfarandi á framfæri vegna fyrirspurnar blaðamanns DV. Stofnunin starfar eftir þeim lögum, reglum og stefnu sem sett er. Í stefnu Fjársýslunnar segir meðal annars að starfsmenn sýni samstarfsfólki sínu kurteisi og virðingu í samskiptum þar sem einelti og kynferðisleg áreitni er undir engum kringumstæðum umborin á vinnustöðum stofnunarinnar. Stefnu Fjársýslunnar varðandi einelti og kynferðislegt ofbeldi má sjá á heimasíðu hennar.

Fjársýslan hefur ætíð reynt að bregðast við og styðja starfsfólk sitt vegna áfalla sem þeir [sic] verða fyrir utan vinnustað og hafa bein áhrif á starfsmanninn. Fjársýslan virðir og fer eftir sem áður fram með góðu fordæmi þegar kemur að kjarasamningum starfsmanna ríkisins.“

Rab, Salomon, Don cano -fullkomin þrenna

Dúnúlpur og microlight jakkar frá Rab.
Ný kynslóð.

Rab



X ULTRA MID
Verð 26.995 kr.



SPEEDCROSS 4
Verð 19.995 kr.



Salomon

Don cano vörurnar komnar aftur.
Einstök hönnun og framleiðsla.



Íslensku
ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafen 12 / 108 Reykjavík / Sími 534 2727 / alparnir.is

Svíf þú inn í svefninn ...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á [facebook](https://www.facebook.com/rbrum)

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað



Lygileg aðgerð Ísraelsku leyni- þjónustunnar

Stálu leynilegum skjölum um kjarnorkuáætlun Írana

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Eftir margra ára njósnir og eftirlit hófst sex og hálfur klukkustundar löng leynileg aðgerð Ísraelsku leyniþjónustunnar í yfirgefni lagerbyggingu í Teheran í Íran. Þar fundu útsendarar leyniþjónustunnar háleynileg skjöl, teikningar af kjarnorkuvopnum og yfirlit um smygileiðir frá Íran. Þetta hljómar eiginlega eins og söguþráður í James Bond-mynd en þetta er blákaldur raunveruleiki að sögn Ísraelsku leyniþjónustunnar sem skýrði frá aðgerðinni.

Hún fór fram í janúar og skilaði Ísraelskum stjórnvöldum miklu magni af skjölum sem sanna að Íranir hafi árum saman logið að umheiminum um kjarnorkumál

sín og að þarlend stjórnvöld vinni enn að þróun kjarnorkuvopna. Þetta er að minnsta kosti skoðun og túlkun Ísraelskra stjórnvalda á þessum skjölum.

Á fréttamannafundi í apríl lagði Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, þessi gögn fram og sagði að hér væri komið hálf tonn af sönnunum fyrir lygum Írana. Fréttamannafundurinn var í dramatískara lagi og það minnti helst á afhjúpun listaverks þegar Netanyahu svipti svörtu teppi af hillu þar sem margar möppur stóðu í röðum. Þær voru fullar af þessum skjölum að hans sögn en þau höfðu útsendarar leyniþjónustunnar fundið í lagerbyggingunni í Teheran. Nýlega skýrðu nokkrir þeirra sem tóku beinan þátt í aðgerðinni í Teheran síðan frá hvernig þetta fór allt fram

„Einn leyniþjónustumannanna líkti aðgerðinni við söguþráð í bandarísku hasarmyndinni Ocean's Eleven

og hvað var í lagerbyggingunni.

Minnti á bandaríska spennumynd

Einn leyniþjónustumannanna líkti aðgerðinni við söguþráð í bandarísku hasarmyndinni Ocean's Eleven. Aðgerðin hófst 2016 en þá fengu Ísraelsmenn veður af að Íran, í kjölfarið á nýjum kjarnorku-

samningi við Evrópusambandið og Bandaríkin, ætlaði að safna öllum skjölum sínum um kjarnorkuáætlun sína saman og geyma þær á einum stað. Ísraelska leyniþjónustan fór því að fylgjast með Íran til að reyna að hafa uppi á þessum skjölum.

Í janúar 2017 var skjölunum komið fyrir í yfirgefni lagerbyggingu í útjaðri Teheran. Þá hófst undirbúningur að þjófnaði á skjölunum og ekki síður hvernig ætti að koma þeim úr landi. Áætlanagerðin og undirbúningur stóð yfir næsta árið. Það var síðan í janúar á þessu ári sem útsendarar Ísraels brutust inn í lagerbygginguna þegar þeir vissu að engin gæsla var þar. Til að vekja ekki athygli höfðu Íranir ekki sólarhringsvakt í byggingunni en treystu þess í stað á stórt og öflugt öryggiskerfi. Þessu komust útsendarar Ísraels fram hjá og gátu athafnað sig inni í byggingunni. Þar fundu þeir tvo stóra gáma sem innihéldu 32 peningaskápa. Þeim tókst að opna skápana og síðan smygla skjölunum frá Íran eftir leynilegri leið. Af öryggisástæðum vilja Ísraelsk stjórnvöld ekki upplýsa hver sú leið er. Skjölin voru mörg eða um 50.000 síður auk 183 harðra diska.

Sprengjur og tilraunastöðvar

Stór hluti af skjölunum staðfestir það sem Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA) hefur sýnt fram á og haldið fram í gegnum árin um kjarnorkumál Írana. En sum skjölin afhjúpa ýmislegt sem IAEA hafði ekki upplýsingar eða vitneskju um að sögn Ísraelsmanna. Þar má nefna staðsetningu neðanjarðartilraunastöðvar sem sérfræðingar IAEA höfðu lengi leitað að án árangurs.

Auk þess fundu leyniþjónustu-

mennirnir teikningar af sprengjuoddi en Ísraelsmenn telja að Íranir hafi fengið aðstoð erlendis frá við að þróa hann. En það sem Ísraelsmönnum þykir mestur fengur í eru skjöl sem sýna, að þeirra sögn, að klerkastjórnin hefur reynt að halda kjarnorkuáætluninni gangandi eftir að hafa heitið því að láta af henni í kjölfar fyrrgreinds samnings við önnur ríki.

En það er ekki hlaupið að því að staðfesta staðhæfingar Ísraelsmanna. Margir hafa bent á að engar sannanir séu í skjölunum um að Íranir hafi brotið gegn samningum um kjarnorkumál. Írönsk stjórnvöld staðhæfa einnig að það sem Ísraelsmenn segja sé ekki rétt og að allt hafi þetta verið sett á svið til að sannfæra Donald Trump um að snúast gegn Íran áður en hann tók ákvörðun um hvort Bandaríkin myndu draga sig út úr kjarnorkusamningnum við Íran.

Alireza Miryousefi, fjölmiðlafulltrúi sendinefndar Írans hjá Sameinuðu þjóðunum, sagði í tengslum við þessa afhjúpun Ísraelsmanna á gögnunum úr lagergeymslunni að Íranir hafi alltaf sagt skýrt og skörinort að smíði gjöreyðingarvopna gangi gegn öllu því sem landið standi fyrir. Hugmyndin um að Íran myndi geyma viðkvæmar upplýsingar í yfirgefni lagerbyggingu í Teheran væri auk þess svo fátíleg að það væri ekki hægt annað en að hlæja. Þetta væri nánast eins og Ísraelsmenn væru að reyna að komast að því hversu klinkaðar staðhæfingar þeir gætu sett fram og fengið Vesturlandabúa til að trúa.

Ísraelsmenn létu Trump vita af aðgerðinni og þeim gögnum sem þeir komust yfir snemma á árinu en eins og kunnugt er ákvað Trump að draga Bandaríkin út úr samningnum við Írani í maí en forveri hans á forsetastól, Barack Obama, hafði samið við Írani. ■



Dropi af náttúrunni

Kaldunnin þorsklifrarolía
Íslensk framleiðsla

60

120/180

220 ml

„Fyrir mér er Dropi heilindi og lífsorka“

FARTÖLVURÝMING

TÖLVULISTINN



-30.000

ASU-K505ZAB0218T

LÉTT 15,6" VIVOBOK MEÐ
RYZEN 7 OG RX VEGA 10

109.995

~~139.995~~



ASU-E406SAEB094T

NETT MEÐ 14" FULL HD SKJÁ
OG INTEL PENTIUM

54.995

~~69.995~~

-15.000



MSI-9S717C512052

17,3" 120Hz LEIKJAFARTÖLVA MEÐ GTX1070
OG HRAÐVIRKUM INTEL I7 ÖRGJÖRVA

-50.000

319.995

~~369.995~~



ACE-NXH1CED007

HRAÐVIRK MEÐ 8. KYNSLÓÐAR
INTEL OG OPTANE MINNI

-20.000

94.995

~~114.995~~

-15.000



ACE-NXGY9ED010

ÓTRÚLEGT VERÐ FYRIR 15,6" FARTÖLVU
MEÐ RYZEN 3 OG 256GB SSD

69.995

~~84.995~~

MIKIÐ ÚRVAL FARTÖLVA Á RÝMINGARAFLÆTTI!

VERKJALOUS OG BLÓMSTRAR SEM ALDREI FYRR

■ **Alfred Finnogason er ótrúlegur markaskorari**
 ■ **Elskaður og dádur í Þýskalandi**

Hörður Snævar Jónsson
 hoddi@433.is



Alfred Finnogason, framherji íslenska landsliðsins og Augsburg í Þýskalandi, hefur komið til baka eftir meiðsli. Þessi öflugur framherji kom meiddur til baka eftir heimsmeistaramótið í Rússlandi, sem hann lagði allt í sölnurnar til að geta tekið þátt í. Það tók sinn toll, hann missti af fyrstu leikjum Augsburg. Hann varð á dögnum markahæsti leikmaður félagsins í efstu deild Þýskalands.

Alfred er ótrúlegur markaskorari, hann kom til baka hjá Augsburg og skoraði fjögur mörk í tveimur leikjum. Framherjinn var svo á skotskónum fyrir íslenska landsliðið á mánudag þegar hann skoraði magnað mark í leik gegn Sviss í Þjóðadeildinni.

„Það geta allir fótboltamenn tengt við það að vera meiddir, það er leiðinlegi hluti af leiknum og okkar starfi. Ég hef því miður verið of mikið meiddur á þessu ári, þessi fyrri meiðsli, þá var maður að flýta sér of mikið til baka og þá kemur oft eitthvað annað í kjölfarið,“ sagði Alfred þegar DV ræddi við hann í vikunni.

Varð að hvíla eftir Rússland

Alfred hafði mikið glímt við meiðsli fyrir heimsmeistaramótið í Rússland, hann hélt til Mið-Austurlanda til þess að ná mótinu og skoraði fyrsta mark Íslands á mótinu og var öflugur. Það kostaði hann þó fjarveru frá velliðum í nokkra mánuði. „Núna í sumar glímdi ég bara við of mikið af verkjum eftir að hafa verið meiddur í 2–3 mánuði og þurfti að hvíla ef þetta átti að ná að skána. Ég þurfti bara að taka minn tíma. Við settum upp plan sem gekk gríðarlega vel og ég er að spila núna og mér líður vel. Þetta er í fyrsta skipti í leikjum á þessu ári sem ég er eymslaus. Ég hef annars verið meiddur, hálfmeiddur eða ný mættur til baka eftir meiðsli. Það er mjög þreytandi til lengdar að vera í þannig ástandi.“

Meiðsli settu strik í reikninginn

Alfred hefur misst af 35 leikjum með Augsburg eftir að hann kom til félagsins í janúar árið 2016. Hann hugsar nú um að ná heilsu. „Þetta hefur verið svolítið tætt, fyrsta hálfu árið var ég heill og gekk virkilega vel. Tímabilid á eftir var ég frá í sex mánuði, og í fyrra var mitt eina markmið að spila 30 leiki. Fyrri hluti

tímabilsins gekk frábærlega, ég spilaði alla leiki og gekk mjög vel. Svo meiddist ég í tvígang í byrjun árs sem kostaði mig seinni umferðina í deildinni. Markmið mitt er meira í þá áttina að halda heilsu. Alltaf þegar ég hef verið heill hjá Augsburg, þá hef ég verið liðinu mikilvægur og okkur hefur vegnað nokkuð vel.“

Fundur um nýjan samning á næstunni

Alfred á eitt og hálf ár eftir af samningi sínum við félagið. Hann býst við að setjast niður með félaginu á næstunni og ræða framlingingu. „Það er ekki komið svo langt, ég geri ráð fyrir að funda með þeim nú í október eða nóvember. Þá skýrast línurnar, ég er lítið að hugsa um þau mál og einbeitt mér að því að koma til baka, heill

Mögnuð tölfræði Alfreds með Augsburg:

Tímabil	Leikir	Mörk
2018–19	2	4 mörk
2017–18	22	12 mörk
2016–17	13	3 mörk
2015–16	14	7 mörk



heilsu. Njóta þess að spila, þannig áttu þín bestu augnablik, þegar þú ert ekkert að pæla í samningum eða félagaskiptum. Það er gamla góða núðið, þá næst góður árangur. Ef maður er að setja einhverja aukapressu á sig þá finnst mér líkurnar aukast á meiðslum eða gengið verði ekki gott, það er mín reynsla. Ég er í frábæri stöðu hjá Augsburg, alltaf þegar ég hef verið heill, þá hef ég byrjað leiki og notið trausts. Ég kann virkilega vel að meta það.“ ■



Eiður Smári sest á skólabeck



RÁIN
 FERSK OG FALLEG
 ÞJÓNUSTAR
 ÞIG Í MAT OG
 DRYKK

Hafnargata 19a
 Keflavík
 S. 421 4601



■ Eiður Smári byrjaður að læra þjálfarafræðin ■ Hefur lært af þeim bestu

Eiður Smári Guðjohnsen, einn allra besta íþróttamaður sem Ísland hefur átt, hefur nú sest á skólabeck ef svo má að orði komast. Eiður hefur nefnilega á síðustu vikum setið á skólabeck hjá Knattspyrnusambandi Íslands, þar nemur hann þjálfarafræðin. Rúmar tvær vikur eru síðan Eiður tók fyrsta stigið í þjálfarskóla KSÍ, hann var svo aftur mættur um liðna helgi þar sem hann tók næsta stig. Um er að ræða bæði bóklegt og verklegt nám. Hann var í Fífunni um síðustu helgi þar sem Janus Guðlaugsson, frægur kennari í þessum fræðum, var með kennslu. Þar þurftu Eiður Smári og samnemendur hans að taka hressilega á því auk þess sem 6. flokkur karla Breiðabliks mætti á æfingu hjá þeim. Ólafur Ingi Skúlason, sem var lengi liðsfélagi Eiðs í landsliðinu, var einnig á námskeiðinu. Þeir hafa undanfarið einnig vak- ið athygli sem sérfræðingar saman

í sjónvarpi og fengið mikið lof. Framan af ferli Eiðs sem leikmanns þá útilokaði hann alltaf að fara út í þjálfun en það fór að breytast þegar liða tók á ferilinn. „Eftir því sem árin færast yfir mann og þú verður vitrari þá uppgötvar þú hversu mikla reynslu þú hefur og hugmyndir. Hver veit?“ sagði Eiður Smári árið 2015. „Sérstaklega þegar þú horfir til þeirrar kynslóðar af leikmönnum sem við höfum fram að tefla í augnablikinu, yngri landsliðin eru að standa sig virkilega vel þannig að það væri stórkostlegt að gera það í framtíðinni.“ Eiður hefur unnið fyrir marga bestu stjóra í heiminum en þar má nefna Jose Mourinho og Pep Guardiola. Ekki er ólíklegt að Eiður haldi áfram að sækja sér menntun á nýju ári þegar þriðja og fjórða stig KSÍ verður kennt. ■





INFRARAUDUR SAUNAKLEFI

- Hiti 30-75 C (því 60 - 75 er það sem lætur þig svitna)
- 4manna klefi
- Interior Wood: Red |Cedar
- Exterior Wood: Red Cedar
- Power: 2360W
- Infrared Heating Panel
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth
- Spot Light
- 6mm Clear Tempered Glass
- Cabinet Size: 1650x970x780x1900mm
- Feet Heating Panel on floor



INFRARAUDUR SAUNAKLEFI

- Hiti 30-75 C
- 2manna klefi
- Interior Wood: Red |Cedar
- Exterior Wood: Red Cedar
- Power: 1845W
- Infrared Heating Panel
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth
- Spot Light
- 6mm Clear Tempered Glass
- Size: 1200x1050x1900mm
- Feet Heating Panel on floor



INFRARAUDUR SAUNAKLEFI

- Hiti 30-75 C
- 3manna klefi
- Interior Wood: Red |Cedar
- Exterior Wood: Red Cedar
- Power: 2190W
- Infrared Heating Panel
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth
- Spot Light
- 6mm Clear Tempered Glass
- Size: 1500x1050x1900mm
- Feet Heating Panel on floor

FLEIRI VÖRUR MÁ FINNA INNÁ HEIMASÍÐUNNI OKKAR



NUDDBEKKUR

- Ef þú ert mikið fyrir að fara upp á bekk og nudda viðskiptavin þannig þá er þetta bekkurinn fyrir þig því hann tekur það mikla þyngd í vinnu þ.e 340 kg.
- Tekur 340 kg
- Breidd 79cm, lengd 1.84 cm fyrir utan höfuðpúða.
- 7.6cm þykkt með memory foam



SNYRTI OG NUDDBEKKUR


- Tilvalið fyrir Snýrtifræðinginn, Nuddarann, fóttaðgerðafræðinginn og aðra í heilsugeiranum
- Lyftir 202 kg
- Breidd 76 cm án arma
- Rafmagnslyfta á efri og neðri hluta
- Höfuðpúði þar sem andlit fellur inn í fylgir
- Svartir og Beige litaðir



TOGBEKKUR

- Togbekkur sem kemur bakinu þínu í lag
- Togbekkur fyrir hryggjaliðina og bakverki
- Gott við allskyns bakvandamálum
- Losar um stress
- Eikur liðleika og hreifigetu

Sandkorn



Sjálfstæðismenn niðurgreiða kjöt fyrir kommúnista

Tveir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa fundað með Kínverjum og skrifað undir plögg sem hafa þann tilgang að hefja útflutning á lambakjöti til Kína. Lambakjöt er niðurgreitt af ríkinu og þekkt er að það sé niðurgreitt enn frekar til útflutnings. Dæmi eru um að Íslendingar kaupir íslenskt lambakjöt á spottprís erlendis og flytji það með heim.

Nú eru Kínverjar ansi margir og telst mjög hæpið að margir þeirra fái að smakka nýjustu innflutningsvöruna. Yrði það helst elítan. Í Kína tilheyrir elítan Kommúnistaflokknum. Því má segja að Sjálfstæðismenn séu að niðurgreiða kjöt fyrir kommúnista.

Usli í stjórn Miðflokksins

Deilur standa nú yfir um ráðningu á framkvæmdastjóra Miðflokksins. Tilraun var gerð til að fá Grétu Björgu Egilsdóttur ráðna. Hún er fyrrverandi varaborgarfulltrúi Framsóknarflokksins og eiginkona Reynis Þórs Grétarssonar, formanns Miðflokksfélags Reykjavíkur. Í vor var hún ráðin sem kosningastjóri flokksins í Reykjavík.

Olli það kurr þegar ekki fékkst samþykkt fyrir ráðningu Grétu sem framkvæmdastjóra og er staða Reynis nú í óvissu. Líklegt þykir að Linda Jónsdóttir taki við stöðu hans sem formanns félagsins. Hún er eiginkona Baldurs Borgþórssonar, varaborgarfulltrúa og einkabjálfa Sigmondar Davíðs Gunnlaugssonar formanns.



Linda Jónsdóttir
Linda Jónsdóttir
Linda Jónsdóttir

Gullið tækifæri fyrir meirihlutann

Leiðari

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Brággabókhaldað er eins og blanda af grískum harmleik og farsa. Ef það væri sett á svið yrði fullt út úr dyrum í margar vikur enda fær frægasta bókhald Íslandssögunnar fimm stjórnur fyrir vitleysu og brúðl. Þar má lesa um hönnuð sem sat í 1.300 klukkutíma á þrjú ára tímabili að hanna. Þá greiddi Reykjavíkurborg iðnaðarmanni tæplega 500 þúsund krónur fyrir „ýmislegt“. Já, það er ýmislegt hægt að gera fyrir hálfa milljón. Það er alveg nóg af góðum en sorglegum bröndurum inni á milli brúðlsins. En með birtingu reikninganna úr brággabókhaldu hefur almenningur fengið fordæmalaus innisýn í hvað Reykjavíkurborg gerir með útsvar borgarbúa. Dýrastí braggi í heimi er alls ekki fyrsta og eina dæmið þar sem kostnaður fer úr böndunum. Það sem er einstakt við þetta mál er að fjöldi manns innan kerfisins vissi af framúrkeyrslunni en á þessum tímapunkti virðist sem kjörnir fulltrúar hafi ekkert vitað fyrr en það var búið að greiða reikningana. Ef



þetta er allt satt og rétt þá erum við að tala um fjölda manns sem hélt á pólitískri sprengju áður en síðustu sveitarstjórnarkosningar fóru fram.

Líkt og kom fram í leiðara síðasta helgarblaðs hefur borgarkerfið reynt að kæfa þetta mál og það er ekkert sem bendir til þess að það sé að fara að breytast. Borgarlögmaður er ekki að hringja til baka og segja blaðamönnum hvers vegna það tók innkauparáð 14 mánuði að fá álit um hvort samningarnir í kringum braggann stæðust innkaupareglur. Það

er ekki verið að opinbera fundargerðir frá vikulegu fundunum þar sem verkfræðingur var búinn að reikna út kostnaðinn á hverjum tíma. Gleymdu því að einhver fái að vita hverjir höfðu aðgang að þessum upplýsingum.

Þrátt fyrir að allir sem hugsanlega geta borið ábyrgð séu að harðahlaupum undan þessu máli má segja að meirihlutinn í borginni hafi gullið tækifæri í höndunum. Sveitarstjórnarkosningar eru aðeins á fjögurra ára fresti þannig að þau hafa nú meira en þrjú ár til þess að auka

traust á sér og borginni allri. Þrjú ár í stjórn málum er alveg nægur tími til að byggja upp traust og sanna fyrir borgarbúum að það eru kjörnir fulltrúar en ekki kerfið sem ræður ferðinni.

Til dæmis er hægt að koma því þannig í kring að kerfið sé í alvör- unni gegnsætt þannig að borgarbúar geti flett upp í fundargerðum um leið og búið er að skila þeim inn. Í dag virðist það vera þannig að ekki einu sinni borgarfulltrúar vita hvað er verið að sýsla með fjármuni borgarbúa á hinum og þessum fundum.

Það er alveg ótrúlegt að horfa á myndirnar og lesa fréttatilkynninguna þegar braggaverkefnið var kynnt í Nauthólsvík á haustdögum 2015. Síðan þá hefur borist alveg óteljandi fjöldi af jákvæðum fréttatilkynningum. Það kom engin fréttatilkynning þegar verkefnið fór úr böndunum. Miðað við það sem á undan er gengið þá eykst traustið ekki með því að birta fleiri myndir af skóflustungum, undirritun samninga eða borðaklippingum.

Meirihluti Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna getur svo auðveldlega snúið þessu við. Nú eru þau líka með fleiri borgarfulltrúa sem geta þá farið í að skoða og leggja pólitískt mat á hvað borgarkerfið er að gera. Braggamálið hefur orðið til þess að aðrar framkvæmdir á vegum borgarinnar og annarra sveitarfélaga fara undir smásjá. Það munu koma upp erfið mál og ef það á að halda áfram að hlaupa í vörn þá eru þeim mun meiri líkur á að meirihlutinn fái reisupassann í næstu kosningum. ■



„En Dohop sagði mér að það væri þetta eða að fljúga með Primera Air!“

Spurning vikunnar

Hvað myndir þú nota braggapeninginn í?



„Nota þá í góðgerðarstarfsemi“

Ríkey Beck



„Ég myndi setja þá í verkamannabústaði“

Finnboði Laxdal Finnboðason



„Að minnsta kosti ekki í að gera upp bragga“

Páll Guðnason



„Margt. Helst til barna, leikskóla og eftirlaunaþega“

Munda Jóhannsdóttir

LION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili
JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

MYNDIR/HANNA

Emmsjé Gauti er nýr maður

- Kynntist fyrst íslensku rappi í gegnum skátana
- Rangt að kenna rappinu um eiturfjafaraldurinn

Akureyringurinn og Breiðhýltingurinn Gauti Þeyr Másson, betur þekktur sem Emmsjé Gauti, hefur verið einn allra vinsælasti rappari landsins um árabíl. Listamaðurinn hefur sópað til sín tilnefningum og verðlaunum fyrir lög sín og plötur og hafa fáir listamenn í íslensku rappsenu komist með tærnar þar sem Gauti hefur hælana.

Tómas Valgeirsson
Guðni Einarsson
tomas@dv.is / gudnieinarsson@dv.is



Það hefur tekið listamanninn tíma og metnað að komast á þann stað sem hann er á í dag en hann hefur sent frá sér fimm breiðskífur og yfir tuttugu smáskífur. Á leiðinni hefur hann lent í ýmsum uppákomum. Fimmta breiðskífa kappans leit dagsins ljós fyrr í vikunni undir heitinu FIMM. Sjálfskoðun og aðra upplifun á sjálfum sér segir Gauti hafa valdið því að platan hafi orðið rólegri og farið í aðra átt en þær fyrri. Gauti er með mörg járn í eldinum þessa dagana en hann vinnur nú að opnun nýs veitingastaðar í vesturbæ Reykjavíkur, útgáfutónleika á Akureyri og jólatónleika í Gamla bíói.

DV ræddi við Gauta í einlægu við tali um upprunann, ferilinn, eiturfjafvanda ungs fólks og árás sem hann varð fyrir eftir tónleika á Prikínu.

Lagði sig og missti vinnuna

Byrjum á byrjuninni. Hvar ertu alinn upp?

„Ég er fæddur á Akureyri og bjó þar fyrstu þrjú ár ævinnar. Ég segist stundum vera Akureyringur þegar það hentar, alveg eins og ég segist vera úr Breiðholti þegar það hentar. En ég er alinn upp í Breiðholti og mitt heimahverfi er Seljahverfið, þó svo að hjartað sé alltaf fyrir norðan líka.

Foreldrar mínir voru einhvern tímann saman en það var ekki á mínu æviskeiði. Ég hef alltaf litið ótrúlega mikið upp til þeirra varð-

andi hvað þau hafa haldið frábæru sambandi. Það var bara tekinn ákvörðun þeirra á milli um að annað gengi ekki, en þannig á það líka að vera. Það kennir manni að kyngja egóinu, stoltinu og gera hvað sem þarf fyrir börnin.“

Hvað tók við eftir Seljaskóla og hvar varstu að vinna á yngri árum?

„Ég var í Seljaskóla og hætti í tíunda bekk. Ég tók eina önn á listnámsbraut í Fjölbautaskólanum í Breiðholti en gafst fljótt upp á því. Þá fór ég eina önn í bakarann og kokkinn í Menntaskólanum í Kópavogi. Það var eitthvað voðalega kósi við það að geta bakað fyrir sjálfan sig, þangað til að ég áttaði mig á því hvernig vinnutími bakarans er. Bakarar vinna alltaf snemma alla morgna á meðan kokkurinn er að langt fram eftir kvöldi, þess vegna hraktist ég úr því. Eftir þetta tók ég mér pásu og fór að vinna. Ég fór að ferðast, vinna í hinu og þessu og fann að ég var ekki tilbúinn til þess að mennta mig á þessum tíma.

Í níunda og tíunda bekk tók ég unglingavinnuna og vann síðan í fatabúðum. Svo fór ég að fylla gaskæla fyrir Vífilfell og malbikaði eitt sumar. Ég man líka að ég

vann aðeins í Húsasmiðjunni áður en ég var rekinn.“

Afhverju varstu rekinn?

„Ég vann þarna með Kidda, vini mínum, og ég man alltaf að við vorum reknir með viku millibili. Hann sofnaði í baðkari og ég sofnaði uppi á borði. Ég var reyndar líka rekinn hjá Vífilfelli. Ég var mættur í eina Bónusverslunina til að fylla á en ákvað að leggja mig í einni hillunni fyrir opnun. Þá sofnaði ég og vaknaði eftir opnun. Það var klögu-skjóða í búðinni sem lét yfirmann minn vita og þannig missti ég þá vinnu. Svo fór ég að vinna aftur í fatabúð og held að ég hafi staðið mig ágætlega þar. Síðan fór ég að vinna aðallega á veitingastöðum og börum þangað til ég hætti að vinna svona störf og sneri mér að músík.“

Líður eins og ketti

Þegar þú ert að finna sjálfan þig sem tónlistarmann á þessum árum, hvernig gerist það að henda sér út í þennan bransa frá byrjunarreitnum?

„Þetta var rosalega langur tími. Ég byrja að semja tónlist ungur og þá var engin regla á þessu. Ég byrjaði að semja eitt og eitt lag

„Tímarnir voru öðruvísi þegar ég var yngri og graðari

og kom því frá mér. Þá var helsta „platformið“ að gefa þetta út á Huga.is eða Hiphop.is. Ég spilaði mikið í Norðurkjallaranum og á félagsmiðstöðvum og slíkum stöðum. Það var 2007 þegar ég byrja í hljómsveit sem heitir Skábræður. Þá fór ég að sýna þessu meiri áhuga og fann fyrir því að mig langaði að gera tónlist. Stefnan var svo sem ekki að gera þetta að neinni atvinnu, ekki fyrr en ég fór að vinna sóló. Ég var meira að segja í annarri hljómsveit inni á milli á þessum tíma sem heitir 32c, árið 2008. Svo í kringum 2009–2010 hóf ég sólóverkefnið mitt og fann að ég vann miklu betur einn.

Það er frábært að kynnast öðru fólki og vinna með því, en ég er eins og köttur. Mér finnst þægilegra að fara mínar eigin leiðir



Á mínum tíma var maður stimplaður dópisti fyrir það eitt að fá sér jónu

hyldýpi af djamm, því skemmtanahald – eins og allt annað – verður rosalega þeytt ef þú ert alltaf í þeirri senu.“

Undanfarið er búin að vera mikil umræða um lyfseðilsskyld lyf, sem hafa verið mikið tengd við tónlistarsenuna. Hvað finnst þér um slíkt?

„Ég held að það sé rangt að benda á hiphopp-senuna sem einhvern blóraböggul í þessum málum. Hins vegar er þetta mjög alvarlegt mál og ástandið sem er í gangi í dag er vissulega hræðilegt. Það eru prósentur og dauðsföll sem sýna fram á að neyslan er miklu þyngri hvað varðar svona óþjóð. Þetta þekktist ekki þegar ég var krakki, ég tók allavega ekki eftir því. Á mínum tíma var maður stimplaður dópisti fyrir það eitt að fá sér jónu. Það er miklu meira umburðarlyndi gagnvart lyfseðilsskyldum lyfjum, en staðreyndin er sú að þetta fylgir öllum senum, hvort sem þú ert í rokki eða jakkafataklæddur maður á sinfóniútónleikum eða húsmóðir í Breiðholti. En það er ótrúlega auðvelt að ráðast á toppinn.“

Hiphopp er mest áberandi tónlist sem er í gangi í dag. Ég held að það sé nauðsynlegt fyrir okkur sem fyrirmyndir að upphafa ekki eiturlyfjafnotkun. Við erum kannski ekki sjálfskipaðar fyrirmyndir en við erum vissulega fyrirmyndir. Hins vegar stend ég báðum megin við línuna, því mér finnst líka mjög skrítið að ritskoða svona hluti. Poppkúltúr endurspeglar náttúrulega bara samfélagið í heild sinni. Það þarf að ráðast að rót vandans og velta því fyrir sér hver er að uppáskrifa þessi lyf, af hverju er verið að uppáskrifa þessi lyf og í hvaða tilgangi?

Ég hef átt þetta spjall við yngri gaura í senunni sem eru meðvitaðir um þetta líka. Mér finnst nauðsynlegt að tala um eiturlyf og eiturlyfjaneyslu, en þá þarf einnig að sýna dimmu hliðarnar á því. Það þarf að sýna að þetta sé ekki alltaf gott parti og stanslaust stuð.

Gott dæmi finnst mér vera nýjasta plata Gísla Pálma, þar sem hann fer yfir sinn lífsstíl en kemur líka inn á það hvernig hann glímir við eigin djöfla. Ef hægt er að tala um þetta á tvo vegu, þá finnst mér það réttlæta að tala um lyfin á annan hátt líka. Þetta er viðkvæmt mál og mér finnst erfitt að tala um þetta, því mér líður svo oft eins og það þurfi svo lítið til að segja eitthvað sem mun stuða eða særa einhvern. Mín skoðun er allavega sú, þangað til einhver breytir henni, að hræðsluáróður virkar ekki frekar en að öskra á fólk. Það er að koma breyting smátt og smátt en auðvitað fátíðlegt að benda á fíkla í einhverju glæpamannasamhengi.

Umfjöllun um neyslu talar yfirleitt um lokastigið á neyslunni, sem færri tengja sig við. Meira að segja lið sem fiktur við sína fyrstu pillu hugsar aldrei: „Ég mun enda eins og þessi þarna“, þannig að ég held að hræðsla í gegnum ferlið sé aðal skaðaminnkunin sem gæti átt sér stað.“



Gauti hætti í matreiðslunámi sökum vinnutímanna.

Reynir að sigta út það vonda

Nú átt þú tvö börn. Finnst þér þú hafa breyst mikið með tilkomu dætra þinna?

„Ég held að það sé algjör klisja að maður breytist við að eignast börn, en hugsunarhátturinn breytist auðvitað. Ég geri ekki sömu heimskulegu hlutina og áður en ég varð pabbi. Ég finn fyrir þessu þegar ég sem texta í dag. Ekki það að ég skammist mín fyrir fortíðina en föðurhlutverkið hvetur mig meira til þess að horfa inn á við og spyrja sjálfan mig: Hver er ég og hvaða arfleið er ég að skilja eftir fyrir dætur mínar?

Staðreyndin er samt sú að þú verður að þroskast þegar þú eignast barn. Það er líf í höndunum þínum sem þú verður að sjá um. Ég veit auðvitað ekkert hvað framtíðin mun bera í skauti sér en mér finnst nauðsynlegt að vera heiðarlegur og segja hvernig líf mitt var, að reyna að sigta út vondu hlutina og kenna börnunum að gera betur. Ég held að þar liggja aðalbreyttingin.“

Ef þú myndir skjóta á einhverja tölu, hvað heldurðu að þú sért búinn að taka mörg gigg?

„Í heildina? Ef ég ætti að giska á einhverja tölu, myndi ég skjóta á tvö þúsund tónleika. Sem dæmi spilaði ég á 140 tónleikum árið 2017. Þá er ég að tala um allt, þótt ég hafi komið einu sinni fram og tekið eitt lag. Oft hef ég spilað fjórum eða fimm sinnum á kvöldi, sem er náttúrulega ruglað.“

Hvert var eftirminnilegasta giggjið?

„Það eru tvö gigg sem koma upp í hugann. Annars vegar er það Rímnaflæði 2002, sem markaði fyrsta skiptið þar sem ég kem fram fyrir framan fólk. Það stóð að sjálfsögðu upp úr af mörgum ástæðum og situr í mér. Það var þess valdandi að ég ákvað að halda áfram í tónlistinni. Síðan eru það útgáfutónleikarnir sem ég hélt árið 2016, fyrir Vagg og veltur. Þá leigði ég skemmtistaðinn NASA og bjó til sérstakt svið í miðjunni á salnum þar sem ég spilaði í fjórar áttir í boxhring. Það var mjög metnaðarfullt verkefni sem vekur upp góðar minningar.“

Eltur heim af óðum aðdáanda

Gerist það oft að aðdáendur reyni að ná samband við þig í síma eða er fólk að koma heim að dyrum hjá þér?

„Krakkarnir í hverfinu eru stundum að banka upp á og eiga það til að gera dyraat. Fólk gerir líka símahrekkir af og til, en ég finn fyrir því að kjarnahópur aðdáanda er rosalega næs og virðingarfullur hópur. Það er fólk sem er ekki mikið að betla ljósmyndir og virðir einfaldlega tónlistina. Ég upplifi það þannig að það sé ekki vandamál að vera þekkt andlit á Íslandi fyrir en fólk er komið í áfengið.“

Hefur þú lent í mörgum grilluðum uppákomum frá aðdáendum?

„Hiklaust, alveg ótal mörgum. Sem dæmi lenti ég einu sinni í strák á Prikinu sem var greinilega aðdáandi. Þá var ég ekki alveg í stuði til þess að tala við fólk en hann var alveg ofan í andlitinu á mér og vildi segja mér frá hugmyndum um lög. Ég bað hann um að fara en hann vildi það ekki og var á endanum orðinn óþolandi. Þá bað ég dyravörðinn um að fylgja honum út og hélt að allt væri búíð. Síðan gerðist það eftir kvöldið að hann elti mig heim og réðst á mig, þegar ég var rétt ókominn í Vesturbæinn. Ég hafði seinna samband við þennan strák og talaði við hann. Þá sá hann rosalega eftir þessu en talaði um hvað honum sárnaði mikið að ég hefði sýnt honum svo mikla óvirðingu. Hann hefur verið drukinn og í einhverju ruglástandi.“

Ég mæli samt með að fólk fhuigi hvort það sé að ráðast á persónulegt svæði annarra, sérstaklega ef það er komið í glas. Þetta á ekki bara við um þá sem eru frægir. Það eru ekkert alltaf allir til í spjall. Ég er til dæmis viss um að sjónvarpskaraktarar, sem vinna við það að vera skemmtilegir í sjónvarpinu, lendi mikið í því að aðrir búist við því að þeir séu alltaf í stuði. Maður verður eitthvað svo brenglaður þegar allt gengur rosavel og þegar allir eru alltaf að segja manni hvað maður er flottur. Það er allt í gangi og fólk er endalaust að hrósa manni, þá á maður það til að fela sig á bak við það og gleyma alvöru manneskjunnar.“

Fylgir annarri stefnu en áður

„Segjum að ég fari grátandi eða leiður upp á svið, þá þarf ég að hrista það af mér með einhverri grímu, því fólk vill að þú sért alltaf í stuði. Þessi texti snýst um mig að „feisa“ sjálfan mig. Ég fann einhvern glugga og ákvað að rífa sjálfan mig aðeins niður. Mér ▶

og fá að stýra eigin verkefnum. Þegar við erum þrír í hljómsveit getur verið erfitt að taka ákvarðanir. Upp úr 2011 fæ ég í fyrsta sinn athygli í fjölmiðlum. Þegar Skábræður seldu plötu í 200 ein-tökum í Smash fann ég alveg fyrir því að fjöldi fólks var að hlusta og kannaðist léttilega við mann, en þegar ég gaf út sólplötuna fóru hjólin að snúast. Þegar ég gaf út aðra breiðskífu mína árið 2013 og fékk góða dóma fór ég að finna fyrir því að fólk sýndi „live-settinu“ mínu áhuga. Þá var ég að vinna á Dolly og í útvarpinu en ég var farinn að finna mig rosalega fljótt á sviði. Þá var ég farinn að snúa mér alfarið að tónlistinni.

Þetta var líka farið að bitna mikið á vinnunni. Ég vann um kvöld og var alltaf að biðja um frí. Ég prófaði að hætta í vinnunni í tvo mánuði og hugsaði að ég kæmi þá bara aftur ef þetta gengi ekki upp. En enn í dag hef ég ekki snúið til baka. Þegar ég tók ákvörðunina um að þetta væri vinnan mín, að geta vaknað á morgnana og hugsað „Ég er tónlistarmaður“, þá fór ég að vinna í efninu mínu og spilaði mikið til að koma mér á framfæri. Smám saman var komin einhver létt athygli en þegar ég gaf út

Strákana, mína fyrstu alvöru smáskífu, sem ég fann að allir höfðu heyrt, var þetta alveg neglt.“

Hyldýpi af djamm

Nú er tónlistarsenun þekkt fyrir mikið djamm. Hvernig er að vinna sem tónlistarmaður og vera í kringum allt þetta skemmtanalið?

„Það þarf auðvitað að átta sig á því umhverfi sem maður spilar í. Ég er sáttur við hvað tilhlaupið að mínum ferli tók langan tíma. Þegar ég var farinn að „meika“ það, þá var ég búinn að sýsla í þessu svo lengi að ég kunni vel við að vera kominn þá leið. Það er vissulega mikið um djamm og partístand í þessu, sérstaklega þegar þú vinnur í rauninni við að halda parti og skemmta fólki. Mér finnst reyndar persónulega miklu skemmtilegra að halda tónleika en að spila á djamm. Það fylgir þessu alltaf að fólk fær sér glas á börum og þvíumlíkt en í dag finnst hef ég ekkert sérstaklega gaman af að spila klukkan þrjú að nóttu til. Tímarnir voru öðruvísi þegar ég var yngri og graðari, en nú er það aðeins öðruvísi. Það þarf voðalega mikið að passa það að sogast ekki inn í eitthvert



Rapparinn kann betur við að halda tónleika en að spila á djamma.

Föðurhlut- verkið hvetur mig meira til þess að horfa inn á við

fannst það meira að segja örlítið óþægilegt. En þessi plata er svolítið merki um það. Hún er rólegri og fylgir annarri stefnu en því sem ég hef verið að sinna, en það er líka vegna þess að ástandið á mér hefur verið öðruvísi en áður.

Ég vil líka hvetja fólk til þess að vera ekki feimið við að gagnrýna plötuna mína. Mér finnst alltaf gaman að fá uppbyggilega gagnrýni og mér finnst eiga að vera meira af henni í samfélaginu. Ég á mér nokkra beinskeytta vini sem ég leita alltaf til þegar ég gef út efni. Mér finnst auðvitað gaman að fá hrósið en ég vil endilega vita hvað þeim fannst mega fara betur. Þetta snýst ekki um að vera dónalegur og ég er mögulega að kasta steinum úr glerhúsi, því ég hef sjálfur tekið fólk fyrir í fjölmiðlum og drullað yfir það.

Er eitthvað sem fólk veit ekki um þig?

„Það er eitt sem mér finnst frekar nett. Þegar ég var í skátunum á unga aldri var ég í frímerkjaklúbb, að æfa skák og var

í fimleikum. Allt þetta á svipuðum tíma, en það skemmtilega var að ég kynntist fyrst íslensku rappi í gegnum skátana. Ég var í skátaútleigu og þá voru spilaðar Skyttur, það var gott móment.“

Færðu einhvern tímann á tilfinninguna að hipphopp-senan sé búin að ná hámarki?

„Ég hélt að hún hefði náð hámarki fyrir fjórum árum, en hvað var rokk og ról lengi á toppnum? Þetta er náttúrulega sena sem talar til ungs fólks og út frá því smitar það yfir í aðra aldurshópa líka. Það er ekki hægt að skilgreina rapp sem bara rapp, því þetta er svo fáránlega vítt hugtak. Mér finnst vera jákvæð þróun varðandi að það er auðveldara fyrir ungt fólk að koma sér á framfæri í dag en það var þegar ég byrjaði. Samfélagsmiðlar eru eflaust stærsti þátturinn í því. Tónlist hljómar líka almennt betur í dag en áður. Það má segja að versta tónlistin í dag hljómi eins og besta tónlistin sem við vorum að gera, því við vorum ekki með upptökugræjur.“

Drakk fullmikið af jólaglögginu Trúir þú á Guð?

„Nei, ég get ekki sagt það. Ég get heldur ekki sagt að það sé ekki neitt til. Það er jafnvitlaust að segja að það sé ekki til neinn Guð. Við höfum ekki hugmynd, en ég er ekki trúður.“

Í fyrra seldist upp á sjö sýningar á Julevenner, en þeir tónleikar hófust sem brandari. Hvernig

verður nálgunin í ár?

„Við tókum fljótt þá ákvörðun um að festa okkur ekki í sömu hjólför og síðast. Þú ferð ekki og segir sama brandarann aftur, sama hversu ógeðslega fyndinn hann er. Það er í eðli sínu fáránlegt að ég skuli halda jólatónleika og þetta var ógeðslega fyndið í fyrra. En allir listamennirnir sem koma fram eru fólk sem ég virði rosalega, en þetta er ótrúlega sérstök blanda. Emmsjú Gauti og Sigga Beinteins hljómar ekki alveg eins og dót sem þú myndir flokka saman í samstæðuspili og það eru allir meðvitaðir um það. Þetta er ákveðin jólakómík og meiri sýning en hefðbundnir jólatónleikar. Þetta eru í raun meira venjulegir tónleikar heldur en jólatónleikar. Þú getur gert allt jólalegt bara með því að setja skraut á sviðið.“

Og það er jólaglöggið í boði og svona?

„Já, að sjálfsgöðu. Það er allur pakkinn þarna. Í fyrra vorum við með lúðrasveit sem tók á móti gestum, og mandarínur, konfekt og fullan jólasvein. Strákurinn sem lék jólasveininn í fyrra drakk aðeins of mikið af jólaglögginu. Rauði þráðurinn í gegnum þetta var að gera eitthvað sem okkur fannst fyndið. Þetta má samt ekki heldur vera of mikið glens, en aldrei of alvarlegt. Glætan að ég nenni að sitja sjálfur á jólatónleikum þar sem eru eingöngu spiluð jólalög.“ ■

SKILTAGERÐ



BÍLAMERKINGAR



BANNER-UP



SÓLARFILMUR



Ráðgjöf
Hönnun
Framleiðsla
Uppsetning



Sundaborg 3 - 104 Reykjavík - 777 2700 - xprent@xprent.is



ÚRVALIÐ ER HJÁ **prima**



BARKING HEADS MEOWING HEADS



DÝRABÆR
- fyrir dýrin þín

Dýrabær • Smáralind • Kringlan • Krossmói Reykjanesbæ • sími 511-2022 • www.dyrabaer.is
Nú einnig á Akranesi



ÞEGAR FAZMO OG KALLARNIR ÁTTU ÍSLAND

■ Ráku vefsíður ■ Vöðvar, brúnka og kynhárasnyrting ■ Áflog og læti

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Fyrr um þrettán árum voru tvær strákaklíkur áberandi í íslenskum fjölmiðlum. Annars vegar fjölmenn klíka upprunnin úr Fossvogshverfinu sem kallaðist Fazmo. Hins vegar gengið Kallarnir og komu flestir þeirra úr Kópavoginum. Báðar klíkurnar héldu uppi heimasíðu og gengu pillurnar á milli þeirra.

Fazmo annáluð fyrir ofbeldi

Fazmo-klíkan taldi um tuttugu meðlimi en tveir þeirra voru mest áberandi; Ingvar Þór „Bleiki“ Gylfason og Hallgrímur Andri Ingvarsson, betur þekktur sem Bronsmaðurinn. Sáú þeir um heimasíðuna sem hélt utan um hópinn, fazmo.tk og síðar fazmo.is.

Það eru nú einhverjir sem ætla að taka þetta í fjarnámi en ýmsir áfangar eins og til dæmis RÚM 102 eru verklegir

Fljótlega varð klíkan alræmd fyrir ofbeldismál sem upp komu. Eitt málið kom upp um miðjan apríl árið 2005 vakti mikla athygli en einn af þeim sem varð fyrir bardinu á Fazmo-mönnum þá var Nökkvi Gunnarsson, knattspyrnumaður og kylfingur.

Ofbeldisklíka hrósar sér af blóðugum misþyrmingum

Vitni að rveimur hrotalegum líkamsárásrum, sem áttu sér stað fyrir utan Hverfisbarinn um helgina, segjast hafa óttast um líf félagarabanna. Þeim hafi óþobóð aðfarirnar sem hafi átt efa ógnað lífi þeirra sem fyrir þeim urðu. Vitnin segja ástírnar hafa verið tilfelliðslasar með öllu og ofsinu í ástírnarminum harkalegt.

Sandkveit hrimdúkan DV voru ofbeldismennirnir láti af stóran hléa munnna sem grógar stólar höllu um Fazmo. Margir meðlimar hópsins munnna vera þekktir ofbeldismenn. Einn aðalþráttur Fazmo-hópsins er Hallgrímur Andri Ingvarsson en hann hefur náð áttum í öðru líkamsárásarmáli þar sem hann er krafinn um fjórtán milljónir króna í skadebætur af líkamsárásinni.

Hópsinn var á leið inn á Hverfisbarinn þegar áttán á laugardaginn hófust upp. Hallgrímur er og nær við það aðstoðar málkennar líkaga útra. Högg og spórk voru láta dýrta á munninn þar sem hann lá í jörðinni, bjargarlaus gegn svo mörgum árásmönnum.



Fazmo Oft í fréttum í tengslum við ofbeldi.

Í DV 19. apríl það ár segir að Fazmo-menn hafi staðið í röð fyrir utan skemmtistaðinn Hverfisbarinn og viljað troða sér fram fyrir. Þegar einn í röðinni mótmælti réðust þeir að honum nokkrir saman.

„Högg og spórk voru látin dynja á manninum þar sem hann lá í jörðinni, bjargarlaus gegn svo mörgum árásmönnum.“

Nökkvi gekk á milli en þá var ráðist á hann. Hann sagði:

„Ég gat bara ekki horft upp á þessa stráka drepa manninn. Ég fékk örugglega hátt í tuttugu spórk í höfuðið.“

Eftir þetta montuðu Fazmo-menn sig á heimasíðu hópsins. Þegar á leið og orðspor Fazmo var orðið sírt reyndu leiðtogarnir að breyta ímyndinni og fjarlægjast ofbeldið.

Dabbi Grensás lamdi Sveppa


Einn þekktasti meðlimur Fazmo var Davíð Smári Helenarson, betur þekktur sem Dabbi Grensás. Davíð hefur fengið margar kærur á sig fyrir líkamsárásir í gegnum tíðina og dóma, síðast árið 2011. Leiðtogar Fazmo vissu af hegðun Davíðs þegar hann kom inn í hópinn en í upphafi árs 2006 kom upp atvik þar sem hann lenti utangarðs í hópnum.

Þá sló Davíð Sverri Þór Sverrisson, eða Sveppa, í andlit og þurfti hinn síðarnefndi að leika Kalla á þakinu með glóðarauga í Borgar-leikhúsinu. Davíð hringdi í kjölfarið í Sveppa og baðst afsökunar og var árásin ekki kærð.

Ingvar og Hallgrímur tóku hins vegar svo kallað áskorunarhorn Davíðs út af heimasíðu sinni tveir.is þar sem þeir voru orðnir langþreyttir á að hópinn væri bendlaður við ofbeldisverk. „Sumir læra einfaldlega seinna en aðrir,“ sögðu félagarnir.

Mála og selja fæðubótarefni

Margir meðlimir voru í Fazmo-



Sveppi og Nökkvi Lentu illa í Fazmo mönnum.

klíkunni og má þar nefna Georg Zankovic, kallaðan Montana, Geir Elí Bjarnason, eða Geira GTI, og Guðmund Borgar eða Gullmolann. Einn meðlimur Fazmo, Helgi Þór Másson, kallaður Helgi Weekend, lést langt fyrir aldur fram árið 2008.

Eftir að klíkan leystist upp héldu Ingvar og Hallgrímur samstarfinu áfram og komu upp vefveldi. Ráku þeir djamm-, leikja- og tenglasíður á borð við pose.is, leikjaland.is, tveir.is og 69.is. Einnig voru þeir með útvarpsþátt á stöðinni Flass 104,5.

Ingvar er verkfræðingur, crossfit-þjálfari og sjálfmenntaður málari sem nýlega komst í fréttirnar fyrir að gefa ljósmæðrum málverk eftir að barn hans kom í heiminn.

Hallgrímur Andri hefur komið víða við í viðskiptalífnum. Meðal annars hefur hann rekið heilsulindina Fish Spa Iceland, þar sem fiskar narta dauða húð af fótum viðskiptavina, og Sportlíf í Glæsibæ sem selur fæðubótarefni og fleira.

Kallarnir „sprengdu í kellingar“

Vefsíðan kallarnir.is var opnuð um áramótin 2003/2004 og vakti strax mikla athygli, sérstaklega færslur leiðtogans Egils „Gillzeneggars“ ▶

BORÐPLÖTUR & SÓLBEEKKIR



Fanntófell

Gylfahlöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is

Villi WRX
Meikóver í
beinni.VILLI WRX TÓK MIKLUM
BREYTINGUM UNDIR
HANDLEIÐSLU EGILS
GILLZENEGGERS.Hjörvar Hafliðason
Segir Dengsafrasa
koma sterka inn í sumar.

Hjörbi Ká Fórnaði Köllunum fyrir knattspyrnuna.

Einarssonar. Á síðunni var ungum mönnum kennt ýmis fræði, til dæmis hvernig ætti að viðhalda brúngu, snyrta á sér kynhárin og hvar best væri að fá sér strípur í

hárið. Þegar Fazmo kom fram á sjónarsviðið gengu pillur á milli meðlima hópanna á spjallsvæðunum þar og talað um áflog í nokkur skipti.

Sveinn
Atli Diego
„Ég leggst á
bakið og þú
verður þakið“Dabbi Grensás Kýldi Sveppa og badst
afsökunar.Hallgrímur
og Ingvar
Leiddu Fazmo
klíkuna í gegnum
ólgu sjó.

kom sér vel fyrir knattspyrnuferilinn.

Fleiri nafntogaðir Kallar voru Magnús „Skítugur“ Gunnarsson, Kristján Óli Sigurðsson, kallaður Rúnkarinn, og Vilhjálmur Árni Sveinsson, eða Villi WRX. Að gera Villa að „kalli“, vöðvastæltum og tönuðum, var tilraunaverkefni Egils sumarið 2005. Lesendur kallarnir is gátu fylgst með „meikóveri“ Villa sem í dag er þjálfari hjá Haukum.

Cosmo Crew kom of seint

Margir halda að Fazmo og Kallarnir hafi setið einir að borðinu en það er ekki rétt. Þriðja klíkan, Cosmo Crew, tók til starfa í kringum áramótin 2006 en náði þó ekki sömu hylly og þær fyrrnefndu. „Cosmo Crew cumin thru“ voru einkunnarorðin og var heimasíðan mjög í anda Fazmo og Kallanna.

Forspraki og að því virðist eini meðlimur Cosmo Crew, var Sveinn Atli Diego sem þá var keppandi í Herra Ísland og skólustjóri Metróskólans. Í þeim skóla var lúðum kennt að verða hörkufolar í áfangakerfi. Í samtali við DV 3. febrúar árið 2006 sagði hann:


„Það eru nú einhverjir sem ætla að taka þetta í fjarnámi en ýmsir áfangar eins og til dæmis RÚM 102 eru verklegir.“

Þá kenndi hann einnig línur til að ná í „prinsessur.“ Ein þeirra hljóðaði svo: „Ég leggst á bakið og þú verður þakið.“ ■

EIGUM MARGA
LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR
& UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR
ÍSLENSKT VEÐURFAR



Nánari upplýsingar á
mt.is og í s: 580 4500

MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST

Gerid gæða- og verðsamanburð

Sofðu betur á BODYPRINT®

vefverslun
svefnogheilsa.is



BODYPRINT
X Reverie

Stillanlegt hjónarúm

Reverie 7S með Bodyprint heilsudýnum
Allar nánari upplýsingar á www.svefnogheilsa.is



12 mán.
VAXTALAUSAR
GREIÐSLUR

Svefn & heilsa
★★★★★

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFN & HEILSU Skv. Gallup

Umboðsaðilar: Húsgagna- Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

skemmtilegu tómstundatækin í Pingpong



„EIT ÞAÐ JÁKVÆÐASTA SEM FÓLK SÉR VIÐ ÞESSI TÆKI ER AÐ ÞAU FÁ KRAKKANA FRÁ TÖLVUSKJÁNUM OG TIL AÐ HREYFA SIG.“
SEGIR SIGURÐUR VALUR SVERRISSON, EIGANDI VERSLUNARINNAR PINGPONG.IS EN ÞAR ER MIKIÐ ÚRVAL AF KLASSÍSKUM TÓMSTUNDATÆKJUM, TIL DÆMIS BILLJARDBORÐ, BORÐTENNISBORÐ, PÍLUKASTSVÖRUR, FÓTBOLTASPIL OG ÞYTHOKKÍBORÐ. MÖRG AF ÞESSUM TÆKJUM HENTA VEL Í BÍLSKÚRINN EÐA SUMARBÚSTAÐINN OG ÞEIM FYLGIR ALLT SEM ÞARF TIL AÐ STUNDA ÞESSA LEIKI,

SVO SEM SPAÐAR OG KJUDAR.
HÉR GEFUR AÐ LÍTA NOKKUR DÆMI UM FRÁBÆRLEGA SKEMMTILEG TÓMSTUNDATÆKI ÚR PINGPONG EN ÞAÐ ER UM AÐ GERA AÐ KOMA Í BÚÐINA OG SKOÐA ÚRVALIÐ BETUR. PINGPONG.IS ER TIL HÚSA AÐ SÍÐUMÚLA 35 (GENGIÐ INN AÐ AFTANVERÐU). VERSLUNIN ER OPIN VIRKA DAGA FRÁ KL. 12.30 TIL 18. SÍMANÚMER ER 568-3920 OG NETFANG PINGPONG@PINGPONG.IS. VEFSÍÐA ER Á SLÓÐinni PINGPONG.IS.

Led húsnúmer

Sérsmíðum númer á öll hús · sendu okkur mynd þegar þú ert búinn að setja þitt húsnúmer upp

- Ledlýsing sem endist og eyðir litlu rafmagni
- Hægt að fá í lituðu áli eða ryðfríu stáli
- Verið velkomin á facebooksíðu okkar: Led húsnúmer

Best er að panta í gegnum facebooksíðuna okkar.
Einnig hægt að hringa í sími 789 3010

Lýstu upp myrkrið

19. október 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sværissón / agustb@dv.is



ZOLO & CO.:

Vörur sem hreinsa loftið og fegra umhverfið

Ilmoliulampar eru allt í senn rakatæki sem hreinsa loftið, ilmgyfjar ef vill, einnig eru þeir jónatæki og senda frá sér svokallaðar negatífar jónir sem hafa, þrátt fyrir nafnið, jákvæð áhrif á líðan fólks. Þetta er ekki ósvipuð upplifun og að standa nálægt fossi eða í flæðarmálinu niðri á strönd. Verslunin Zolo & Co. er með mikið úrval af ilmoliulömpum með margbreytilegu útliti en sambærilega virkni. „Munurinn á lömpunum er útlitið og misstórir vatns-tankar, en stærð vatns-tanksins ræður því hvað lampinn gengur lengi í einu. Maður einfaldlega setur vatn í lampann og síðan er hægt að bæta við ef vill ilmoliu eða ilmkyrnalíu að eigin vali, en við erum með gríðarlegt úrval af olíum,“ segir Sunna Dís Ólafsdóttir sem rekur Zolo & Co. ásamt móður sinni, Rúnu Kærnested Ólafsdóttur, en þetta litla fjölskyldufyrirtæki er til húsa að Hafnargötu 23 í Keflavík. Einnig eru þær með vef-verslunina zolo.is

Auk ilmoliulampa býður Zolo & Co. upp á margs konar fallegar heimilsvörur og öðruvísi gjafavöru, til dæmis alls konar ilmkerti, ilmstangir, glervöru, stóla, borð, maska og fleiri muni. „Vinsælasta varan okkar um þessar mundir er Zolo-her-

bergisúðinn sem býður upp á þrjár ótrúlega góðar ilmtegundir,“ segir Sunna Dís og segir okkur frá nýrri og spennandi vöru sem verslunin er að taka í sölu núna, en það er sambyggður hátalari, lampi og vinkælir. Þessi óvenjulega samsetning er að virka vel því varan er mjög vinsæl um alla Evrópu að sögn Sunnu sem er spennt fyrir því að sjá hvaða viðtökur þessi nýjung fær meðal Íslendinga.

Zolo er íslenskt merki en vörur undir Zolo-merknu eru hannaðar erlendis í samráði við eigendur verslunarinnar. „Við fylgjum þessu vel eftir og ég er mjög stolt af þessari vörunu,“ segir Sunna.

„Svo er líka gaman að segja frá því að við erum að fara að taka upp æðislega spennandi jólavörur núna á næstunni sem þetta eru allt öðruvísi jólavörur en við höfum áður séð hérlendis. Svo verð ég líka að minnast á jólailmoliurnar okkar í lampana, en þær hafa svo sannarlega slegið í gegn síðustu árin.“

Verslunin er að Hafnargötu 23 í Keflavík, hún er opin virka daga frá 11 til 18 og 11 til 16 á laugardögum. Síminn er: 588-6777. Vefverslunin zolo.is er að



sjálfsgöðu opin allan sólarhringinn og þar er gott að skoða allt úrvalið og gera góð kaup. Sjá einnig Facebook-síðuna Ilmoliulampar.

Lýsing & Hönnun er með lausnir fyrir alla



Pegar kemur að hönnun rýmis þá skiptir miklu máli að velja rétta lýsingu, þar sem lýsing getur gert mjög mikið til að skapa rétta stemmingu. Lýsing & Hönnun er lítið fjölskyldufyrirtæki sem kappkostar að veita persónulega og góða þjónustu varðandi allt sem viðkemur lýsingu, í stórum sem smáum verkefnum, fyrir allar tegundir bygginga. „Starfsmenn okkar eru sannkallaðir reynsluboltar í faginu en Heimir Jónasson, rafmagnsiðnfræðingur og eigandi fyrirtækisins, hefur mjög mikla reynslu í raflagna- og lýsingarhönnun. Ég er búin að vinna lengi við lýsingarhönnun og Heiðdís Þóra Snorradóttir er menntaður verslunarhönnuður,” segir Erla Heimisdóttir viðskiptafræðingur, en hún stofnaði Lýsingu & Hönnun árið 2007 ásamt eignumanninum, Heimi Jónassyni.

Ýmiss konar verkefni

„Við höfum verið afar lánsöm að fá að taka þátt í ýmsum skemmtilegum verkefnum. Bæði höfum við unnið með húseignum að endurbótum og nýbyggingu á einbýlishúsum, sem og arkitektum og innanhússarkitektum í sérlega fjölbreyttum og spennandi verkefnum, bæði stórum og smáum. Hvort sem um er að ræða eina íbúð, einbýlishús, hótél, skrifstofuhúsnæði, íbúðablokkir, veitingastaði eða íþróttamannvirki, þá sjáum við um þetta allt, enda kunnum við til verka,” segir Erla.

Allt á einum stað

„Við vitum að það er í mörg horn að líta þegar verið er að byggja og þá hjálpar að geta fengið allt sem snýr að rafmagnshlutunum á einum stað. Hugmyndin að fyrirtækinu var því upphaflega sú að aðstoða húsbýggjendur við allt sem sneri að rafmagni í húsum, svo sem raflagnateikningar, lýsingarhönnun, rafbúnað og allt það val sem viðkomandi stendur frammi fyrir. Það er alveg greinilegt að mikil þörf hefur verið á markaðnum fyrir þjónustuna sem við bjóðum upp á, enda hefur verið mikið að gera hjá okkur undanfarið,” segir Erla. Líkt og nafnið gefur til kynna þá er starf-



semi Lýsingar & Hönnunar tvíþætt. Annars vegar er um að ræða verkfræðiþjónustu í raflagnateikningum og lýsingarhönnun. Hins vegar er Lýsing & Hönnun verslun þar sem aðaláherslan er á allar gerðir ljósa fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. „Í versluninni erum við með gríðarlegt úrval af fallegum ljósum og ljósakrónum sem prýða hvers kyns rými,” segir Erla. Einnig býður fyrirtækið upp á sérfræðiráðgjöf í lýsingarhönnun fyrir einstaklinga og fyrirtæki, þar sem starfsmenn á vegum fyrirtækisins mæta á staðinn, taka út húsnæðið og ráðleggja varðandi raflagnir og uppsetningu á lýsingu.

HDL hita- og ljósastýrikerfi

„Mikill meirihluti af húsbýggjendum sem leita til okkar velur HDL hita- og ljósastýrikerfi, en það kerfi býður upp á endalaus möguleika sem uppfylla mjög mismunandi kröfur. Verðið kemur líka skemmtilega á óvart, en HDL kerfið er alls ekki mikið dýrara en að vera með hefðbundna ljósdeyfa og hitanema,” segir Erla. Með HDL kerfinu er meðal annars hægt að stjórna ljósum og hita með spjaldtölvum. Þannig má breyta stemmingu í rýminu á afar einfaldan og þægilegan hátt. Einnig er hægt að stýra hita og ljósum með einum rofa sem myndar heildstætt kerfi. Nýlega kom HDL svo fram með byltingarkennda nýjung sem auðveldar nú eigendum eldri húsa að vera með HDL kerfi, þrátt fyrir að raflögn hússins sé ekki sérstaklega löguð að kerfinu. Um er



að ræða þráðlausa rofa sem hægt er að setja nánast hvar sem er og því talsvert einfaldari í uppsetningu en hefðbundið HDL kerfi.

Veggfóður fyrir falleg rými

Þó að lýsing sé í kastljósinu hjá Lýsingu & Hönnun þá er þar einnig hægt að fá dýrindis veggfóður frá hollenska fyrirtækinu NLXL. Um er að ræða gífurlega fallegt og endingargott veggfóður sem setur punktinn yfir i-íð í glæsilegum rýmum.

Lýsing & Hönnun er staðsett að Skipholti 35, 105 Reykjavík.

Opið er mánudaga til föstudaga frá klukkan 10–17, miðvikudaga frá klukkan 10–18 og laugardaga frá klukkan 11–15.

Sími: 588-0506.

Netfang: lysingoghonnun@lysingoghonnun.is
erla@lysingoghonnun.is
lysingoghonnun.is





ET VERSLUN:

Vinnuljós og öll ljós á bíla

ET Verslun, Klettagörðum 11, er á meðal leiðandi aðila í sölu á ljósabúnaði fyrir ökutæki og vinnuvélar, þar á meðal eru ljóskastarar, vinnuljós og afturljós. Eigendur breyttra jeppa, vinnuvéla og vörubíla eru á meðal helstu viðskiptavina verslunarinnar sem sér þeim fyrir öllum þeim ljósum sem þá vanhagar um og kappkostar að selja gæðaljós undir þekktum merkjum á sanngjörnu verði.

ET Verslun selur framljós, afturljós, hliðarljós, vinnuljós og ljóskastara. Meðal merkja eru bandarísku Rigid-ljósinn sem slegið hafa í gegn á Íslandi fyrir frábæra endingu. Einnig má nefna sænska merkið LEDSON sem sérhæfir sig í framleiðslu á díóðuljósum, meðal annars díóðuljóskesturum, vinnuljósum og perum. Vinsælasti kastarinn í dag kallast Pollox og kemur einmitt frá LEDSON, um er að ræða 9" díóðu(LED)-kastara sem lýsir upp endurskinið á vegstikum í 850 metra fjarlægð.

Nær allir breyttir jeppar eru með aukaljós og eigendur slíkra ökutækja ganga að góðu úrvali og framúrskarandi gæðum í ET Verslun, hvort sem um ræðir kastara, vinnuljós, bakkljós eða inniljós. ET Verslun er þekkt fyrir góða þjónustu við jeppaeigendur og var nýlega með bás á jeppasýningu Ferðaklúbbsins 4X4.

Jafnframt er ljósaúrvalið hjá ET Verslun ekki síðra þegar kemur að hliðarljósum og afturljósum sem eru fáanleg í mörgum stærðum og gerðum.

ET Verslun hefur verið starfandi í 26 ár og hefur því mikla reynslu af þjónustu við bileigendur og eigendur annarra ökutækja, til dæmis vinnuvéla. Fyrir utan ljósaúrvalið er verslunin framarlega í framboði á

vagnarahlutum, vökvabúnaði og mörgu öðru. Ávallt kappkostar ET Verslun að koma fram með nýjungar sem gagnast eigendum ökutækja vel.

Sem fyrr segir er verslunin til húsa að Klettagörðum 11. Opíð er virka daga frá kl. 8 til 18 og laugardaga frá 10 til 14. Sjá nánar á et.is undir Verslun og á Facebook-síðunni ET Verslun.





SPORTSÓL : Áskrift í sólina og tímapantanir á netinu

Sólbaðsstofan Sportsól er á rótgrónum stað að Grænatúni 1 í Kópavogi, þar sem stofan hefur verið í rúm 30 ár. Nýir eigendur tóku við fyrir rúmu ári og hefur aðsóknin aukist eftir að þeir tóku við rekstri.

„Það sem er öðruvísi hjá okkur en öðrum stofum er að við bjóðum upp á áskriftir, þar sem viðskiptavinurinn skuldbindur sig í 6 eða 12 mánuði og mætir síðan bara eins oft og hann vill og eins og honum hentar,“ segir Páll Ágúst Aðalheiðarson eigandi. „Einnig er enginn gildistími á kortum hjá okkur.“

Nýir eigendur hafa frá því að þeir tóku við rekstri lagt sig fram við að bæta og breyta því sem þurfti í rekstrinum. „Það hefur skilað góðum árangri, fleiri viðskiptavinum og aukinni aðsókn.“

Í sumar bættum við einnig við einum ljósabekk, þeir eru því orðnir 8 bekkirnir hjá okkur.“

Aðspurður hvort það sé alltaf jafn vinsælt að fara í ljós, svarar Páll Ágúst að vinsældir ljósabekkjanna hætti aldrei: „Þetta snýst ekki um útlitsdýrkun eða að fá einhvern lit, þetta snýst að miklu leyti um að fá D-vítamíníð sem þú þarft og við fáum ekki mikið af hér á landi. Svo eru margir með húðsjúkdóma, liðagigt eða annað og þurfa bara hita.“

Hópurinn sem kemur á Sportsól er mjög breiður og nefnir Páll Ágúst að sá elsti sé fæddur 1930 og hann komi nánast vikulega.

Sportsól býður einnig upp á margar tegundir af kremum, bæði í brúsum og bréfum.

Sportsól er einnig eina sólbaðsstofan á höfuðborgarsvæðinu sem býður upp á tímapantanir á netinu, en hentugt er að panta tímann á sportsol.is.

Sportsól er að Grænatúni 1, Kópavogi. Tímapantanir fara fram á sportsol.is, en nánari upplýsingar fást í 554-3799 og á sportsol.is.





XTREME LOGO:

Áratuga reynsla í merkingum – fagmennska og sérþjónusta

Kristján Bergmann hefur starfað við auglýsingamerkingar í 18 ár en árið 2014 stofnaði hann fyrirtækið Xtreme Logo sem staðsett er að Laugavegi 163. Fyrirtækið býður upp á geysilega fjölbreyttar merkingar og má þar nefna bilamerkingar en varla er hægt að hugsa sér ódýrari auglýsingu en vel merktan bíl sem auglýsir fyrirtækið hvar sem honum er ekið. Er boðið upp á allt frá einföldum merkingum upp í heilmerkingar þar sem billinn er klæddur í filmu.

Margar lausnir í skiltum

Ljósaskilti eru áberandi hluti af starfsemi en nú, þegar skyggja tekur, er gott að láta fyrirtæki sitt lýsa upp myrkrið. Þess má geta að Xtreme Logo býður upp á LED-skilti, bæði innan- og utandyra, á mjög hagstæðu verði.

Skiltaplötur, 3D Infinity ljósaskilti, díóðuneon, LED-NEON og LED-díóðuskilti eru meðal þeirra ljósaskilta sem í boði eru. Díóðuskilti eru ein vinsælasta gerð upplýstra skilta í dag, bæði í fram- og baklýsingu. Þau nota litla orku og endast vel. Í boði er margs konar útfærsla af þeim hjá Xtreme Logo.

Gluggamerkingar og öryggisfilmur

Sandblásnir gluggar með áletrunum eru vinsæl lausn fyrir innganga að fyrirtækjum og geta verið góð auglýsing. Glerið er þá heilmerkt með filmu og ekki sést inn um það.

Öryggisfilmur eru síðan mögnuð þjófavörn. Filma heldur þá glerinu saman og er hún fest með áli í köntunum þannig að afar langan tíma tekur að brjóta sér leið inn um gluggann og gifurlegur hávaði fylgir skemmdarverkinu – þannig að allar líkur eru á því að lögregla verði komin á vettvang áður en innbrot-

þjófum tekst ætlunarverk sitt.

Xtreme Logo prentar einnig límmiða í ýmsum stærðum sem og stórar myndir eftir málum. Prentun á veggfóður er flott lausn til að skreyta og heilmerkja vegg heimila jafnt sem fyrirtækja. Þá býður fyrirtækið upp á að setja ljósmyndir á álplötur eða pappaplötur með frauðkjarna.

Xtreme Logo býður einnig upp á alls konar auglýsingavörur og sérmerktan varning, til dæmis penna. Innréttingaklæðningar eru einnig veigamikill þáttur í starfsemi en hægt er að klæða næstum hvað sem er í filmu og láta útlit fyrirtækisins taka yfir umhverfið.

Starfsemi Xtreme Logo byggist á sérþjónustu þar sem alúð er lögð í hvert verkefni og snjallar lausnir eru í boði. Nánari upplýsingar um starfsemina eru á vefsíðunni xtremelogo.net. Einnig er gott að hringja í síma 612-6260 eða 454-6250, eða koma einfaldlega á staðinn, að Laugavegi 163. Netfang er info@xtremelogo.net.



Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar
timbursala (Bree lighting)



ÍSKRAFT:

Að vinna í réttu ljósi

Ískraft er allsherjar rafmagns-
heildsala og veitir allt milli himins
og jarðar sem snertir rafmagn:
rafveitubúnað, innlagnarefni,
lagnaleiðir, kapla, ljósleiðara og svo
framvegis. Undir þetta heyrir að
sjálfsögðu lýsingarbúnaður af öllu
tagi.

Ískraft er í eigu Húsasmiðjunnar
og í verslunum hennar er Philips-
ljósabúnaður fyrir heimili, sem og
almennur raflagnabúnaður. En í
verslunum Ískraft, sem eru fjórar
talsins á landinu, er höfuðáhersla á
sölu, þjónustu og ráðgjöf við fyrir-
tæki, stór og smá, sem og opinbera
aðila.

„Við erum með hágæðavörur
í sérpöntunum, til dæmis útiljós,
sundlaugaljós, iðnaðarlýsingu, lýs-
ingu í söfn, götulýsingu og lýsingu
í jarðgöngum svo fátt sé nefnt,“
segir Haukur Tómasson, vörustjóri
lýsingarbúnaðar hjá Ískraft.

Rétt lýsing er mikilvæg – LED- byltingin þarf að komast í reglu- gerðir

Ískraft hefur selt sundlaugaljós
í flestar sundlaugar landsins og
er með rammSAMninga við flest
sveitarfélög varðandi lýsingu í
stofnunum, útilýsingu og götulýs-
ingu. Nánast allur lýsingarbúna-
ður sem Ískraft selur er knúinn
LED-ljósgrjafa og LED er að valda
byltingu í lýsingu, annars vegar
vegna þess hvað ljósgrjafinn endist
miklu lengur og hins vegar vegna
þess að lýsingin verður miklu mark-
vissari.

Ískraft er meðal annars fram-
arlega í iðnaðarlýsingu og sér um
að lýsa stór vinnusvæði, útsvæði
á vinnustöðum, vöruskemmur og
fleira. „Við mælum með því að not-
ast sé við lýsingarhönnun frá lýs-
ingarhönnuðum en ef það er ekki
gert þá getum við gefið góð ráð,“
segir Haukur en Ískraft vinnur mjög
oft eftir fullbúinni lýsingarhönnun.
Haukur segir að rétt lýsing sér afar
mikilvæg en stundum sé mikilvægi



hennar vanmetið.

Haukur bendir líka á að LED-
lýsing sé flóknari og auka þurfi
fræðslu um hana. Enn fremur sé
mikilvægt að betur sé gerð grein
fyrir lýsingu í reglugerðum.

„Á næstu fimm til sex árum verð-
ur skipt um lýsingu í flestum götu-
staurum á landinu. LED kemur með
byltingu í götulýsingu þar sem nú
er ekki bara keyptur götulampi með
ákveðnum styrkleika heldur er LED
útbúið linsutækni sem tekur mið af
þáttum á borð við umferðarhraða,
breidd götu og hæð ljósastaura-
sins – lýsingin verður þannig mun
stefnuvirkari.“

Ískraft ætlar sér stóra hluti í
endurnýjun götulýsingar á landinu
enda er fyrirtækið afar vel í stakk
búið til að takast á við það mikil-
væga verkefni.

Ískraft er með verslun að
Smíðjuvegi 5 í Kópavogi, Hjalt-
eyrargötu 4 á Akureyri, Íðavöllum
12 í Reykjanesbæ og Eyrarvegi 42
á Selfossi. Nánari upplýsingar um
starfsemina og vöruúrvalið eru á
vefsíðunni iskraft.is.





FAKÓ:

Ljós í heimsklassa og heillandi fjölbreytni

Fæðginin Jóhannes Ómar Sigurðsson og Herdís Telma Jóhannesson stofnuðu heildverslunina Esjufell árið 2010 og lögðu þar megináherslu á innflutning á ljósum og öðrum húsbúnaði frá danska gæðaframleiðandanum House Doctor. Árið 2013 opnaði Esjufell verslunina FAKÓ á Laugavegi. Vorið 2016 var síðan FAKÓ HÚSGÖGN opnuð í Ármúla 7 og varð hluti af þeirri grósku sem einkennt hefur Múlahverfið síðustu ár sem ekki síst birtist í fjölbreyttum verslunum með húsgögn og húsbúnað.

FAKÓ er sannkallað fjölskyldufyrirtæki en þær systur Herdís Thelma og Ylfa Björg reka fyrirtækið ásamt Jóhannesi föður sínum. Gífurleg fjölbreytni einkennir FAKÓ en ljósin frá House Doctor eru líklega mest áberandi í vöruúrvalinu. Þar er meðal annars hægt að fá borðlampa, standlampa, vegggljós, strengjaljós og skerma.

„House Doctor er með fallegar vörur til heimilisins, allt frá hnifapörum upp í húsgögn og ljós. Öll hönnun er undir stjórn systkinanna sem stofnuðu fyrirtækið en House Doctor er fjölskyldufyrirtæki rétt eins og FAKÓ. Núna eru brass og málmtonar áberandi í ljósunum frá House Doctor en það gildir um hýblaprýði eins og fót að það eru tiskusveiflur þó að þær séu ekki eins hraðar í fyrrnefnda heiminum,” segir Herdís.

House Doctor er rómað gæðamerki eins og svo algengt er með danska hönnun og húsgagnaframleiðslu. Ljósin hafa auk þess þá skemmtilegu og óvenjulegu sérstöðu að hver og einn eigandi þeirra getur gefið þeim sinn sérstaka blá: „Það er hægt að gera ljósin persónulegri með því að skipta út perum, velja snúrur og svo er hægt að festa hólka á snúrurnar. Við erum með mjög gott úrval af ólíkum perum til að nota í lampana, til dæmis demantaperur, stórar og litlar skrautperur,” segir Ylfa.

Vegggljósini koma sterk inn

FAKÓ er einnig með vegggljós og kertastjaka frá Vanilla Fly. Þá er FAKÓ nýbúið að taka inn merki sem heitir Living By Colors og er þar um að ræða snúrur og perustæði úr silikoni í mörgum litum, og þær systur eru mjög spenntar fyrir þessum nýju vörum sem eru líklegar til að slá í gegn hjá viðskiptavinum versunarinnar.

„Ein er sú þróun sem hefur orðið nýlega, að vegggljós eru að verða algengari. Loftljósin eru vissulega algeng áfram en það færast í vöxt að fólk setji frekar upp vegggljós og fái þá mjög kósi birtu,” segir Herdís og Ylfa bætir við að sums staðar þar sem eru tvö göt fyrir vegggljós kjósi fólk að setja bara ljós í annað gatið og loka hinu.

Ylfa bætir einnig við að ljósin frá House Doctor veiti ekki bara góða birtu heldur séu þau sem slík listmunir og hýblaprýði og falleg á að horfa hvort sem kveikt er á þeim eða ekki.

Gæði skipta máli við val á kertum

Frábært úrval af kertum og kertastjökum er í FAKÓ sem henta afar vel til gjafa, til dæmis jólagjafa. „Við leggjum mikla áherslu á að selja eingöngu mjög góð kerti þannig að til dæmis þurfi fólk ekki að hafa áhyggjur af eldhættu varðandi þau. Kertin hjá okkur eru öll framleidd í Danmörku en Danir eru mjög stífir á öryggisstaðla varðandi kerti og gera þar ríkari kröfur en flestar aðrar þjóðir,” segir Herdís.

Af miklu úrvali í FAKÓ eru ónefndar inni- og útiluktir, ljósaseriur, eldstæði til að hafa úti og kyndlar, en þetta eru ljós sem henta afar vel á pallinn eða veröndina og skapa þar huggulega stemningu í skammdeginu.

Umhverfisvænar áherslur

Meraki er eitt af undirmerkjum House Doctor, með sérstaka áherslu á snyrtivörur og afar vönduð ilmkerfi. „Þeir framleiða kertin sín með umhverfisvænum hætti, nota sojavax og náttúruleg efni í kveikpræðina,” segir Herdís, og Ylfa bætir við að þessar umhverfisvænu áherslur séu gegnumgangandi í öllu vöruúrvalinu og séu t.d. hluti af stefnu House Doctor. Áherslan er á náttúruleg efni, aukafni eru í lágmarki og reynt er skilja eftir sem minnst vistspor við framleiðsluna.

Margir gleyma sér í búðunum í Múlahverfinu

„Fólk hefur sagt mér að það geti gleymt sér í versluninni í allt að tvo tíma því hér er margt að skoða,” segir Herdís. Gífurleg fjölbreytni einkennir vöruúrvalið í FAKÓ auk þess sem þar eru afar margir fallegir hlutir sem gleðja augað. Fólk þykir því gaman að koma í verslunina en



í Múlahverfinu eru margar aðrar verslanir með húsgögn og húsbúnað. „Þetta styður hvert annað og hér í fjölbreytninni er líklegt að fólk finni það sem það leitar að,” segir Herdís.

Auk þess sem hér hefur verið nefnt áður selur FAKÓ sælkeramatvörur frá Nicholas Vahé, skrifstofuvörur fyrir skapandi fólk frá Monograph og margt fleira, þannig að fjölbreytnin er gífurleg.

Það er líka hægt að versla í FAKÓ á netinu, nokkuð sem kemur sér til dæmis vel fyrir fólk á landsbyggðinni en verslunin sendir vörur hvert á land sem er.

Sjá nánar á www.fako.is.

Verslunin í Ármúla 7 er hins vegar opin mánudaga til föstudaga frá 10 til 18 og á laugardögum frá 11 til 16. Símanúmer er 568-0708.



I HEILDVERSLUN:

Kerti fyrir öll tækifæri allan ársins hring

Heildverslun flutti þann 2. maí 2018 að Hvaleyrarbraut 35 í Hafnarfirði, en verslunin hefur verið rekin sem fjölskyldufyrirtæki. Markmið verslunarinnar er að einfalda heimilisstörfin með skemmtilegum vörum.

„Við erum búin að flytja inn ilmkerti í 15 ár,“ segir Björg Skúladóttir eigandi, en kerti frá þeim fást í verslunum Bónus um land allt. Í versluninni að Hvaleyrarbraut og í vefversluninni ihverslun.is fást einnig Bath- and Body Works-kerti, ásamt fleiri vörum.

Kertin eru amerísk og auk hefðbundins ilms, sem er í sölu allt árið, þá kemur inn árstíðabundinn ilmur, „eins og fyrir jólin núna þá koma fimm nýjar ilmtegundir sem hafa ekki verið áður til hjá okkur,“ segir Björg.

Hleðsluljós eru mjög sniðug og hentug, bæði fyrir budduna og umhverfið. „Þau má hlaða og hver hleðsla endist í allt að 14 tíma. Einnig má skipta um lit á þeim, eins og núna þá eru þau bleik í glugganum hjá okkur í tilefni af bleikum október.“

Það nýjasta eru sniðugar ilm-kúlur á hagstæðu verði, sem fást bæði hjá I Heildverslun og í Bónus. „Þær má setja inn á bað, í rusla-skápinn eða á náttborðið. Dósir er opnuð og þá eru göt á henni eins og á púðurdós og þá kemur ilmurinn upp. Síðan eyðast kúlurnar upp á mánuði.“


Í versluninni fæst einnig mikið úrval heimilis- og gjafavöru, sem ekki fæst annars staðar og því tilvalið að gera sér ferð í verslunina eða skoða úrvalið á heimasíðunni.

I Heildverslun ehf. er að Hvaleyrarbraut 35, Hafnarfirði. Síminn er 555-2585 og heimasíðan er ihverslun.is. Opnunartími er mánu-daga-föstudaga frá kl. 10-17 og laugardaga frá kl. 11-14.



BARR LIVING FAGNAR ÁRS AFMÆLI:

Stíll sem er fullkominn blanda af því hráa og því hlýja



Barr Living var opnuð fyrir ári að Lyngási, en flutti í sumar í stærra húsnæði á Garðatorgi. Í versluninni má finna fallegar og spennandi vörur sem fegra heimilið og gleðja augað.

„Ég var að vinna í lyfjageiranum en hef alltaf haft mikinn áhuga á hönnun og ég hafði lengi átt þann draum að reka verslun.

Svo varð ég fertug og ákvað loksins að slá til,“ segir Lilja Guðmundsdóttir, eigandi Barr Living, aðspurð af hverju hún ákvað að opna verslun með heimilisvörur.

Stíllinn sem Barr Living býður upp á er fullkomin blanda af því hráa og því hlýja. „Viðtökurnar hafa verið frábærar, enda höfum við kappkostað að flytja inn vörur sem eru ekki til fyrir hér heima. Það er líka gaman að bjóða upp á vörur sem eru óðrúvísi og blanda þeim saman við aðrar hefðbundnari.

Megináherslan er á vörur sem eru framleiddar að hluta eða öllu leyti úr endurunnum og endurnýtanlegum hráefnum. Hrár viður, leður, járn, gler, leir og steypa eru lykilorðin okkar. Nýtt sem og notað.“

Grófi stíllinn er vinsæll, en grófur náttúrulegur stíll er alls ráðandi hjá Barr Living og hann má finna í ljósunum sem fánleg eru. Borð-, loft- og gólfhljós fást, og ef fólk kys, þá er hægt að kaupa allt í stíl.

Í smávörinni má finna kertastjaka og kertaluktur, sem fylgja stíl Barr Living, og eru blanda af hráum og hlýjum stíl. Kjörið að kveikja á kertum í vetur og njóta hlýjunnar.

Barr Living er á Garðatorgi í Garðabæ, netfangið info@barrliving.is.



Opnið er frá kl. 12–18 þriðjudaga til föstudaga og laugardaga frá kl. 13–16. Vefverslunin á barrliving.is er opin allan sólarhringinn.

Finna má barrliving á heimasíðunni, Facebook og Instagram.





SCANGRIP:

Hágæða LED-vinnuljós við allra hæfi

Danski vinnuljósaframleiðandinn Scangrip segist vaxa á ljóshraða en sú hnyttni felur í sér töluverðan sannleika: Fyrirtækið byrjaði að sérhæfa sig í hönnun harðgerðra vinnuljósa fyrir iðnaðarmenn fyrir um tíu árum og salan hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Er Scangrip nú einn stærsti framleiðandi vinnuljósa í Evrópu.

Fossberg er söluaðili Scangrip-ljósa á Íslandi en Gunnar Örn Benediktsson, sölu- og markaðsstjóri Fossberg, segir ljósin vera afar sterkbyggð:

„Þetta eru vinnuljós með LED-ljós-gjafa: kastarar, handluktir, ennisljós. Flest eru þau að einhverju leyti hönnuð með vinnu iðnaðarmanna í huga og eru gjarnan vatnsheld og höggþétt, þola vel alls konar veður og svo framvegis. Ljósin eru sterkbyggð eða það sem kallað er á ensku „robust“,“ segir Gunnar en Fossberg selur meðal annars ljóskastara sem mikið eru notaðir við byggingarvinnu:

„Ljóskastararnir sem við höfum mest verið að kynna, NOVA 3K, 5K og 10K, eru vinnuljós sem notuð eru í byggingum og flestir sem hafa gengið framhjá stillönsum eða húsum í byggingu hafa séð eldri gerðir af skyldum kösturum. NOVA-línan frá Scangrip er 21. öldin í svona ljósum. Einn viðskiptavinur á Íslandi missti NOVA 5K-hleðsluljós úr 5 metra hæð niður á malbik en gat bara sótt það og haldið verkinu áfram. Það sá varla á ljósinu.“

NOVA 10K er 10.000 lumen sem samsvarar birtustiginu á gömlu 1000W kösturum sem flestir ættu að kannast við. NOVA 5K C+R-hleðsluljósið hefur allt að 12 klukkustunda rafhlöðuendingu.

Scangrip kynnir nýjungar í ljósum á hverju ári og hefur ár eftir ár sannað að það er fremst í þróun á

LED-vinnuljósum:

„Þeir eru nú með nokkrar línur af ljósum, vinnuljós, LITE, sem er léttari lína hugsuð fyrir DIY-markaðinn, COLOUR MATCH fyrir litasannreyningu og svo EX-PROOF sem er sérstaklega ætlað á sprenginæm svæði (olíuvinnslu, gasvinnslu og annars staðar þar sem ekki má koma neinni neisti frá ljósinu). Á nýafstaðinni sýningu AUTOMECHANIKA í Þýskalandi kynntu þeir enn einn flokk ljósa, UV-CURING, sérstaklega ætluð til að flýta fyrir þornun á epoxy-efnum (lakk og lími). Nýjasta tækið frá þeim er NIGHT VIEW-ennisljós sem auk þess að vera með venjulegu ljósi er líka með rautt ljós sem spillir ekki nætursjón.“

Fossberg byrjaði að selja Scangrip-ljós árið 2014. Að sögn Gunnars var fyrirtækið hikandi í fyrstu við að taka stóra sendingu af nýrri vöru á markaðinn en viðtökurnar hafa verið geysilega góðar. „Það er sama hvað við tökum inn af þessum ljósum, það selst allt. Jafnvel týpur sem við höldum að myndu ekki seljast af því að þær eru svo keimlíkar einhverju öðru í línunni. En það er alltaf einhver sem vill aðeins stærra eða aðeins minna, þannig að við erum með alla línuna af vinnuljósum á lager,“ segir Gunnar.

Geysileg fjölbreytni er í LED-ljósum hjá Fossberg en í boði er allt frá ljósum með rafhlöðum sem kosta 995 kr. upp í 10.000 lumena ljóskastara. Fossberg býður upp á ljós



sem henta jafnt bifvélavirkjum sem húsasmíðum, rafvirkjum og venjulegum borgurum til heimilisnota.

Nánari upplýsingar um Scangrip-ljósin má fá á heimasíðu Fossberg,

fossberg.is. Fossberg er til húsa að Dugguvogi 6, Reykjavík, og síminn er 575-7600. Einnig má senda fyrirspurn á netfangið fossberg@fossberg.is.



Velliðan, hamingjan og sjálfíð mikilvægast

Heimilið á að vera gríðastaður þar sem fólk líður vel. Það er mikilvægt að umkringja sig með fólki og munum sem veita okkur jákvæða orku og notalega tilfinningu, til að efla eigið sjálf, jafnt sem aðra. Til þess að geta „bestað“ okkur sjálf er mikilvægt að heimilið nái að veita aukin þægindi svo hægt sé að hlada batterið fyrir næstu átök,” segir Rebekka Sigríður Pétursdóttir, eigandi netverslunarinnar Heima er gott.

Að sögn Rebekku er hún ekki týpan sem tekur að sér verkefni nema hún leggi sig 110% fram og njóti þess í leiðinni. Segir hún að hugmyndin að Heima er gott hafi orðið til í vor, en á þeim tíma voru mikil tímamót í lífi hennar. „Þetta einhvern veginn bara gerðist. Ég var nýbúin að missa

þabba minn og var í starfi sem veitti mér ekki það sem ég þurfti. Verslunin og markmið mitt með henni breyttist í eins konar meðferð fyrir mig, að spreyta mig sjálf, sýna hvað í mér býr og fara að gera hlutina alveg sjálf.“

Rebekka segir verslun sína vera eins konar framlengingu af henni sjálfri, heimili hennar og öllu því sem hún stendur fyrir. „Ég vil því deila með öðrum því sem að ég hef fundið að veitir mér hamingju. Ég vil vera sanngjörn gagnvart einstaklingum og náttúrunni okkar allra, sem er svo frábær. Hún hefur gefið okkur mikið og ef við komum vel fram við hana á hún eftir að halda áfram að gefa okkur.“

Vefverslunin hefur hingað til hlotið góð viðbrögð og tekur Rebekka fram að flestir munirnir séu úr eins nátt-

úrulegum efnum og hægt er. Vörurnar eru allar frá fólki sem hefur látið sínar hugmyndir og drauma rætast og framleiðir flest allt í höndunum, með ást og umhyggju.



VEFVERSLUNIN EFTIRTEKT:

Njóttu töfrandi haustbirtu



hugum margra býður haustið ekki síður upp á notalega útiveru en sumrið. „Í hauststillum finnst mér huggulegt að sitja í einum af garðstólunum mínum á pallinum, þá sit ég á gæru með teppi yfir mér og læt loga á oliulukt eða kertalukt sem gefur frá sér afar fallega birtu. Þegar kaldara er úti og jafnvel komin snjóföf þá læt ég ljósin á luktunum mínum gjarnan loga á pallinum en er inni og nýt þess að horfa inn í hauströkkkið út um gluggann í stofunni. Litirnir í náttúrunni eru fallegir á haustin og það er hægt að skapa töfrandi stemningu á pallinum þegar fer að rökkva,“ segir Elín Björg Ingólfsdóttir, útstillingahönnuður og eigandi vefverslunarinnar Eftirtekt.is.

Meðal vinsælla vara í versluninni eru einmitt frammannefndir garðstólar og oliuluktir. „Þetta byrjaði á því að ég hóf að flytja inn garðstóla fyrir um fjórum árum, nokkuð sérstaka garðstóla sem framleiddir eru í Eistlandi og hafa náð miklum vinsældum. Stólarnir eru eingöngu festir saman með snæri úr hampi og eru fáanlegir í nokkrum viðartegundum. Ég er búin að selja um 130 svona stóla, bæði til einstaklinga og hótela,“ segir Elín, sem brátt tók að auka vöruúrvalið. Meðal vinsælla vara í dag eru m.a. svartar, afar stílhreinar og fallegar oliuluktir, bæði til að standa á borði eða til að stinga niður í blómapotta, beð, gras eða í snjóskafli. Nokkra hefur Elín selt til að setja á leiði í kirkjugörðum.

Góður uppruni vörunnar og Fair Trade-hugsun

Meðal annarra vara í versluninni má nefna stóra blómapotta til að hafa utanhúsið, til dæmis á pallinum eða stéttinni fyrir fram húsið. „Einnig hefur áherslan verið á innblómapotta, því blóm eru ekki bara falleg og augnauyndi, þau auka líka loftgæðin í íbúðinni,“ bendir Elín á. Um er að ræða potta úr endurunnum pappir sem framleiddir eru í Srí Lanka og eru með Fair Trade-

-vottun sem þýðir að þeir hafa verið framleiddir við góðar aðstæður og fyrir sanngjörn laun. Elín leggur áherslu á að reyna að þekkja vel uppruna þeirra vara sem hún selur og þar má nefna tvö önnur skemmtileg og falleg dæmi.

„Við erum núna að taka í sölu stormkerti sem enginn annar hér á landi selur, en þau eru með 90 klukkustunda brennslutíma, stór og mikil kerti í flottum áldósum. Dósinar má síðan endurvinnna eða nota sem blómapotta. Þessi kerti eru framleidd úr hreinsuðu endurunnu vaxi og lituð svört. Þau koma frá Danmörku og eru unnin á vernduðum vinnustað fyrir fólk með geðraskanir,“ segir Elín en hún selur líka vörur frá vernduðum vinnustað á Íslandi:

„Ég er að fara að taka í sölu falleg kerti sem framleidd eru á vernduðum starfsþjálfunarvinnustað hér á Akureyri, sem heitir Plastiðjan Bjarg – lðjulundur. Það hefur verið frekar erfitt að nálgast þessi kerti, sérstaklega í Reykjavík, en nú verð ég með nokkrar tegundir og liti til sölu. Meðal annars lurkakertin sem framleidd voru fyrst fyrir Margréti Jónsdóttur leirlistakonu og passa í stjakana hennar sem margir eiga. Við Akureyringar erum stoltir af þessari kertaframleiðslu hér í bæ enda sannarlega um gott málefni að ræða. Það er alltaf gaman að láta gott af sér leiða um leið og maður kaupir sér góða vöru.“

Sjá nánar á eftirtekt.is. Fyrirtækið er staðsett á Akureyri en að sjálfsögðu sendir verslunin vörur hvert á land sem er og er opin allan sólarhringinn. Eftirtekt er líka á Facebook undir eftirtekt.is og á Instagram: eftirtekt_vefverslun



HREINIR GARÐAR:

Gott að huga snemma að jólaseríunum



Núna eru haustverkin hafin hjá garðaþjónustunni Hreinum Görðum, þessar vikurnar kveður mest að trjáfellingum en handan við hornið er uppsetning á jólaseríunum. Hreinir Garðar eru stórtækir í þeirri þjónustu og veita fjölmörgum borgarbúum falleg jóla-ljós með þægilegum hætti.

„Þessa dagana erum við mest að fella tré og tæta stubba en erum líka að gróðursetja mjög mikið á þessum árstíma, á meðan veður leyfir,” segir Þorgrímur Haraldsson, rekstrarstjóri Hreinna Garða.

Jólaseríuvertiðin er framundan

Flestum þykir gaman að hafa falleg jólaljós logandi í garðinum sínum þegar nær dregur jölum. Hreinir Garðar bjóða fólki upp á jólaseríu-uppsetningu og núna er sú vertið framundan:

„Við sjáum um allan pakkann, seljum fólki seríurnar, setjum þær upp, tökum þær niður aftur og getum geymt þær fyrir eigendurna sé þess óskað. Við erum í samstarfi við Pfaff og vinnum náð með þeim þar sem við höfum aðgang að lýsingarhönnuði sem aðstoðar okkur og viðskiptavini við flóknari skreytingar, ásamt því sem þeir útvega okkur ljósin,” segir Þorgrímur.


Áður en seríurnar eru settar upp er viðkomandi garður alltaf skoðaður og uppsetningin er síðan í samráði við eigendur. Oftast er serían sett í tré eða á þakkant fyrir einkaðilla en algengt er líka að Hreinir Garðar sjái um skreytingar á svölum fyrir húsfélög. Að sögn Þorgríms er meginvertiðin í jólaseríunum frá 1. nóvember og fram í miðjan desember. Starfsmenn Hreinna Garða vinna hratt og biðtími er ekki langur en þó er heppilegt að panta uppsetninguna snemma.

„Á síðustu árum hefur orðið mikil breyting á jólaseríunum sem við bjóðum upp á. Nánast allar seríur sem við setjum upp eru 24v díóður og heilt tré er í dag því eingöngu að nota sem samsvarar einni ljósaperu sem hefur nánast engin áhrif á rafmagnsreikninginn. Ástæðan fyrir því að við veljum 24v díóðu er sú að það auðveldar okkur viðgerðir ef eitthvað kemur upp á.

Það er ekkert að því að setja seríuna upp strax í október en það þarf ekki að stinga henni í samband fyrr en hentar,” segir Þorgrímur og bendir á að bæði hann sjálfur og



Jólaskeytingar á Sand Hótel



Jólaskeytingar í Smáralind



framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Þorsteinn Kristján Haraldsson, séu búnir að setja upp seríur heima hjá sér en þeim verði stungið í samband síðar.

Þess má geta að garðaskoðun og tilboðsgerð fyrir uppsetningu á jólaseríum er gjaldfrjáls. Það er því hægt að kanna málið í þaula án þess að skuldbinda sig. Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni hreinir-gardar.is eða í síma 571-2000.



LOGOFLEX:

Ljósakrossarnir lýsa í skammdeginu – alíslensk framleiðsla

LogoFlex er ein af stærstu skiltagerðum landsins en fyrirtækið skilar um 30 ársverkum og á þátt í að fjölmörg þekkt vörumerki lýsa upp borg og bæi þegar skyggja tekur. Vörumerkin eru of mörg til að nefna í stuttum pistli. Starfsemi er þó fjölbreyttari en svo að hún einskorðist við skiltagerð og stöðug nýsköpun einkennir hana.

Eitt af dæmunum um slíkt eru ljósakrossar á leiði. Þeir eru 100% íslensk framleiðsla innan veggja LogoFlex. Þessir fallegu krossar eru úr akrýl og hafa, að því er sýnist, glóandi kanta en ljósið kemur upp um botninn á krossinum. Engin þörf er á innstungu því ljósið gengur fyrir rafhlöðu sem endist vel – en rafhlöðurnar eru líka seldar í LogoFlex. Þrjár gerðir af krossum eru í boði: Sú einfaldasta er kross með stjörnu á, dýrari gerð er með nafni hins látna og öðrum texta á, og sú þriðja er með mynd ásamt texta. Einnig er hægt að fá leiðsljós, sem er hugsað fyrir aðstæður þar sem kross hentar ekki.

Ítarlegar upplýsingar um krossana er að finna á vefsíðunni logoflex.is auk þess sem pantanir eru gerðar og frekari upplýsingar veittar í síma 577-7701, sem og í gegnum netfangið logoflex@logoflex.is.

Lýst skilti eða ljósakassar

Logoflex smíðar einnig upplýst auglýsingaskilti eða ljósaskilti. Ýmsar gerðir eru til af ljósaskiltum, til dæmis



framlýst, baklýst eða ljósakassar sem hægt er að fá í ýmiss konar útfærslu. Fyrirtækið prentar einnig umhverfismerkingar sem oftast eru límdar á álplötur eða önnur efni. Ljósdióðuskilti eru ein vinsælasta gerð upplýstra skilta í dag, bæði í fram- og baklýsingu. Lág orkupörf, góð ending og miklir litamöguleikar ásamt smæð eininga gera dióðurnar að fyrirtaks ljósgjafa í hvers kyns skilti. Dióðurnar koma í nokkrum litum, en einnig sem svokallaðar RGB-dióður sem gefa kost á því að blanda þann lit sem óskað er eftir ásamt því að skipta milli lita eftir forritaðri uppskrift.

Mikið er um sérsmíði hjá LogoFlex eins og gefur að skilja við um-



hverfismerkingar, en einnig eru framleiddar og seldar fjölmargar aðrar áhugaverðar vörur. Má þar nefna hjólaborð og rekka, úr sérstöku álsmíðakerfi, túss- og segultöflur eftir máli, þakglugga og ótal

margt fleira.

LogoFlex er til húsa að Smíðshöfða 9, Reykjavík. Opíð er mánudaga til föstudaga frá 8 til 16. Símanúmer er sem fyrr segir 577-7701 og vefsíða www.logoflex.is.

LOGOFlex



HJARTALAG: Gullkorn og kærleiksgjafir sem lýsa upp myrkrið

Hjartalag er hönnunarfyrirtæki sem er stúfult af kærleika, visku og fagaðri hönnun. Einn eigandi er Hulda Ólafsdóttir en hún er grafískur hönnuður. Upphaf Hjartalags má rekja til þess að Hulda gekk í gegnum erfiðleika í lífinu og hóf að skrifa sig í gegnum þá með það jákvæða að leiðarljósi; að læra og vaxa, gefa af sér og veita von. Í vöruúrvali fyrirtækisins blandast saman fallega hannaðir hlutir og vel orðuð lífspeki, ljóð og hugleiðingar.

Ein vinsælasta vara fyrirtækisins eru 25 mismunandi gullkorn í pakka sem fjalla á uppbyggilegan og jákvæðan hátt um vináttuna, styrkinn, vonina, kærleikann, ástina, hamingjuna, lífið og tilveruna og margt fleira. Þetta er tilvalin smágjöf þegar vinkonur hittast eða haldið er heimboð, eða bara til að draga úr stokki daglega eða þegar þig langar til að upplifa eitthvað jákvætt.

Önnur vinsælasta varan er uppskriftabók fyrir upphaldsuppskriftirnar þínar þar sem eigandinn fyllir inn í sjálfur. Með fylgir uppskrift að hamingju og efnisyfirlit. Hægt er að skrá innihaldslýsingu, gefa stjórnur og skrá athugasemdir. Nýjasta bókin í þessum flokki er „Upphalds JÓLA uppskriftirnar mínar“.

Það nýjasta frá Hjartalagi eru plaköt og myndir með gullkornum eftir Huldu, en hún valdi nokkra textana úr gullkornapakkanum til að nota í verkin. Hægt er að fá myndir niður í 10x15 cm, upp í stór plaköt, 70x100 cm. Stóru plakötin eru falla sérlega vel inn í stór rými, t.d. á stofnanir, líkamsræktarstöðvar og fleira.

Þá má nefna markmiðabækur fyrir skvísur og töffara á öllum aldri þar sem eigandinn eflir það jákvæða fyrir bæði líkama og sál. Einnig gestabækur fyrir einstaka viðburði, bundnar með silki-borða, sem henta fyrir tilefni á borð við skírnir, fermingar, brúðkaup og erfi-drykkjur.

Ný vara sem kom fram í sumar er timalaust afmælisdagatal með gullkornum. Gildir það ár eftir ár þar sem eigandinn skráir niður afmælisbörnin í fjölskyldunni og vinahópnum. Eiguleg gjöf, til dæmis fyrir afa og ömmu, eða þá sem eru ekki á Facebook.

Dásamleg ilmkerfi og fleiri vörur

Hjartalag er með ilmkerfi með hlýlegum ljóðum sem henta ýmist sem samúðargjöf, vináttuvottur eða áfangagjöf. Kertin eru framleidd af Sælusápum í sveitasælunni í Kelduhverfi. Dásamlegur ilmur er af þeim: vanillukókos með slettum af sitrónu-grasi. Ljóðin á kertunum eru mismunandi eftir tilefni.

Enn fremur býður Hjartalag upp á skálar og bakka úr birki og bakkaborð sem eru mynduð úr tveimur bökkum og pólýhúðaðri álgrind sem hægt er að fella saman. Þetta eru ótrúlega sterkar vörur, með melamine-húð og þola ansi margt.

Þá má nefna teppi úr lífrænni bómull í tveimur litum, gráum og bleikum. Teppin eru óvenjustór, 150x200 cm. Þau eru dásamlega mjúk og falleg.

Afmælishátíð Hjartalags

Á þessu ári fagnar Hjartalag 5 ára afmæli og heldur upp á það helgina 30. nóv.–1. des. með opnu húsi fyrir gesti og gangandi, en þar verða ýmis afmælistilboð í gangi. Þeir sem ekki geta mætt njóta tilboðanna í vefverslun Hjartalags á hjartalag.is. Staðsetning vinnustofu (sem er opin eftir samkomulagi): Þórunnarstræti 97, Akureyri.

Sjá nánar á vefsíðunni hjartalag.is þar sem einnig er vefverslun og upplýsingar um sölustaði á vörum Hjartalags. Sjá einnig Facebook-síðuna Hjartalag, Instagram: hjartalag og pinterest: hjartalag.

Síðast en ekki síst minnum við á áhugaverða blogg síðu Huldu á ensku,



sem er á slóðinni storyofmyheart.net. Um bloggið segir Hulda: „Þar legg ég áherslu á gullkornin mín auk þess að blogga og skrifa um lífið og tilveruna í því samhengi að leggja áherslu á að snúa

því sem er neikvætt yfir í eitthvað uppbyggilegt. Það er nauðsynlegt að syrgja og eiga sína erfiðu daga en svo er líka mikilvægt að rísa upp og nota það í að gera gott bæði fyrir sjálfan sig og aðra.“

VONIR.IS:

Blómleg ilmkerfi og umhverfisvænar jólagjafir



Blómlega ilmkerfi í alls konar litum eru á meðal þess sem vefverslunin Vonir.is býður upp á en þessi fallegu kerfi skapa fegurð og stemningu í skammdeginu. Kerfin geta hvort sem er verið hluti af jólaskeytingu eða einfaldlega lýsandi hóbýlaprýði í hauströkrinu. Þá tilheyrir líka að kveikja á reykelsi og framkalla unaðslegan og dálítið mystískan ilm en hjá Vonir.is er að finna gott úrval af reykelsum. Von er á reykelsum með jólaími í verslunina innan tíðar.

Vonir.is er vefverslun með alls konar fallega hluti fyrir heimilið; skartgrip, ilmvörur og fleira. Þess má geta að nú stendur yfir rýmingarsala á skartgripum í versluninni og því hægt að gera mjög góð kaup.

Verslunin er í eigu Hönnu Margrétar Úlfsdóttur sem búsett er á Þórshöfn. Hún rekur fyrirtækið samhliða kennaranámi sínu við Háskólann á Akureyri en það stundar hún í fjarnámi. Staðsetning og fjarlægðir skipta því engu máli í lífi Hönnu því hún sendir

varninginn úr versluninni hvert á land sem er og námið stundar hún líka í heimabyggðinni, Þórshöfn.

Gjafabréfin eru áhugaverður kostur
Fjölbreytni einkennir vefverslunina og þess vegna eru gjafabréf áhugaverður kostur. Hægt er að kaupa gjafabréf fyrir 3.000, 5.000, 10.000 og 15.000 krónur. Skýrar og góðar upplýsingar um kaup á gjafabréfum er að finna á

heimasiðunni, Vonir.is.

Umhverfisvænar áherslur og Fair Trade

Umhverfisvernd og Fair Trade eru gegnumgangandi stef í öllu vöruúrvali hjá Vonir.is. Eingöngu eru seldar vörur frá aðilum með Fair Trade-vottun eða sambærilega staðfestingu. Þannig er tryggt að vörurnar séu búnar til við góð skilyrði og allt starfsfólk fær sann-

gjörn laun fyrir vinnu sína. Auk þess er stuðlað að umhverfisvernd með því að nota endurunin hráefni og hráefni sem aflað er á sjálfbæran hátt.

Þess má geta að undanfarið hefur selst mikið af bambustannburstum og margnota sogörum úr ryðfriú stáli – en þessi áhugi sprettur upp í framhaldi af plastlausum september.

Nánari upplýsingar á vonir.is og í síma 846-3237.




HAGBLIKK

Álpakrennur og niðurföll

Brotna ekki

Ryðga ekki

Litir á lager:
Svart, hvítt, ólitað, rautt,
silvurgrátt og dökkrautt



Pakrennurnar eru frá GRÖNVIK VERK í Noregi
Þær eru einfaldar í uppsetningu

HAGBLIKK

Smiðjuvegur 4C • 202 Kópavogur • Sími 587 2202 • hagblikk@hagblikk.is • hagblikk.is

Hafsteinninn fylgir ekki hjörðinni

Með súran húnor og súrrealisma í öndvegi ■ Aukin símanotkun fólks kveikti neistann

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Höfundurinn og myndlistarmaðurinn Hafsteinn Hafsteinsson hefur verið virkur teiknari frá barnsaldri. Þegar hann flutti til Íslands sem barn átti hann erfitt með að læra íslensku og fór í staðinn að teikna allt sem hann bað um. Þetta hefur ekki stoppað síðan, því seinna tók við myndlistarnám við Willem de Kooning Academy í Rotterdam og hans fyrsta bókaútgáfa árið 2017.

Nýverið gaf Hafsteinn út barnabókina „En við erum vinir“, sem er sjálfstætt framhald sögunnar „Enginn sá hundinn“. Báðar bækur skrifar hann og myndskreytir en Hafsteinn hefur haft þann vana að sækja innblástur í það sem er að gerast í samfélaginu. Nýjustu bókin segir Hafsteinn fjalla um hræðsluáróður sem hugsaður er til að tvístra fólki í hópa.



„Bestu barnabækurnar í mínum huga eru þær sem geta skemmt foreldrum og börnum og gefið þeim eitthvað til þess að tala um þegar lesturinn er búinn,“ segir Hafsteinn. „Fyrir mér eru skilaboð þessarar bókar þau að hlusta ekki á hjörðina né fylgja henni og vera sannur vinur í staðinn. Ég hef alltaf trúað því að höfundar barnabóka eigi að segja eitthvað sem er mikilvægt fyrir börn að læra. Það þarf ekki alltaf að vera samfélagsrýni, það má vera hvaða lexía sem er. Ég held að fáir hafi náð að flytja skilaboð jafnvel í barnabókum og Dr. Seuss.“

Hafsteinn segir kveikjuna að barnabókum hans hafa komið þegar símanotkun ungs fólks fór að aukast. Fólk eigi það til að missa aflífinu í kringum sig og þótti listamanninum það sköndin tilhugsun að kanna hverju dýrin velta fyrir sér þegar fólk er á kafi í litlum, skínandi skjáum. „Oft þegar ég er í tölvunni þá kemur kisan mín og reynir að fá mig til að klappa sér. Eðlilega,“ segir Hafsteinn. „Frá sjónarhorni þessara dýra heldur þú á glóandi, flötu járnstykki og starir inn í ljósið eins og eitthvað úr hryllingsmynd. Dýrin skilja ekkert hvað þú ert að stara á og mér þótti það ágætis grunnur að hugmynd.“

Austan- og vestanhafsáhrifin

Þegar Hafsteinn var yngri hreiftst hann mikið af japönskum stíl og hefur sótt grímt í áhrif frá Ghost in the Shell og Akira, svo dæmi séu nefnd. Þá gjörbreyttist sköpunarferlið á háskólaárunum þegar hann var farinn að sækja í hinn enda hnattarins og kynna sér vest-rænni teiknistíl. Hafsteinn telur sig hafa náð að sjóða saman þessi áhrif og finna fullkominn milliveg fyrir eigin verk.

Tónlist leikur einnig lykilhlutverk og vill hann meina að það sé nauðsynlegt tól til að leyfa sögu að flæða betur í kollinum. „Ég nota



Það halda margir að listafólk purfi að búsetja sig í Reykjavík

til dæmis oft tónlistarformúlur í barnasögnum, þar sem er tekið tillit til viðlags, uppbyggingar og þess háttar,“ segir Hafsteinn.

Spurður hvaða verk hafi haft ríkjandi áhrif á hann á æskuárum segir Hafsteinn þann lista vera langan en hann hallist oft að súrum húnor og ekki síður hryllingsögum. „Ég hef alla tíð verið hrifinn af súrrealisma og gríni og langar alltaf að segja meira með sögu heldur en lesandinn les í fyrstu,“ segir Hafsteinn og telur upp Evil Dead og verk spíritistans Alejandros Jodorowsky sem stóran áhrifavald. Framundan hjá Hafsteini eru stuttar hrollvekju-sögur í myndasöguformi. „Ég hef nóg af hugmyndum sem mig langar að vaða í, svo ég held að ég muni ekki stoppa á næstunni.“

Hugboðið sem breytti öllu

Hafsteinn er búsettur í Neskaupstað og segist betur kunna við

sig þar en í höfuðborginni. „Það halda margir að listafólk purfi að búsetja sig í Reykjavík, en það er töluvert ódýrara að búa úti á landi og þú færð meiri tíma fyrir listina. Það eru margir listamenn sem hafa ákveðið að búa úti á landi vegna þess.“

Á milli listastunda er Hafsteinn hluti af hótél- og veitingarekstri í Neskaupstað ásamt mannum sínum, Hákon Hildibrand. Þar sinna þeir menningartengdri starfsemi og aðstoða við að reka fé í nágrenninu. Þeir Hafsteinn og Hákon eru sælir og sannkallað athafnapar og vill listamaðurinn meina að ólíkir persónuleikar þeirra styrki þá. Hafsteinn bætir við að Hákon hafi kennt honum ýmislegt og öfugt, en það sem sameinar þá er sameiginlegur húnor og löngun til að skapa. Hákon er einnig undir dragnafninu Amma andskotans og hefur verið hressandi plötusnúður og



skemmtikraftur um margra ára bil.

„Ég gæti ekki ímyndað mér líf án hans,“ segir hann. Þeir Hákon hafa verið saman í tæp átta ár og segir Hafsteinn að fyrstu kynni þeirra hafi verið örlagarík og skrautleg.

„Við kynntumst auðvitað á „Gay bar“ í Reykjavík, líkurnar á því að við myndum hittast voru mjög litlar. Ég var í fríi frá skólanum á Íslandi og var dreginn á barinn af vini mínum. Og Hákon var í fríi í Neskaupstað og fékk hugboð um morguninn um að fara til Reykjavíkur með næsta flugi. Þá hittumst við um kvöldið, fyrir einskæra tilviljun, á dansgólfinu og við höfum ekki hætt að dansa saman síðan.“ ■



Minnistöflur

Bætir skammtímaminnið. Nýtist fólki sem er undir álagi og fæst við flókin verkefni. Hentar vel fyrir eldri borgara, lesblinda og nemendur í prófum. Dregur úr streitu, eykur ró og bætir skap.



www.birkiaska.is

Bodyflex Strong

Bodyflex Strong vinnur gegn stirðleika og verkjum í liðamótum og styrkir heilbrigði burðarvefja líkamans.

2 hylki tvisvar á dag í tíu daga. Síðan er hægt að minnka skammt í 2 hylki á dag. Inniheldur hvorki laktósa, ger, glúten né sætuefni.



www.birkiaska.is

Evonia

Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.

Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.

Bætiefni ársins í Finnlandi 2012.



www.birkiaska.is

KVIKMYNDIR BALTASARS SEM HAFU EKKI ORÐIÐ AÐ VERULEIKA

Frá landnámi til leiðtogafundarins

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Baltasar Kormákur er óneitanlega mikill brautryðjandi í sínum bransa. Hann var fyrstur íslenskra leikstjóra til þess að leika sér á erlendri grund. Það efast enginn um dugnað mannsins og hann hefur verið duglegur að dæla út verkefnum, bæði sem framleiðandi og leikstjóri.

Á dögum opinberaði Baltasar nýjasta verkefnið sem er í burðarliðnum. Þetta var í þættinum Með Loga og ræddi hann þar kvikmyndina Arctic 30. Myndin er byggð á sannri sögu og fjallar um atvik árið 2013 þegar rússneskir strandgæsluliðar réðust um borð í skip Greenpeace-samtakanna. Skipið, sem gekk undir nafninu Arctic Sunrise, hafði verið hring-sóla við olíuborþall í suðaustanverðu Barentshafi. 29 meðlimir Greenpeace-samtakanna voru í haldi.

Emma Thompson með umsjón yfir handritinu

Blaðamaðurinn Ben Stewart skrifaði bók um þessa atburði en breska Óskarsverðlaunaleikkonan Emma Thompson er sögð, samkvæmt IMDb, vera skráð fyrir handriti myndarinnar.

Baltasar tekur fram að Arctic 30 sé ástríðuverkefni hins virta framleiðanda Davids Putman, sem er meðlimur lávarðadeildarinnar í Bretlandi. „Þetta er einhver mest „legendary“ kvikmyndaframleiðandi Bretlandssögunnar.“ Leikstjórinn segist vera vongóður um að hægt verði að taka upp myndina að einhverju leyti á Íslandi. „Eitt af því sem hefur verið stóra markmiðið mitt er að gera þetta að stórum hluta á Íslandi, með íslensku tókuliði, en fyrir Hollywood-stúdíóið. Myndin hentar vel í hvort tveggja,“ segir hann.

„Þetta er eins og blanda af Captain Phillips og Midnight Express,“ segir Baltasar. „Mér

finnst þetta flott saga og áhuga-verð þótt ég sé ekki sammála Greenpeace að öllu leyti, en þetta er fyrir góðan málstað. Þetta er góður þriller um eitthvað sem skiptir máli.“

Hugh Jackman í biðstöðu

Um þessar mundir vinnur leikstjórinn hörðum höndum að annarri þáttaröð Ófærðar, sem afhjúpuð verður um áramótin. Tíminn á eftir að leiða í ljós hvort Arctic 30 verði gerð með Baltasar við stjórnvölinn, eða hvort hún lendi í skúffunni líkt og síðar nefnd verkefni. Fyrr á árinu greint frá því að næsta erlenda kvikmynd Baltasars gæti orðið njósnatryllir með Hugh Jackman í aðalhlutverki. Sú mynd ber heitið The Good Spy og er samstarfsverkefni framleiðslufyrirtækjanna Image Nation og Working Title. Á meðal framleiðenda myndarinnar er Evan Hayes og hafa þeir Baltasar áður unnið saman að kvikmyndunum Contraband og Everest.

Myndin er byggð á sannsögu-

legum atburðum og segir frá lífi CIA-leyniþjónustumannsins Roberts Ames á tímum kalda stríðsins og tilraunum hans til þess að efla tengsl Bandaríkjanna við Mið-Austurlönd. Ames bjó yfir þeim hæfileika að geta myndað einlæg tengsl við fólk í starfi með því að skoða sameiginleg gildi á meðan margir kollegar hans gripu til hótana og blekkingarleikja. Ames lést árið 1983 í sprengjuárás fyrir utan bandaríska sendiráðið í Beirút. Engar nýjar fregnir hafa heyrst frá því verkefni síðan í maí.

Verkefni í súginn?

Það sem ekki allir vita – eða kannski muna – er hinn mikli fjöldi verkefna sem kvikmyndaunnendum hefur verið lofað en ekki orðið að veruleika. Bransapólitíkin getur oft verið snúin og verkefni eru oft tilkynnt áður en gengur að safna fjármagninu sem nauðsynlegt er. Stundum snýst þetta um peninga, stundum um listrænan ágreining en einnig getur verið að gefinn listamaður missi hreinlega allan áhuga. Þá er stórt spurt og þar af leiðandi skulum við kanna hvaða verkefnum Baltasars hefur verið sópað undir teppið.

Leiðtogafundurinn kvikmyndaður – Reykjavík

Árið 2014 var greint frá því að Baltasar myndi leikstýra kvikmynd um leiðtogafund Ronalds Reagan, forseta Bandaríkjanna, og Michaels Gorbachev, leiðtoga Sovétríkjanna, sem fram fór í Höfða árið 1986. Kvikmynda-gerðarmaðurinn Ridley Scott átti upphaflega að leikstýra myndinni og voru stórleikararnir Christoph Waltz og Michael Douglas orðaðir við hlutverk Gorbachev og Reagan. Ekki er vitað nánar um stöðu Reykjavíkur en sérfræðingar telja að verkefnið sé komið á ís.

Erlendur selur – Grafarþögn

Þegar Mýrin var frumsýnd árið 2006 var almenningur strax farinn að kalla eftir meiru. Aðlögunin á samnefndum reifara Arnalds Indriðasonar sópaði til sín allt að 87 þúsund áhorfendum í kvikmynda-húsum og seldist víða um heim. Á erlendum velli kallast myndin því óhuggulega en stálharða nafni Jar City og stóð alltaf til að flytja fleiri bækur Arnalds um töfðaralögguna Erlend á hvíta tjaldið. Í áraradír hefur staðið til að kvikmynda hina stórvinsælu Grafarþögn, fjórðu bókinu í röð Arnalds. Önnur verkefni hafa staðið í vegi fyrir því að þetta yrði að veruleika. Ingvar E. Sigurðsson hefur opinberlega sagst vera meira en til í að endurtaka leikinn sem Erlendur. Þá hefur Baltasar sífellt lofað því að sé stutt í tölur en enn hefur ekkert orlað á verkefninu. Því er öruggt að segja að handritið hvíli í grafarþögn þangað til dagskrá leikstjórans leyfir annað. Áhorfendur bíða bara á meðan, eins og Ingvar.

Víkingsæpíkin mikla – Vikingr

Árið 2014 var greint frá því að



handritið „Vikings“ (já, svona er það víst skrifað) væri loksins búð að finna heimili eftir margra ára leit. Universal Pictures og Working Title tryggðu sér réttinn að handritinu sem Baltasar skrifaði ásamt leikaranum Ólafi Agli Egilsyni, en þar er sagt frá landnemum og lífi þeirra. Baltasar hefur margoft talað um stóru víkingamyndina sína og var útlit fyrir að myndin færi í framleiðslu árið 2009 þegar víkingaþorp var reist á Horni í Hornafirði. Tökur myndarinnar áttu að hefjast árið eftir en sífjöld tóf á framleiðslunni hefur sett þessa epík í ótímabundna biðstöðu. Leikmyndin hefur veðrast talsvert síðan þá og olli málaferlum fyrir á þessu ári. Framleiðslufyrirtækið 26 Films, sem á réttinn að myndinni í dag, stefndi landeigandanum fyrir að selja ferðamönnum aðgang að víkingaþorpinu og hafa af því umtalsverðar tekjur. Kannski það sé efni í stórspennandi kvikmynd? Eitt-hvað verður nú að gera við þetta þorp.

Tók við af Meryl Streep – The Bird Artist

Árið 2003 var Baltasar farinn að tala við eitt stærsta kvikmynda-fyrirtæki Kanada, Alliance Atlantis, til að framleiða aðlögun á bókinni The Bird Artist. Í viðtali við Fréttablaðið sagðist Baltasar hafa verið hrifinn af bókinni en ekki handritinu sem til stóð að kvikmynda. Í kjölfarið var handritshöfundinum Malcom MacRury flogið til Íslands og þeir Baltasar skrifuðu handritið upp á nýtt. Áður en Balti kom inn í verkefnið höfðu virtu leikkonurnar Meryl Streep og Annette Bening sóst eftir kvikmyndarétti bókarrinnar. Kvikmyndin hefur enn ekki verið gerð og verður að öllum líkindum föst í svonefndu limbói um komandi ár.

Daðrað við Nesbø – I am Victor

Lengi stóð til að kvikmynda eins margar bækur Jo Nesbø og framleiðendur komust í snertingu við. Í fyrrihaust var síðan sýndur dramatryllirinn The Snowman við afleitar viðtökur og hættu þá öll hjól að snúast. Vefurinn Deadline greindi frá því í fyrra að Baltasar væri orðaður við aðlögun á óútgefni skáldsögu sem nefnist I Am Victor. Sagan segir frá spilltum og sjálfsskum skilnaðarlögfræðingi sem er sekur um röð hrottalegra morða. Baltasar var í góðum hópi en tveikið Neal Purvis og Robert Wade voru skráðir fyrir handrits-aðlöguninni, en þeir tveir hafa skrifað síðustu sex kvikmyndir í seríunni um James Bond. I Am Victor hefur annars verið kvikmyndað áður, sem sjónvarpsmynd árið 2013, og verður það líklega eina aðlögunin framvegis. ■



Baltasar Kormákur
Ekki öll verkefni fæðast.



GRUNDFOS

Straumhvörf í neysluvatnsdælum



Grundfos Scala 3-45

Álagsstýrð, heldur jöfnum þrýstingi og hljóðlát. Dregur vatn allt að 8 metra Innbyggð þurrkeysruvörn Afkastar 8 aftöppunar stöðvum

Draghális 14-16 | Sími 412 1200
110 Reykjavík | www.isleifur.is

ÍSLEIFUR
JÓNSSON



Sprautu & Bifreiða-
verkstæði **Borgarness**

Vönduð og fagleg vinnubrögð og mikil
reynsla í vinnu við vörubíla og rútur.
Þjónustum öll tryggingarfélag.

Sólbakki 5 | Borgarnesi | 437 1580 | sbb@simnet.is

BÍLAMÁLUN
Málun og réttning
á bifreiðum af
öllum strærðum
og gerðum.



FRAMRÚÐUSKIPTI

Framrúðuskipti í vörubílum, hópferðabifreiðum og vinnuvélum.

Gistiheimili til sölu!

TIL SÖLU - Rekstur og fasteign
Bank Guesthouse 291.2m²

- Um ræðir 13 herbergi.
- 9 herbergi eru í langtímaleigu og 4 í gistileigu á Airbnb og booking.com.
- Góðir tekjumöguleikar, eign í fullum rekstri.
- Öll húsgögn fylgja.
- Góð bílastæði.
- Staðsetning er 3km frá Alþjóðaflugvellinum í Keflavík.



Upplýsingar gefur
Guðmundur í síma 7767600

M2 FASTEIGNASALA

M2 Fasteignasala & Leigumiðlun | Hólmgarður 2c, Keflavík | s. 421 8787

Svindlmatur crossfit-stjarnanna

Magnaðir mjólkurhristingar, veganpítsur og löðrandi KFC-kjúlli með brúnni sósu


Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@dv.is



Þeir sem leggja mikið kapp á að vera í góðu formi og ná árangri í íþróttum víta að mataræðið skiptir höfuðmáli. Oft er talað um svokallaðar svindlmáltíðir í þessu sambandi, en þá er átt við

einn dag í viku þar sem fólk, sem vanalega lætur ein-göngu holla ofurfæðu ofan í sig, leyfir sér að gera vel við sig í mat og drykk.

Okkur lék því forvitni að víta hver svindlmatur íslenskra Crossfit-stjarna væri, en þar kennir vægast sagt ýmissa grasa.



Bláber og bragðarefur

„Ég leyfi mér bragðaref einstöku sinnum,“ segir Þuríður Erla Helgadóttir sem hefur vakið mikla athygli í crossfit-heiminum síðan hún tók þátt í fyrstu CrossFit-leikunum fyrir nokkrum árum. „Mér finnst geggjað gott að setja bláber, pekanhnetur og kókos í bragðar-



efinn, en ef

ég vil bæta við nammi þá fæ ég mér bláber, hnetusmjör og Prist,“ bætir hún við. „Annars elska ég að fá mér bláber eða ávexti með rjóma þegar mig langar í eitthvað gott.“

Þuríður segist ekki beint fylgja þessu hugtaki um svindldaga, heldur reynir að hlusta frekar á líkamann.

„Ég leyfi mér að fá það sem mig langar í þegar mig langar í það, en oftast langar mig frekar að vera holl og borða hollt.“



Þykir vænt um pítsuátið með fjölskyldunni

„Minn svindlmatur hefur alltaf verið pítsa og kemur örugglega alltaf til með að vera pítsa,“ segir hreystimennið Árni Björn Kristjánsson sem hefur náð góðum árangri í crossfit, bæði hér heima og erlendis, síðustu ár.

„Þar sem ég er vegan þá passa ég að hafa nóg af grænmeti á pítsunni og stundum set ég oumph eða seitan á hana líka. Þar sem ég mæli allt sem ég borða, þá reyni ég samt alltaf að láta allan svindlmat falla inn í þann kalóriufjölda sem ég borða dagsdaglega,“ segir Árni og bætir við að pítsuátið sé mikilvægur partur af fjölskyldulífinu.


„Það hefur verið hefð síðustu ár að gera pítsu alltaf á föstudögum og þá hittumst við fjölskyldan og gerum heimagerða pítsu saman. Það er tími sem okkur þykir mjög vænt um. En ef við bökkum ekki pítsuna sjálf þá pöntum við hana hjá Íslensku flatbökkunni. Þeir eru einfaldlega með langbestu veganpítsurnar.“



Magnaður mjólkurhristingur

Eik Gylfadóttir vinnur sem sjúkra- og einkaþjálfari í Sameinuðu arabísku furstadæmum. Hún hefur æft crossfit af kappi síðustu árin og segir þetta áhugamál afar tímafrekt. Hún hefur náð góðum árangri í sportinu, en svindlmaturinn hennar er vægast sagt sjúklega girnilegur.

„Svindlmaturinn minn er klárlega góður hamburgari um helgar og einstaka sinnum mjólkurhristingur. Uppáhaldsstaðurinn minn er Black Tap í Dúbaí,“ segir Eik, en hægt er að gleyma sér á Instagram-síðu teðs veitingastaðar.



KFC með frönskum og sósu

„Ég elska mjög mikið að fá mér svindlmáltíð en minn fyrsti valkostur er örugglega Box Master á KFC með frönskum og heitri, brúnni sósu yfir. Ég lét það eftir mér þegar mér finnst ég eiga það skilið,“ segir Björgvin Karl Guðmundsson sem æfði fimleika og knattspyrnu áður en hann fann sig í crossfit, með góðum árangri. Eftir áralangan íþróttuferil segist hann hafa mikla sjálfstjórn þegar kemur að mat.

„Ég er ekki með neinn sérstakan svindldag en ég hef þó mikla stjórn á sjálfum mér.“



GIMLI

FASTEIGNASALA

NÆSTI KAFLI HEFST HJÁ OKKUR



SÖLKUGATA 16, 270 MOSFELLSBÆR
79.900.000 kr.

Tegund	Raðhús
Stærð	258 M ²
Herbergi	6



DALSEL 8, 109 REYKJAVÍK
42.900.000 kr.

Tegund	Fjölbýli
Stærð	107 M ²
Herbergi	3



LAXATUNGA 40, 270 MOSFELLSBÆR
54.900.000 kr.

Tegund	Raðhús
Stærð	203 M ²
Herbergi	6

Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / S. 570 4800

HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



Allsber í maníu á Austurvelli

- Skrifar bók um geðhvörf sín
- Missti bróður í flugslysi
- Stýrði umferð á sundskýlunni

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Kristinn Rúnar Kristinsson hefur barist við geðhvörf í tæpan áratug og lent í ýmsum skrautlegum uppákomum í því alsæluástandi sem því fylgir. Hann komst í fréttirnar þegar hann berháttaði sig á Austurvelli, reyndi að tengjast Cristiano Ronaldo í gegnum Herbalife og stýrði umferð á sundskýlunni einni fata. Þetta skrásetur hann í bókinni Maníuraunir: Reynslusaga strípalingsins á Austurvelli sem kemur út 25. október. DV ræddi við Kristin um þessa baráttu.

Árekstrar við fjölskyldu og vini
Kristinn er nú að leggja lokahönd á bók þar sem hann lýsir baráttu sinni við geðhvörf, en einnig fjallar hann um æskuna og drauminn um atvinnumennsku í íþróttum. Hann segir að almenningur viti lítið um geðhvörf og hann hafi viljað varpa ljósi á hvernig sjúkdómurinn virkar, hvernig maníurnar gerast.

„Ég hef haldið fyrirlestra fyrir unglinga og alltaf spurt hvort þeir viti hvað geðhvörf séu. Aðeins um fimm prósent segjast vita það, sem er sláandi. Ég get fullyrt að um níutíu prósent fullorðinna vita það ekki. Þegar ég fór í mína fyrstu maníu, tvítugur, hélt fólk í kringum mig að ég væri í einhverju „flipp-tímabili“ af því að ég var örari og hagaði mér undarlega. Ég vissi ekki sjálfur hvað þetta var. Þegar ég var búinn að vera í þessu ástandi í sex vikur heyrði ég orðið manía í fyrsta skipti frá geðlækni.“

Kristinn greindist með geðhvörf árið 2009 og hefur skrifað um sína reynslu, bæði í pistlum í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum. Hann segir að fordómarnir gagnvart fólki með andlegar áskoranir séu að minnka, sérstaklega eftir baráttu eins og „Ég er ekki tabú“ og „Út með það.“ En mestu fordómarnir séu alltaf hjá þeim sem þurfa að kljást við þetta.

„Fólk um fimmtugt og eldra á erfiðast með að tala um þetta. Svona mál voru ekki rædd áður fyrr.“

Hefur fólk í kringum þig sýnt ástandi þínu skilning?

„Nei, ég tala um það í bókinni að mér hefur fundist sem fjölskylda mín hafi ekki skilið geðhvörfin í gegnum tíðina. Maður þarf að hafa upplifað þetta sjálfur til að skilja þetta til fullnustu. Ég hef lent í mörgum árekstrum við fjölskyldu mína, sérstaklega í maníunum sjálfum. Maður verður að passa hvað maður segir við manneskju í þessu ástandi og það getur verið eins og að skvettu olíu á eld að ætla að grípa inn í. Einn félagi minn spurði mig á rúntinum á Hringbrautinni hvort ég vildi hitta geðlækni. Þá sagði ég honum að snarstoppa bílinn, lamdi í plássid fyrir ofan hanskahólfid, rauk út og gekk úr Reykjavík heim í Kópavog. Ég bjó hjá foreldrum mínum og systkinum á þessum tíma og það voru daglegir árekstrar. Nú bý ég einn og það er miklu betra.“

Kristinn hefur lært að vera sem mest einn þegar hann er í þessu ástandi. Hann lætur samfélagsmiðla að mestu leyti vera og svarar oftast ekki í símann. Þá er hann í sínum eigin heimi að sinna verkefnum.

Missti bróður í flugslysi

Kristinn er Kópavogsbúi í húð og hár, alinn upp í sex systkina hópi. Eldri bróðir hans Guðni lést í flugslysi í Kanada sumarið 2007 aðeins 22 ára að aldri.

„Við vorum nánir og mér finnst ég alltaf finna fyrir honum, sérstaklega þegar ég er í maníu. Hann ýtir á mig að skapa og skrifa. Mér finnst hann eiga þátt í þessari bók sem ég er að gefa út núna.“

Guðni, sem var einn fremsti hjólabrettamaður landsins, var í flugnámi í Kanada. Hann var að taka síðustu tímana áður en hann hefði fengið atvinnuflugmannsréttindi þegar vélin fórst í nauðlendingu í skógi. Mælirinn bilaði og Guðni þurfti að hækka flugið vegna óveðursskýs.

„Hann lenti vélinni þannig að hann sjálfur tæki mesta höggið því hann vissi að hann bæri ábyrgð á þessu. Davíð Jónsson, besti vinur hans, var með og tveir aðrir. Davíð fór illa út úr þessu en er í góðu ásígtkomulagi í dag og

Þú verður miðpunktur alheimsins og heldur að þú getir meira en þú getur

meira að segja enn þá að skeita.“ Kristinn var staddur á Benidorm þegar vinkona móður hans sem var í nágrenninu kom til hans og sagði honum fréttirnar. Hann segist hafa fengið einhverja ónotatilfinningu áður en hún kom til hans, einhvern fyrirboða um hvað var í vendum.

„Ég fór í eitthvert ástand strax, grét, svaf ekkert, ráfaði um og meðtók ekkert sem var sagt við mig. Það var erfitt að upplifa þetta fjarri fjölskyldunni og samferðafólk mitt þurfti að vakta mig. Ég tók flug heim tveimur dögum síðar og það var sérstaklega erfitt eftir að hafa misst bróður sinn í flugslysi.“

Íhugaði sjálfsvíg hjá ömmu

Kristinn segist hafa verið mjög sérstakur krakki. Hann las minningargreinar í Morgunblaðinu til að sjá hvort hann hefði einhver tengsl við fólkid. Hann var gömul sál og átti auðvelt með að tengjast eldra fólki.

Hann átti við námsörðugleika að stríða og var mikill einfari en gekk vel í íþróttum, bæði knattspyrnu og körfuknattleik. Fram að áttunda bekk var hann með fremstu keppendum á landinu í báðum greinum. En þá kom skellurinn mikli.

„Ég fór úr 50 kílóum í 62 á einu sumri. Getan og sjálfstraustið hvarf og ég var á endanum settur í markið. Það helltist yfir mig svart þunglyndi og ég hélt að mér myndi aldrei líða vel aftur.“

Það var á þessum tíma sem Kristinn íhugaði sjálfsvíg, aðeins þrettán ára gamall.

„Ég fór í heimsókn til ömmu minnar, sem bjó á tíundu hæð í Gullsmáranum, eftir fótboltaæfingu og átti innihaldslaust spjall



Maníuraunir Ítarlegar lýsingar á baráttu við geðhvörf.

við hana. Svo fór ég út á svalir og hugsaði um að fleygja mér fram af. En ég hætti við af því að mér fannst ég ekki geta gert fjölskyldu minni þetta. Tveimur dögum seinna brotnaði ég saman fyrir framan foreldra mína sem voru búin að reyna að hressa mig við.“ Eftir þetta komu þunglyndis-hrinurnar, tíu eða tólf dagar í senn, og botninn yfirleitt á sjötta eða sjöunda degi.

„Krakkarnir vissu ekkert hvað var að gerast hjá mér og skóla-yfirvöld sýndu mér skilning en það var engin alvöru hjálp til staðar. Þetta er enn þá svona í grunn-skólunum. Kennararnir sem ég hef rætt við eftir fyrirlestra hafa

sagt að þeir ræði ekki um geðsjúkdóma við krakkana.“

Reyndir þú að fela þetta?

„Já. Ég var í feluleik frá 2002 til 2014. Þá svipti leikarinn Robin Williams sig lífi eftir baráttu við þunglyndi. Vinkona mín sagði mér að vitundarvakning væri að fara af stað og allir sem hefðu sögu að segja ættu að opna sig og ég gerði það.“

Alsæluástand

Hvernig líður þér þegar þú ert í maníu?

„Þetta er vellíðunarástand. Það er sagt að þetta sé eins og að vera á kókaíni, amfetamíni og sýru öllu í einu, en ég hef ekki prófað ▶

Athyglisverðir punktar



Sum fyrirtæki senda bara starfsmann út í búð. Það kostar ekkert því hann er hvort sem er í vinnunni



Ávextir alla daga vinnuvikunnar kosta um 550 kr. á mann. Hamborgartilboð kostar hátt í 2.000 kallinn, einu sinni.



Ávaxtabiti um miðjan morgun eða um nónið, getur bjargað deginum þegar starfsmenn eru orðnir orkulausir. Vinnuveitendur geta hagnast nokkuð á því.



Þegar fyrirtæki eru í áskrift hjá Ávaxtabílnum, þurfa þau aldrei að muna að panta – ávextirnir koma bara.



Ef fyrirtæki í áskrift vill breyta pöntun sinni, er hún kölluð fram á heimasíðu okkar, breytt og send inn – gæti ekki verið einfaldara.



Fyrirtæki í áskrift fá 20% afslátt af veislubökkum okkar.



Starfsmenn Múlalundar sjá um alla tiltekt ávaxtanna fyrir Ávaxtabílinn og fá svo að sjálfsögðu ávexti upp á borð hjá sér alla vikuna



það," segir Kristinn og brosir. „En þetta tekur mjög á, því maður sefur mjög lítið. Í fyrri var ég í sjö vikur í maníu og þá svaf ég ekki nema tvo eða þrjú tíma á sólarhring, alltaf á daginn, og fór aldrei í djúpsvefn. Ég var með mikla orku, æfði upp í allt að sex tímum á dag og grenntist mjög hratt. En litlu atriðin eins og að þvo þvott sátu á hakanum vegna lítillar þolinmæði, þess vegna var íbúðin mín í rúst. Ég var einnig alltaf að týna hlutum og ég tengi það við djúpsvefninn. Síðan vinnur líkaminn þetta allt til baka í niðursveiflunni. Þá get ég sofið í tuttugu tíma á sólarhring.“

Kristinn hefur alltaf farið í sínar maníur á sumrin, sérstaklega síðsumars og kemur niðursveiflan þá á haustin. „Það þekktist alveg að fólk fari í maníur á veturna en er sjaldgæfara hér. Íslenska veðrið er bipolar," segir Kristinn og hlær.

Hann segir maníurnar einnig tengjast skapi hans og hvað sé að gerast í lífinu. Velgengni getur hrundið maníu af stað.

„Ég er meðvitaður um að ég gæti farið í maníu eftir að bókin kemur út. Þá vegna vellíðunar vegna þess að hafa klárað verkið og sjá það fæðast. En það er ekki öruggt.“

Gerir þú þér grein fyrir að vera í maníu?

„Já, þess vegna get ég skrifað um það. En það er samt sjaldgæft því flestir ranka við sér eftir nokkurra vikna ástand og vita ekkert hvað gerðist, eins og „blackout“ eftir drykkju eða fíkniefnaneyslu.“

Kristinn og Cristiano Ronaldo

Í maníu fylltist Kristinn óbilandi sjálfstrausti og nefnir hann að hægt sé að nýta það ástand til góðs. Margt hæfileikafólk sem skarað hefur fram úr á sínu sviði hefur verið með geðhvörf. Það hefur ekki alltaf endað vel, til dæmis hjá Vincent van Gogh, Kurt Cobain, Marilyn Monroe og Amy Winehouse.

„Það fylgir þessu líka mikilmennskubrjálæði og ranghugmyndir, sérstaklega í lokin. Þú

Hann lenti vél-inni þannig að hann sjálfur tæki mesta höggið því að hann vissi að hann bæri ábyrgð á þessu

verður miðpunktur alheimsins og heldur að þú getir meira en þú getur. Hjá mér koma iðulega upp atvinnumannsdráumar í íþróttum. Það var sárt að ekkert varð úr fótboltanum, þar sem hafðar voru væntingar um slíkt. Þegar ég var tíu ára æfði ég mig í að skrifa eiginhandararitanið hratt þar sem ég var farinn að undirbúa mig fyrir að þurfa að skrifa þúsundir. Þegar ég flosaði upp úr boltanum fann ég fyrir mikilli skömm og hef ekki jafnað mig á því enn.“

Í einu ástandinu birti Kristinn mynd af sér við auglýsingaskilti sem á var mynd af knattspyrnumanninum Cristiano Ronaldo að auglýsa Herbalife, vöru sem Kristinn seldi og notaði mikið áður fyrr.

„Ég setti myllumerki við og var alveg sannfærður um að hann myndi sjá þetta og heyra í mér í kjölfarið. Við myndum síðan fara í samstarf. Það hafa komið upp fleiri tilvik þar sem ég hef heyrt eða séð eitthvað, til dæmis lög í útvarpinu, og fundist talað til mín. Þetta eru mjög algeng ein-kenni og margir hafa ferðast milli landa til að hitta átrúnaðargöðin sín," segir Kristinn og hlær.

Strípalingur á Austurvelli

Á loka stigi maníu fer Kristinn að finna fyrir ofsóknarbrjálæði og ofsahræðslu. Hann heldur þá að einhver sé að elta hann og reynir þá að flýja, til dæmis með því að keyra hratt í burtu. Kristinn hefur



Kristinn og Cristiano Ronaldo
Taldi að Herbalife-samstarf væri í vændum.

einnig sýnt af sér annars konar undarlega hegðun í maníu, til dæmis í tvö skipti tekið að sér að stýra umferð og í annað skiptið á sundskýlu einni fata.

„Ég hafði búið í Mexíkó og séð hvernig umferðarmeningin þar var betri en hér heima. Í eitt skipti var ég að stjórna umferð við Smáralindina, banka í rúður hjá fólki og skamma það. Eftir það skipti fór ég í nauðungarvistun á bráðageðdeild. Í hitt skiptið var ég heitum potti heima á Digranesheiðinni. Þá fór ég á skýlunni að Digranesveginum, stýrði umferð og skammaði fólk. Þá kom Biggi lögga og handtók mig og ég var fluttur á geðdeild.“

Undirtitill bókarinnar vísar í atvik sem átti sér stað á Austurvelli árið 2015 í kringum #freethenipple-átakið, þegar stúlkur gengu um berar að ofan. Kristinn varð vitni að þessu og fannst vera einhver ástæða fyrir því að hann væri þarna. Hann gekk því að styttni af Jóni forseta og klæddi sig úr öllum fötunum til að sýna baráttunni samstöðu.

„Það var hringt í lögguna en ég var fljótur í fötin aftur og kom mér á brott. Ég var í bol merktum Herbalife og félagi minn úr körfunni, sem var í löggunni, áttaði sig á hver strípalingurinn hefði verið. Þá var mér fylgt inn í lög-reglubíl.“

Eyddi milljón á mánuði

Annað sem fylgir ástandinu er gríðarleg eyðslusemi. Í fyrstu maníunni árið 2009 var Kristinn staddur í Prag og kláraði hann þá allan gjaldeyrinn sinn á fyrsta degi. Samferðamenn hans héldu að hann væri á sýru og hugsuðu aðeins um að reyna að koma honum heilum heim. Í maníunni árið 2017 tók hann 500 þúsunda króna lán hjá Netgíró og eyddi samstundis tæpum 200 þúsund í íþróttafatnað. Í maníunni árið 2017 eyddi hann einni milljón á mánuði og hefði eytt meira ef hann hefði getað.

„Þetta er dæmigert. Fólk hefur eytt miklu hærri upphæðum í maníuástandi og með sjálfs-traustinu kemur sannfæringarkraftur til þess að útvega sér lán.“

Hefur þú einhvern tímann óttast að valda slysi, á þér eða öðrum?

„Já, ég hef afhent þessa bíllyklana því að maður getur orðið villtur við að keyra í umferðinni. Í fyrri fór ég því mestallt fótgangandi. Þá munaði minnstu að illa færi þegar ég var að hlaupa yfir götuna við Hörpu, maður gefur sér ekki tíma í að bíða eftir ljósum. Það keyrði bíll á 80 kílómetra hraða fyrir framan mig rétt áður en ég steig yfir götuna. Ég hugsaði hins vegar ekki mikið um þetta fyrir en seinna.“

Gefa lyf eins og Smarties

Hvernig finnst þér ástandið á geðdeildinni vera í dag?

„Ekki gott," segir Kristinn og brosir út í annað. „Það er ekki hugað að því rólega umhverfi sem þarf að vera til staðar á geðdeild. Þegar ég var þar inni, á mesta álagstímanum í ágúst í fyrri, voru mikil læti fyrir utan, verið að vinna með höggþora og loftpressur. Starfsfólkið sjálf var að missa vitið. Þar sem verið var að vinna úti í garði var ekki hægt að fara út til að fá ferskt loft. Ég komst ekki út í níu daga samfleytt. Annar vistmaður kýldi fjóra starfsmenn sömu helgina út af þessu.“

Á bráðageðdeildinni eru aðeins tólf pláss og þess vegna sé sífellt verið að útskrifa fólk til að rýma fyrir nýjum sjúklingum. Fá þeir þá ekki þá meðferð sem þeir þurfa. „Þegar þú ert með marga sjúklinga saman í maníu er það eins og að hafa óða hunda saman í litlu rými. Suma dagana fer maður niður á við í bata.“

Kristinn er ekki hrifinn af þeirri stefnu að beita lyfjum við öllu og telur skorta samtalsmeðferðir. Sjálfur hefur hann verið á Seroquel, sem veldur mikilli syfju og ofþyngd.

„Læknarnir gefa þetta eins og Smarties. Í fyrstu innlögninni var slökkt á mér með þessu. Ég missti áhugann á íþróttum, svaf tólf tíma á sólarhring og borðaði þess á milli.“

Það sem honum finnst einnig vanmetið meðferðarúrræði er raflost. Eftir eina slíka var hann einkennalaus í þrjú og hálf ár. Hann segir þó að fólk megi ekki fara of ört í slíka meðferð því að skammtímaminnið versni.

Kristinn segist ætla að gefa hluta ágóðans af bókinni til bráðageðdeildarinnar. „Ég veit að það mun ekki muna miklu en mig langar til að láta gott af mér leiða.“ Bókin Maníuraunir kemur út þann 25. október og verður fánæg á síðunni kristinnrunar.com. Hægt er að panta eintak nú þegar. ■

TUDOR

ALLAR GERÐIR RAFGEYMA

Mikið úrval -
Traust og fagleg þjónusta

SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12
577 1515 / skorri.is



MYKIND BÆTIEFNALÍÑAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.


Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Tímarvélín



Maris M. Gilsfjörð

læstur stækka fólk eftir vild,
einnig útvegar hann stimpla eins
og að undanfögnu.

Gamla auglýsingin

Njörður 5. maí 1916

HÓRMANGARI GRIPINN GLÓÐVOLGUR Á LAUGAVEGI

Gerði út fimm vændiskonur ■ Sagðist stunda hjúskaparmiðlun

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Í febrúar árið 1989 lét lögreglan í Reykjavík til skaras skriða gegn manni sem grunaður var um að skipuleggja umfangsmikla vændisstarfsemi í höfuðborginni. Hafði hann fimm stúlkur á sínum snærum, sumar andlega vanheilar, sumar í klóm fiknar en aðrar venjulegar húsmæður í gróðavon. Maðurinn neitaði sakargiftum og sagðist einungis hafa stundað hjúskaparmiðlun.

Tvö rúm og smokkapaðki

Þann 4. febrúar sló Tíminn upp krassandi fyrirsögn á forsiðu; „Mangari vændishrings í gæslu“, og skygga mynd af hinum grunaða með. Jón H. Snorrason, deildarstjóri hjá Rannsóknarlögreglunni, vildi ekki tjá sig efnislega um málið en staðfesti við blaðamann að rúmlega fimmtugur maður væri í haldi og grunaður um að hafa gerst brotlegur um skipulagningu vændis í Reykjavík. Lá við því refsing allt að fjórum árum í fangelsi.

Blaðamenn Tímans höfðu vit að af málinu lengi og meðal annars lagt gildru fyrir manninn en án árangurs. Í samtölum við heimildarmenn fengust þær upplýsingar að maðurinn hefði þónokkrar konur á sínum snærum, flestar á þrítugsaldri en einhverjar yngri þó.

Lögreglan hafði einnig vitað af starfsemi mannsins um nokkurt skeið. Var hann loks handtekinn að kvöldi 2. febrúar á heimili sínu við Laugaveg en þá voru tvær vænd-

iskonur og viðskiptavinur á staðnum. Í íbúðinni var „fundarherbergi“ þar sem voru tvö rúm, smokkapaðki í glugganum, á veggjunum héngu myndir af fáklæddum stúlkum. Skömmu eftir handtökuna var maðurinn úrskurdaður í vikulangt gæsluvarðhald og yfirheyrslur hófust.

Sjortari á 5.000 krónur

Meðal sönnunargagna í málinu var dreifibréf þar sem þjónustan var auglýst, en þó undir rós. „Góðir dagar og hamingja“ var yfirskriftin og í texta bréfsins kom fram að hann tæki að sér að útvega kvenfólk og karla á aldrinum 16 til 70 ára. Þá hefði hann herbergi til leigu og gæti séð um að aka kvenfólki allt að eitt hundrað kílómetra leið. „Ég heiti algjörum trúnaði“, stóð í bréfinu. Þá auglýsti hann einnig í einkamála-dálkum DV.

Dreifibréfið og smáauglýsingarnar voru ekki hans eina auglýsingaleið. Oft beið hann fyrir utan skemmtistaði og sigtaði út líklega viðskiptavini. Hann gaf sig á tal við þá og benti þeim á að hann gæti útvegað bæði kvenfólk og áfengi gegn gjaldi. Auk þess gæti hann keyrt þá á staðinn. Var hann á samningi við ljósmyndastofu sem útvegaði honum myndabækling með myndum af þeim stúlkum sem í boði voru. Starfsemin var orðin svo þróuð að þegar mangarinn var handtekinn hafði hann falast eftir samningi við VISA Ísland um greiðslukortþjónustu.

Samkvæmt heimildum Tímans var þrennt á boðstólum hjá mangaranum. Fyrir fimm þúsund

„Þær stökkva jafnvel frá pottunum þegar melludólgurinn hringir og getur komið á stefnumóti.“

krónur var hægt að kaupa snögga afgreiðslu eða „shortara.“ Í öðru lagi var hægt að gera tilboð til að fá að hafa stúlkur hjá sér alla nóttina. Í þriðja lagi gátu menn komið með áfengi með sér og fengið afnot af stúlkum gegn „áfengisleka.“

Verjur voru ekki skilyrði sem kann að koma á óvart. Árið 1989 var eyðnifaraldurinn í háumáli og mikill áróður fyrir notkun smokka, sérstaklega í tengslum við kynlífsþjónustu. Sumar stúlkurnar sem störfuðu fyrir manninn spurðu ekkert endilega um verjur og sögðu að þær væru ekki skilyrði.

Fíklar, öryrkjar og húsmæður

Samkvæmt heimildum Tímans áttu flestar stúlkurnar við áfengis- eða fíkniefnavanda að stríða. Auk þess komu þær úr félagslega erfiðum aðstæðum og fátækt. Stunduðu þær vændi til að fjármagna neysluna. Einnig störfuðu hjá honum konur sem voru taldar andlega vanheilar.

Við yfirheyrslur sagðist ein stúlk-



Neitaði sök Tíminn 4. febrúar 1989.

an, 19 ára, hafa kynnst mannum tveimur árum áður. Þá hefði hún haft mök við hann í skiptum fyrir áfengi. Eftir það hefði hún haft framfæri sitt á samförum við karlmennt fyrir milligöngu hans og ávallt verið drukkin við þá iðju.

Önnur kona, 29 ára, andlega vanheill öryrki, kynntist mannum þegar hann keypti af henni vændi. Í kjölfarið sagðist hún hafa beið hann um að finna handa sér eiginmann en hann þá selt hana í vændi.

Ekki voru þó allar í þessari aðstöðu og dæmi um að giftar konur sem ekki áttu við áfengis- eða fíknivanda að stríða störfuðu fyrir manninn. Einn heimildarmaðurinn sagði:

„Hjá þeim er þetta bara „business.“ Þær stökkva jafnvel frá pottunum þegar melludólgurinn hringir og getur komið á stefnumóti. Yfirleitt er um að ræða „shortara“ og þær taka 5.000 krónur fyrir.“

Sagðist stunda hjúskaparmiðlun

Lögregla gat sýnt fram á brot mangarans með því að tengja færslur á tékkareikningi hans við starf-



Dreifibréf Eitt af sönnunargögnum í málinu.

semina. Í nóvember árið 1988 fékkst dómsúrskurður fyrir því að bankaráð Landsbankans veitti aðgang að reikningi hans og á sama tíma fékkst einnig húsleitarheimild. Þegar stúlkurnar tóku við greiðslu var hægt að sjá hvernig færslur voru lagðar inn á hans reikning.

Eitt af helstu sönnunargögnum í málinu var giróseðill, stílaður á mangarann, sem kúnni fór með í bankann til þess að greiða fyrir þá þjónustu sem hann hafði keypt. Í reitnum þar sem átti að rita tegund greiðslu var þakkað fyrir „erótískar

Einstaklega góðar og ljúffengar pönnukökur



Vilko

ÚTBURÐI ELÍNÁR JÓNSDÓTTUR

■ Dæmd til dauða en náðuð

Árið 1846 var tvítug stúlka, Elíná Jónsdóttir, dæmd til dauða fyrir útburð. Barnið lifði hins vegar af og var því bjargað úr snjóskafli í Hríðarbyl. Barnsfaðirinn, sem var bóndinn sem hún var í vist hjá, var ekki dreginn til ábyrgðar og Elíná síðar náðuð.

Streittist við skoðun

Elíná Jónsdóttir fæddist árið 1826 og ólst upp á Hánefsstöðum í Svarfaðardal. Hún var talin fjörug, hagvirk, djörf, fríð og „voru það augu hennar sem sérstaklega vöktu eftirtekt manna.“ Var hún ákaflega blíð við þá sem minna máttu sín, munaðarlaus börn og ekkjur.

Sem unglingur vistaðist hún hjá Vigfúsi Jónssyni, bónda á Sveinstöðum, sem var giftur maður en átti launbörn víða. Ekki leið á löngu þar til hann fór að venja komur sínar í herbergi Elínár.

Nágrannakona Vigfúsar, Anna í Gljúfurártungu, tók eftir því að Elíná var með barni haustið 1845 og lét hún Árna Pálsson hreppstjóra

vita af því. Sagði hún að Vigfús væri faðirinn og að Elíná hlyti að reyna að fyrirfara barninu þegar það kæmi í heiminn.

Árni reið að Sveinstöðum með Ingibjörgu Jónsdóttur ljóðmóður með í för og vildu þau skoða Elíná. Hún streittist á móti en var skoðuð og þungun hennar staðfest. Setti hann Elíná í vist til Ingibjargar í kjölfarið.

Fæddi dreng við útihús

Hríðarbylur var þann 19. nóvember þegar Elíná tók léttasóttina. Lét hún hins vegar ekki á neinu bera og laumaðist út í storminn. Standandi fæddi hún dreng fyrir utan bæinn og féll hann í snjóinn þegar naflastrengurinn slitnaði. Bar hún drenginn að ysta útihúsinu, lagði hann nakinn í skaf og mokaði snjó yfir hann.

Þegar hún kom inn mætti hún Ingibjörgu og manni hennar, Jóni Þórðarsyni, sem grunaði hvað hefði skeð. Elíná játaði og Jón snaradist út að skafinum til að bjarga drengnum. Var hann ómeiddur og fékk nafnið Salómon.

Yfirleitt er um að ræða „shortara“ og þær taka 5000 krónur fyrir..“

nætur.“

Maðurinn var pollrólegur við yfirheyrslur og neitaði sök í málinu. Hann sagðist einungis hafa verið að stunda „hjúskaparmiðlun.“ Hann viðurkendi þó að hafa leigt út herbergi þar sem fólk gat farið á stefnumót. Sá framburður kom ekki heim og saman við nein önnur gögn í málinu og ekki heldur framburð stúlkanna sjálfra.

Tók 2.000 krónur

Um haustið var málið tekið fyrir í Sakadómi Reykjavíkur og föstudaginn 13. október var maðurinn sakfelldur fyrir að hafa haft milli-göngu um samræði fólks gegn greiðslu. Þennan dóm staðfesti Hæstiréttur.

Fyrir hórangið fékk hann sex mánaða fangelsisdóm, þar af þrjú mánuði skilorðsbundna til þriggja ára. Hann hafði aldrei hlotið dóm áður.

Talið var sannað að hann hefði hagnast á vændisstarfsemi fimm stúlkna, á aldrinum 20 til 35 ára. Í sumum tilfellum hafði hann frumkvæði en í öðrum báðu þær sjálfar um að hann útvegaði stefnumót. Þær fengu frá fimm hundruð krónum upp í tíu þúsund krónur fyrir hvert skipti. Hann tók aftur á móti tvö þúsund krónur fyrir skiptið og leigði út herbergi fyrir þúsund krónur á sólarhring ef þurfti.

Því ákvæði hegningarlaga sem mangarinn var sakfelldur fyrir hafði áður verið beitt. Til dæmis þrisvar sinnum á sjötta áratugnum þar sem einstaklingar höfðu leigt út herbergi til vændisstarfsemi. Þeir dómur voru hins vegar allir skilorðsbundnir. ■

BARNABÓK SÖGÐ VERA GUÐLAST

■ Jesús Kristur túlkaður sem sósíalískur byltingarleiðtogi

Bók sem nefndist Félagi Jesús olli miklum úlfabyt þegar hún kom út árið 1978. Klerkar Þjóðkirkjunnar sögðu hana guðlast og þingmaður kallaði eftir því að útgefandinn yrði dreginn fyrir dómstóla fyrir að brjóta hegningarlög. DV ræddi við rithöfundinn, Þórarinn Eldjárn, sem þýddi bókina.

Biskup sagði bókina ólyfjan

Félagi Jesús er sænsk bók skrifuð af Sven Wernström árið 1971. Wernström, sem lést 6. september síðastliðinn, var mikill sósíalísti og skrifaði bókina um líf Jesú út frá þeirri heimsmynd. Wernström fylgdi ekki hinni hefðbundnu frásögn heldur var Jesús túlkaður sem byltingarleiðtogi.

Hugmyndin að bókinni var ekki ný af nálinni að sögn Þórarins Eldjárns þýðanda. Bendir hann á að séra Gunnar Benediktsson hefði árið 1930 skrifað bók þar sem Kristur er túlkaður sem uppreisnarforingi.


„Félagi Jesús var skáldsaga fyrir unglínga. Sagan var túlkuð þannig að Jesús væri róttækur byltingarleiðtogi að berjast gegn kúgun og erlendum yfirráðum valdastéttarinnar.“

Af hverju fór þessi bók fyrir brjóstið á sumum?

„Það var vegna þess að einhverjir hjá Þjóðkirkjunni gerðu þau mistök að vekja athygli á henni. Ef enginn hefði sagt neitt, þá hefði hún verið eins og hver önnur bók. En einhverra hluta vegna kusu þeir og alþingismenn að ræða þetta fram og til baka, hvort þetta væri guðlast eða ekki.“

Sigurbjörn Einarsson, biskup Íslands, gaf út yfirlýsingu ásamt leiðtogum aðventista og Filadelfíusafnaðarins um að bókinni væri „afskræming á heimildum.“ Þar segir:

„Vér viljum eindregið vara grandalaust fólk við þeirri



Þórarinn Eldjárn þýddi unglíngabók sem olli úlfabyt.

óhollustu, sem þessi bók hefur að geyma, og hvetja alla heilbrigða menn, einkum foreldra og kennara, til samstöðu um að verja börnin fyrir þessari og annarri ólyfjan, sem bókaútgefendur láta sér sæma að bjóða heim.“

Þingmaður vildi draga Mál og menningu fyrir dómstóla

Á Alþingi beiitti Ragnhildur Helgadóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og síðar menntamálaráðherra, sér hvað harðast gegn bókinni. Sagði hún að þessi barnabók væri óþolandi fyrir alla sem vildu kenna börnum sínum kristileg viðhorf. Einnig að sennilega bryti útgáfan bæði gegn stjórnarskrárákvæði um vernd Þjóðkirkjunnar og grein almennra hegningarlaga um guðlast. Ætti því að draga útgefandann, Mál og menningu, fyrir dómstóla.

Annar verðandi menntamálaráðherra, Vilmundur Gylfason hjá Alþýðuflokknum, sagði aftur á móti að umræðan ætti ekki heima á Alþingi þar sem útgefandinn gæti ekki varið sig.

Þórarinn segir að þetta mikla umtal um bókina hefði ekki gert neitt annað en að auglýsa hana. Sjálfur var hann búsettur erlendis og fann ekki fyrir neinum ónotum vegna bókarinnar.

„Fólk sem aldrei hafði heyrt minnst á þessa bók sá allt logandi í deilum út af henni í blöðunum. Að sjálfsgöðu fer fólk þá að kynna sér

Þá mætti einnig spyrja á móti hvort einhverjum kynni að þykja það guðlast þegar jólin eru orðin að einni kaupmennskuhátíð“

um hvað bókin fjallar.“

Olli bókina viðlíka deilum í Svíþjóð?

„Nei. Þetta var ekki frumleg hugmynd, sams konar sögur um Jesú hafa verið skrifaðar margoft í gegnum tíðina í mismunandi löndum. Það var ekkert guðlast í henni og verið að segja eitthvað ljótt um persónur og hugmyndir sem mörgum eru heilagar. Það var frekar verið að draga fram boðskapinn á annan hátt en venjan er. Þegar það er gert var hægt að velja því fyrir sér hvort maðurinn hafi ekki verið sósíalísti. Einhverjum kynni að finna það vera guðlast.“

Þá fólk sem stendur fyrir borgaraleg gildi?

„Já. Þá mætti einnig spyrja á móti hvort einhverjum kynni að þykja það guðlast þegar jólin eru orðin að einni kaupmennskuhátíð.“ ■

STRÍÐSÁSTAND Á GAMLÁRSKVÖLD



Dómkirkjan Fálkinn 25. mars 1949.

Íslendingum er tamt að sletta ærlega úr klaufunum á gamlárskvöld en á þeim degi árið 1947 var eins konar stríðsástand í Reykjavík.


Lögregla hafði í nógu að snúast þetta kvöld en eitt alvarlegasta atvikið var þegar sprengju var kastað að skúr við olíuport Shell þar sem sprengiefni og olía var geymd. Eldur kom upp í skúrnum en slökkvilið kom á staðinn og náði að kæfa eldinn fljótt.

Þá var sprengju varpað að inngangi Hótel Borgar þar sem dansleikur var og sprungu margar rúður í veitingasalnum. Var negl fyrir gluggana og ballinu haldið áfram. Skríll truflaði guðþjónustu í Dómkirkjunni og sprengdi eina rúðuna þar.

Ófremdarástand var á götum borgarinnar þar sem tunn-um og rusli var komið fyrir. Þá var nokkrum bílum velt á hliðina. Þá kviknaði í einum bíl eftir að sprengja var sprengd undir honum.

Gerendurnir voru flestir piltar innan við tvítugt og þrír lögregluþjónar særðust í hama-ganginum. Lögreglan taldi sig hafa stjórn á ástandinu og ákvað að beita ekki táragsi. Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri sagðist þó ætla að gera ráðstafanir svo skríslæti af þessum toga myndu ekki endurtaka sig á gamlárskvöld. ■

TTUR BJARGAÐ ÚR SKAFLI



Dulsmál Algeng örlög íslenskra kvenna um aldir.

Elíná var kærð fyrir útburðinn og dæmd til fimm ára þrælkunar í héraði þann 2. febrúar árið 1846. Hæstiréttur þyngdi refsinguna í dauðadóm í desember það ár og sagst var að henni hefði ekki brugðið. Hún var hins vegar send út til Danmerkur vorið 1847 og náðuð aðeins einu ári síðar.

Aftur sneri hún til Sveinsstaða

og aftur varð hún þunguð af Vigfúsi. Hann gekkst hins vegar við því barni, dreng sem skírður var Jósef. Elíná giftist öðrum manni og átti fjögur börn til viðbótar. Hún lést í sárri fátækt árið 1899. Salómon ólst upp hjá Vigfúsi föður sínum, giftist síðar og eignaðist börn. Hann lést fimmtugur úr holdsveiki. ■

20%

afsláttur

Yuup sjampó fyrir hunda og ketti

(án SLS, SLES, þalata og parabena)

gæludýr.is

www.gaeludyr.is



27. janúar 1945

DAGUR FRELSUNAR OG HRYLLINGS

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Þann 27. janúar 1945 komu sovéskir hermenn til Auschwitz, útrýmingabúðanna alræmdu í Póllandi. Þar voru þá rúmlega 7.000 fangar, flestir þeirra gyðingar, enn á lífi. Flestir voru þeir í hræðilegu ásigkomulagi, veikir og deyjandi. 6.000 fangar voru í Auschwitz/Birkenaubúðunum, 600 voru í Monowitz-prælabúðunum og 1.000 í aðalbúðunum Auschwitz. Talið er að rúmlega 1,3 milljónir manna hafi verið sendar til Auschwitz frá 1940 til 1945. Af þeim var að minnsta kosti 1,1 milljón myrt.

Í aðdraganda frelsunar Auschwitz byrjuðu hinar illræmdu SS-sveitir Hitlers að flytja fangana þaðan og í aðrar fangabúðir. Tæplega 60.000 fangar, flestir gyðingar, voru neyddir til að ganga í vestur frá útrýmingarbúðunum. Mörg þúsund höfðu látist í útrýmingarbúðunum sjálfum dagana áður en fólkíð var rekið af stað. Það var látið ganga í átt til Wodzislaw í vesturhluta Póllands. SS-liðar skutu hvern þann sem dróst aftur úr eða gat ekki haldið áfram för. Kuldi, hungur og ömurlegheit í alla staði sótu að fongunum á leiðinni. Rúmlega 15.000 þeirra létust á leiðinni.

Þeir sem eftir voru í búðunum voru taldir of veikburða til að ganga með hinum 60.000 sem voru neyddir til að leggja af stað gangandi 18. janúar. Það átti að vera búíð að myrða fólkíð áður en sovésku hersveitirnar kæmu í búðirnar en Schmauser, yfirmanni SS á svæðinu, hafði verið fyrirskipað að drepa fólkíð. Um 700 voru myrt af SS-mönnum en meirihlutinn slapp lifandi. Ástæða þess var sú að SS-mennirnir höfðu meiri áhuga á að bjarga eigin skinni og koma sér undan hermönnum Rauða hersins en að fylgja fyrirskipunum.

Auschwitz voru stærstu útrýmingarbúðir nasista í síðari heims-

styrjöldinni. Þar voru fangabúðir, morðmiðstöð og þrælabúðir. Búðirnar eru um 50 kílómetrum vestur af Krakow, nærri landamærum Póllands og Þýskalands eins og þau voru fyrir stríð.

„Ég faldi mig innan um stafla af líkum því síðustu vikuna sem líkbrennsluofnarnir virkuðu ekki söfnuðust líkin bara fyrir, hærra og hærra. Þar var ég á næturnar, á daginn ráfaði ég um búðirnar, þannig lifði ég af. Ég var einn af þeim fyrstu, Birkenau voru einar fyrstu útrýmingarbúðirnar sem voru frelsaðar. Þetta var leið mín til að lifa af.“

Svona lýsti Bart Stern hryllingnum í Auschwitz.

„Lestin kom um miðja nótt svo það var tekið á móti okkur með mjög björtum ljósum sem var beint að okkur. SS-menn og konur tóku á móti okkur. Hundar og svipur tóku á móti okkur, öskur og fyrirskipanir um að terna lestina, ringulreið... Það er ekki hægt að lýsa komunni til Auschwitz.“

Sagði Lilly Appelbaum Lublin Malnik um fyrstu kynni sín af þessum hryllilega stað.

Fyrstu hermennirnir á vettvang

Ivan Martynushkin, sem var liðsforingi í Rauða hernum, var meðal þeirra fyrstu sem komu til Auschwitz. Hann sagði síðar að fangarnir hefðu horft á hann „með þakklæti í augum“ þegar hann og félagar hans frelsuðu búðirnar úr klóm nasista. Hann sagði að sjónin sem blasti við hermönnum Rauða hersins hafi ekki fengið mikið á þá því þeir hefðu verið búnir að upplifa svo mikinn hrylling í stríðinu.

„Ég hafði séð bæi lagða í rúst. Ég hafði séð þorp gjöreyðilögð. Ég hafði séð fólkíð okkar þjást. Ég hafði séð lítil útlímalaus börn. Það var ekki eitt einasta þorp sem ekki hafði upplifað þennan hrylling, þessar hörmungar, þessar þjáningar.“

Sovéskir fjölmiðlar gerðu ekki mikið úr frelsun Auschwitz. Í byrjun febrúar var smá frétt um það í

Skráning Við frelsunina þurfti að skrá og bera kennsl á alla.



„Ég faldi mig innan um stafla af líkum því síðustu vikuna sem líkbrennsluofnarnir virkuðu ekki söfnuðust líkin bara fyrir, hærra og hærra.“

Pravda en málið fékk miklu minni athygli en frelsun Majdanek-útrýmingarbúðanna 1944. Sovéskir fjölmiðlar voru samstíga í að segja að þeir sem hefðu þjáðst og dáði í útrýmingarbúðunum hefðu verið „fórnlömb nasista“. Staðreyndin var að mikill meirihluta þeirra var gyðingar en kommúnistar vildu ekki halda því neitt sérstaklega á lofti, hvorki þá né síðar. Það hentaði mun betur að einblína á Auschwitz sem morðverksmiðju þar sem verkamenn voru myrtir í stað þess að uppskera ávöxt erfiðis síns eins og krafa marxista var.

Hin litla umfjöllun um frelsun Auschwitz var einnig merki um vaxandi spennu á milli Sovét-

ríkjanna annars vegar og Breta og Bandaríkjamanna hins vegar. Auschwitz var í Póllandi en Stalín og Vesturveldin höfðu tekist á um örlög Póllands eftir stríð um nokkra hríð. Sambandið hafði stírðnað enn frekar eftir að Sovétríkin höfðu ekki komið Pólverjum til aðstoðar í Varsjáruppreisninni sumarið 1944. Einnig hafði sovéska leynilöggreglan handtekið liðsforingja í pólska heimavarnarliðinu þegar Rauði herinn réðst inn í Pólland.

Af þessum sökum fékk umheimurinn ekki strax fréttir af þeim voðaverkum sem höfðu verið framin í Auschwitz. Útrýmingarbúðirnar voru vettvangur mesta fjöldamorðs sögunnar fram að

þessu. Af þeirri 1,1 milljón sem lét lífið í búðunum voru gyðingar um ein milljón.

Auk gyðinga létu 70.000 pólitískir pólskir fangar lífið í búðunum, 20.000 sígaunar, 10.000 sovéskir stríðsfangar, mörg hundruð vottar Jehóva, samkynhneigðir og aðrir.

Auschwitz og sá hryllingur sem þar fór fram, sem og í öðrum útrýmingarbúðum nasista, má aldrei gleymast og verður að vera mannkyninu áminning um þann mikla hrylling sem þar átti sér stað. Undanfarið hafa sumir nefnt að nú stefni að vissu leyti í sömu átt víða um heim þar sem verið er að mismuna fólkíð eftir uppruna þess eða trúarskoðunum en slíkt hefur einmitt átt sér stað í Evrópu. Auðvitað verður að vona að hryllingur á borð við útrýmingarbúðir muni aldrei endurtaka sig en það er því miður ekki svo að sagan haldi alltaf aftur af okkur mönnum. ■

DEKKJASALAN



Dekk og flottar felgur

Dekkjasan, Dalshrauni 16, Hafnarfirði - 587 3757 - dekkjasalan.is



SIÓVÁ



VÍS

vörður



Frí Tjónaskoðun

★ GÆÐAVOTTAÐ VERKSTÆÐI ★

Auðbrekku 27, Kópavogi
www.bilasprautun.is



554 2510

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Elísabet II Bretadrottning fæddist 1926. Fyrsta barn George prins sem var annar sonur George V. konungs. Afi hennar lést 1936 og föðurbróðir hennar, Edward VIII., tók þá við konungdómi. Hann afsalaði sér hins vegar krúnunni síðar þetta ár eftir að hafa ákveðið að kvænast Wallis Warfield Simpson sem var fráskilin og frá Bandaríkjunum. Faðir Elísabetar var þá næstur í röðinni og tók við konungdæminu sem George VI. Á meðan síðari heimsstyrjöldin stóð yfir dvöldu Elísabet og eina systkin hennar, Margrét prinsessa, fjarri höfuðborginni Lundúnum til að tryggja öryggi þeirra enda rigndi sprengjum úr þýskum herflugvélum yfir borgina. Foreldrar þeirra vildu hins vegar sýna löndum sínum samstöðu og dvöldu í Buckingham-höll. Elísabet fékk þjálfun sem liðsforingi í kvennadeild hersins og ók og sinnti viðgerðum á hertrukkum.

Elísabet giftist fjarskyldum frænda sínum, Philip Mountbatten, fyrrverandi prins af Grikklandi og Danmörku, 1947. Hann afsalaði sér þessum titlum til að geta kvænast Elísabetu. Hann var gerður prins af Edinborg að kveldi brúðkaupsdagsins. Brúðkaupið og allt umstangið sem því fylgdi lyfti þjóðarsál Breta en þjóðin glímdi við mikla efnahagslega erfiðleika eftir síðari heimsstyrjöldina og brúðkaup þessarar vinsælu prinsessu var ljós í myrkrinu að margra mati. Fyrsta barn þeirra, Karl prins, fæddist 1948 í Buckingham-höll og tveimur árum síðar eignuðust þau dótturina Anne. Andrew prins fæddist 1960 og Edward prins 1964. Þegar hjónin voru á ferðalagi í Kenía þann 6. febrúar 1952 voru þeim færðar þær sorgarfregnir að George VI, faðir Elísabetar, væri látinn.

Varð þjóðhöfðingi samstundis

Þegar rétt nýbúið var að skýra opinberlega frá láti konungs var tilkynnt að Elísabet væri nú orðin þjóðhöfðingi Bretlands. Hún hélt



Elísabet II 92 ára og aldrei vinsælli.

2. júní 1953

STÓR DAGUR Í SÖGU BRESKU ÞJÓÐARINNAR

Elísabet II krýnd drottning

sí þó alveg til hlés næstu þrjá mánuði og syrgði föður sinn. Um sumarið byrjaði hún að sinna hefðbundnum skylduverkum þjóðhöfðingja og í nóvember setti hún þingið í fyrsta sinn. Þann 2. júní 1953 var hún krýnd drottning í Westminster Abbey. Athöfnin var íburðarmikil og gegnsýrd af hefðum sem rekja má allt að 1.000 ár aftur í tímann.

Um eitt þúsund fyrimenni og 7.000 aðrir gestir voru viðstaddir krýninguna í Westminster Abbey og mörg hundruð milljónir manna hlustuðu á beina útsendingu í útvarpi eða horfðu á beina sjónvarpsútsendingu. Skýrri og háttilegri röddu fór Elísabet með innsetningareiddinn þar sem hún hét því að vinna fyrir íbúa Stóra-Bretlands og Breska samveldisins.

„Ég hef fylgst með einni krýningarathöfn og verið móttakandinn í hinni, það er ansi athyglisvert.“

Að krýningarathöfninni lokinni fögnuðu milljónir regnvotra áhorfenda hinni 27 ára drottningu og þrítugum eiginmanni hennar þegar þau óku sjö kílómetra leið í hestvagni. Þeim fylgdu fulltrúar rúmlega 40 aðildarríkja Breska samveldisins, þar á meðal forsætisráðherrar, soldánar og forsætisráðherrar. Að akstrinum í hestvagninum loknum kom Elísabet fram á svölum Bucking-

Elísabet og Filippus
Glæsileg á krýningardaginn.



ham-hallar ásamt fjölskyldu sinni og veifaði til mannfjöldans. Krýningarathöfnin var sýnd í bandarísku sjónvarpi samdægurs en þetta var í fyrsta sinn sem bandarískar sjónvarpsstöðvar sýndu evrópskan atburð samdægurs. Áhorfið var gríðarlegt.

Víðförl og vinsæl

Á þeim 65 árum sem Elísabet II hefur ríkt hefur hún notið mikilla vinsælda þegna sinna og hafa vinsældirnar verið nokkuð stöðugar en þó dvínuðu þær töluvert í tengslum við erfiðleika í hjónabandi Karls prins og Díönu prinsessu og andlát hennar. Elísabet hefur þó unnið sig aftur upp í vinsældum meðal þegna sinna og hefur hugsanlega aldrei verið eins vinsæl og hún er nú á níttugasta og þriðja aldersári. Hún sinnir enn skyldustörfum af miklum móð en hefur þó aðeins dregið úr störfum sínum og látið yngri kynslóðirnar taka við. Það er orðið langt síðan hún hefur ferðast út fyrir Bretlandseyjar og væntanlega er hún hætt slíkum ferðalögum enda orðin vel roskin eins og áður sagði. Hún hefur þó ferðast miklu meira en forverar hennar og var fyrsti ríkjandi þjóðhöfðingi Stóra-Bretlands til að heimsækja Suður-Ameríku og ríkin við Persaflóa. Hún hefur aldrei gefið í skyn að hún hyggt segja af sér og setjast í helgan stein og virðist vera við ágæta heilsu svo Karl prins, sem er næstur í erfðaröðinni,

verður að bíða enn um sinn, orðinn sjötugur. Þrjár kynslóðir krúnuerfingja eru nú lifandi því Vilhjálmur prins, sonur Karls og Díönu, gengur föður sínum næstur að erfðum og sonur hans, George, er þriðji röðinni.

Elísabet veitir sjaldan viðtöl en í einu af þeim fáu sem hún hefur veitt ræddi hún um krýninguna og krýningarathafnir. Viðtalið var tekið á síðasta ári í tengslum við gerð heimildamyndarinnar „The Coronation“. Þar sagði Elísabet meðal annars að hún hefði fylgst með einni krýningarathöfn, en það var 1937 þegar faðir hennar var krýndur konungur.

„Ég hef fylgst með einni krýningarathöfn og verið móttakandinn í hinni, það er ansi athyglisvert,“ sagði hin aldna drottning.

Kórónan, sem var sett á höfuð hennar við krýninguna, er sú sama og var notuð þegar faðir hennar var krýndur konungur 1937. Hún er skreytt 2.868 demöntum, 17 safírum, 11 smarögðum og mörg hundruð perlum. Einnig er gimsteinn, þekktur sem the Black Prince's Ruby, á henni en talið er að Henry V. hafi borið hann í orustunni við Agincourt 1415. Það er ekkert grín að bera kórónuna, sem er tæplega þrjú kíló, og því æfði Elísabet sig fyrir krýninguna og var með hana á höfðinu á meðan hún sinnti daglegum störfum. Kórónan var þrengd lítilliga fyrir hana og gerð aðeins kvenlegri í útliti. ■

LEIÐANDI Í GREIÐSLULAUSNUM




Sjálfstandandi greiðslulausnir og handfrjálsir posar

Verifone®

Greiðslulausnir tengdar
helstu afgreiðslukerfum

Hlíðasmára 12 201 Kópavogi verifone@verifone.is S: 544 5060

Helgarkrossgátan

					bjánana		flansinn		2 eins					
			þý											
			barefli											
			spíra										þjóðina	
krossgátugerð: Bjarni sími: 845 2510		↓	tröllin	2 eins	búsáhaldið	rösk	Teikning: Hallður Andri eftirprentun bönnuð		kroppi					
sýnishorn							djásnin öskur		6					
fuglinn						10	ílát takast							
		↓	sviða bætir				stefna arða							
verslun						gjamm bágar	forað		nagla		4			
eldstæðin							raka stæðurnar		11					
háttur						kvendýrið					eldsneyti			
			skanka sigla	7			beita	3	varðandi þjóðina					
stafur						skel 3 eins	tosaði							
náð						kelda dugleysið	samtök nykur				sleikta			
innafbrot						4 eins fiður			sólguð		5			
			bók frjáls				una storm							
gegnit						drykkur	einn til svar							
		↘									riðu			
tunglið							hjáleiga	9	vitstola féfletta					
umdæmi						fugl trufla								
			taflmann	grastopp bundið		álpast	2	kvað mjög			mikil			
garm		1				fæðir					spandera			
			fuglinn dýrahjóð				þétt							
bergmála						kex					2 eins			
vöðlar						8	sansar							

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
---	---	---	---	---	---	---	---	---	----	----

Sudoku

Auðveld

		9	2					3
5	8				4		9	
			7	8		5		
3		2					7	8
4	1	5						
7			9	1	2		4	
8						2	3	7
	2		4	6		8		
		3					1	

Erfið

3	6			2				1	
				8			6	7	
4					1				
				1	6	3		7	8
						2		1	5
		9						3	
				2	5	6			
9						4			
1		5		3					

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafli krossgátu síðustu helgar er ...


Sigurður Órnþúason

Þalsfiöt 9xxxx

300Xkræmsxxxx

Lausnarorðið var **BÓXXKXSI**

Sigurður Órnþúason laun-
bókbrúklög samsk gúmmi-
stígvél



**Í verðlaun fyrir gátu helgar-
gátans sendið nafni og símanúmeri
eitt líf**

Megar Antoine Courtin er tólf ára verður hann sex ára dreng að bana í skógi nálægt heimabæ þeirra. Fullur skelfingar felur hann lík litla drengsins í gjá í skóginum. Leitarflokkar eru kallaðir til en leitin ber engan árangur og smám saman fjarar málið út. Meira en áratug síðar er Antoine að ljúka læknisnámi, býr í París með kærustunni og framtíðin virðist björt. Hann hefur ætíð fordast að snúa aftur á æskustóðirnar en þarf þess nú af fjölskylduástæðum. Yfir hann hellist gamalkunn sektarkennd, hrollkaldur ótti við að upp um hann komist og hamingjuríkt líf hans breytist í martröð. Pierre Lemaitre er einn vinsælasti spennusagnahöfundur Frakka og bækur hans hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál. Hann er margverðlaunaður, hlaut meðal annars hin virtu Goncourt-bókmenntaverðlaun 2013 og hefur í þriggja hlötuð glæpasagnaverðlaunin Alþjóðlega rýtinginn. Friðrik Rafnsson þýddi. Höfundur: Pierre Lemaitre

ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

í Orkuhúsinu Suðurlandsbraut

20% afsláttur af öllum skóm laugardaginn 20 okt. bæði í Bæjarlind og í Orkuhúsinu Suðurlandsbraut. Stök pör og eftirársskór á kr. 12.000 (2 pör á 20.000). Setjum tábergspúða og/eða neglum skóna meðan þú bíður. Fullt af bílastæðum, frábær þjónusta og bestu skórnir.

Höfum opnað glæsilega sölusíðu
www.gongugreining.is

Erum líka í Bæjarlind 4
Kópavogi

Hlaup á hörðu undirlagi s.s. malbik og hlaupabretti



NÝ SKÓGERÐ

23.990,-

Bedlam

- Súper fjaðrandi æfingaskór sem hendir þér áfram
- Stöðugleikarammi allan hringinn
- Nýr byltingarkenndur DNA Amp fjaðrandi miðsóli



22.990,-

Glycerin 16 300 gr. 10mm drop

- Súper mjúkur og höggdempandi æfingaskór með nýjan DNA Loft miðsóla.
- Færir höggið til hliðar og minnkar þannig álag á liði og bak.
- Hlutlaus styrking
- Áreynslulaus færsla frá niðurstigi að frásýrnu
- Yfirbyggingin faðmar fótinn með 3D Fit print.
- Þessi einfaldlega fer frábærlega með þig í löngum stöðum, göngum og hlaupum.



22.990,-

Levitate 2 300 gr. 10mm drop

- Fjaðrandi DNA Amp miðsóli
- Hlutlaus styrking
- Sveigjanlegur sóli með örvamunstri ýtir þér hratt áfram
- Bólstraður hælakappinn minnkar líkur á nuddi og ver hásinina
- 100% meira fjaðrandi en Boost sólinn.



19.990,-

Adrenaline 18 283 gr. 12 mm drop

- Höggdempandi
- Styrktur að innanverðu
- Var að fá Editors choice verðlaun hjá Runners World sem bara 2-4 skór hljóta á ári og einungis þeir skór koma til greina sem skór ársins.



Skór ársins!

19.990,-

Ghost 11

- Höggdempandi og breiður fram
- Hlutlaus styrking
- Líka til Gore tex 100% vatnsheldur
- Kosinn besti hlaupaskór í heimi 2017 og búin að fá EC á þessu ári í 7 sinn á 10 árum.
- Hugsanlega besti hlaupaskór sem þú getur fengið
- Líka til ekstra breiður (bleikur)



18.990,-

Ravenna 9

- Fjaðrandi
- Styrktur að innanverðu
- „Best Buy“ hjá RW, færð einfaldlega mikið fyrir peninginn
- Færir þig hratt en áreynslulaust áfram

Fyrir ræktina



17.990,-

Pure Flow 7 250 gr. 4 mm drop

- BioMoG Höggdempandi miðsóli
- Hlutlaus styrking
- Yfirbyggingin faðmar þig eins og sokkur
- Rúnaður hællinn og lítið drop færir þig framár á fótinn
- Til í Crossfit, tækjasalinn á hlaupabrettið og í hóptímann.



19.990,-

Pure Cadence 7 255 gr. 4 mm drop

- Höggdempandi
- Guide Rails stýring á niðurstigi
- Rúnaður hællinn og lítið drop færir þig framár á fótinn
- Góður í ræktina og þú færð höggdempun og stuðning



17.990,-

Revel 2 289 gr. 12 mm drop

- Höggdempandi
- Hlutlaus
- Yfirbyggingin faðmar fótinn og gefur frábært Fit.
- Hitameðferð á garninu tryggir að táboxið haldi lögun sinni og styrk.
- Frábær í ræktina eða bara á götuna



19.990,-

Ravenna 9 269 gr. 10 mm drop

- Fjaðrandi
- Styrktur að innanverðu
- „Best Buy“ hjá RW, færð einfaldlega mikið fyrir peninginn
- Færir þig hratt en áreynslulaust áfram



17.990,-

Launch 5 255 gr. 10 mm drop

- Fjaðrandi sóli
- Léttur og lípur á fæti
- Fjaðrandi sólinn færir þig hratt áfram
- Hlutlaus styrking
- Bæði Boss jakkafatakarlarnir í Rvk. maraþoni í fyrra og Boss kjólakonurnar núna hlupu heilt maraþon í Launch

BROOKS

**20%
afsláttur
af öllum skóm**

Fyrir náttúruhlaup og göngutúrinn í náttúrunni



19.990,-

Cascadia 13 337 gr. 10 mm drop

- Höggdempandi æfingaskór
- Frábært grip bæði upp og niður brekkur
- Steinaplata í miðsóla
- Fengið fjölda verðlauna á þeim 13 árum sem hann hefur verið í línunni hjá Brooks



19.990,-

Caldera 2 281 gr. 4 mm drop

- Höggdempandi þykkbotna miðsóli
- Hlutlaus styrking
- Gott grip við allar aðstæður
- Frábær að losa vatn
- Editors choice há RW.... Enn einn verðlauna skórin
- Mýksti utanvegaskórin á markaðinum



18.990,-

Pure Grit 7 273 gr. 4 mm drop

- Heldur þér nálægt jörðinni
- Hlutlaus styrking
- Grip við allar aðstæður
- Frábær í golfið



17.990,-

Mazama 2 264 gr. 6 mm drop

- Hraður og léttur
- Hlutlaus styrking
- Plata sem kastar þér áfram, svipuð og í spretthlaupaskóm
- Recommended hjá RW.... Ef þú vilt hraða

Fyrir sérstaklega breiðan fót



22.990,-

Glycerin 16 301 gr. 10 mm drop

- Súper mjúkur og höggdempandi æfingaskór með nýjan DNA Loft miðsóla.
- Færir höggið til hliðar og minnkar þannið álag á liði og bak.
- Hlutlaus styrking
- Áreynslulaus færsla frá niðurstigi að fráspyrnu
- Yfirbyggingin faðmar fótinn með 3D Fit print.
- Þessi fer einfaldlega frábærlega með þig þegar þú stendur, gengur og hleypur



21.990,-

Dyad 4E 10 329 gr. 10 mm drop

- Mikil höggdempun
- 4E extra breiddur og verulega stöðugur
- Sérstaklega gerður fyrir sérsníðuð innlegg
- Ef þú ert með breiðan fót og notar innlegg



21.990,-

Addiction 13 377 gr. 12 mm drop

- Verulega styrktur að innanverðu
- 2E fyrir extra breidd
- BioMoGo DNA höggdempandi miðsóli
- Ef þú ert að vinna á fótunum, ert þung/ur eða skökk/skakkur



EINS OG FÆTUR TOGA
www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100

SAKAMÁL



25 ára enskur landslagsarkitekt, Joanna Clare Yates, hvarf þann 17. desember 2010 í Bristol. Atta dögum síðar fannst líkið af henni í Failand í Norður-Somerset. Joanna hafði verið kyrkt. Þann 20. janúar 2011 var Vincent Tabak, 32 ára hollenskur verkfræðingur og nágrenni Joönnu, handtekinn. Síðar kom í ljós að Vincent, sem hafði orðið heltekinn af ofbeldisfullu kynlífi og klámi, hafði ráðist á Joönnu í hennar íbúð og reynt að draga hana yfir í sína, en íbúðir þeirra voru samliggjandi. Vincent fékk lífstíðardóm 28. október 2011.

MORÐIÐ Í MIÐASÖLUNNI

James fór ekki leynt með áhuga sinn á Ash Vale-járnbrautarstöðinni ■ Hagafi sér eng

Aetla mætti að þeir sem hyggja á rán láti lítið fyrir sér fara á meðan þeir kanna aðstæður. Járnbrautaslökkviliðsmaðurinn James John Alcott hafði þveröfugan hátt á þegar hann skoðaði Ash Vale-járnbrautastöðina skammt frá Aldershot á Englandi þar sem hann hafði ákveðið að láta til skarar skriða í ágúst 1952.

Þann 20. ágúst fór James í miðasöluna og spurdist fyrir um ferðir til Dover. Síðan hékk hann á stöðinni og var eftir því tekið hve mikinn áhuga hann virtist hafa á því sem þar fór fram.

Hinn rólegasti

Næsta dag var hann mættur í morgunsárið og tyllti sér niður í vistarverum burðarmannanna, sem þá var auð. Einn burðarmaður sem átti þangað erindi kom að James þar sem hann sat hinn rólegasti og skóf undan nöglum sínum með dálki. Dálkinn sagðist James hafa keypt handa frænda sínum.

Um kvöldið var James mættur enn eina ferðina. Þá masaði hann við starfsfólk í tvo tíma.

„Það var ljóst að þið mynduð ná mér. Við tókumst harkalega á og þið finnið fingraför mín úti um allt.“

Hann framvísaði skilríkjum Bresku járnbrautanna, gaf upp nafn sitt og sagðist vera slökkviliðsmaður þeirra.

Fékk far heim

James bað um leyfi til að nota símann í miðasölunni; hann vildi athuga með líðan kollega síns, sem hafði slasast. Það var auðsótt mál og að símtali loknu sagði hann við gjaldkera á járnbrautarstöðinni að hann væri í fríi, á leið til Frakklands með eiginkonu sinni.

Gjaldkerinn var önnur kafinn við að ganga frá kvittunum og þvíúmlíku og fylgdist James grannt með. Að vakt sinni lokinni bauð hann James far á mótorhjól sínu



Líkið í miðasölunni Miðasalinn Geoffrey Dean varð rist ræningjanum, en allt kom fyrir ekki.

til Aldershot, sem hann þáði.

Ljós síðla kvölds

Þann 22. ágúst kom James á stöðina og til hans sást þar sem hann var í símanum í miðasölunni. Stundarfjórðung í átta sagði Geoffrey Dean miðasali við kollega sinn að hann væri að fara að loka, en hann færi þó ekki alveg strax: „Ég þarf að koma skikk á bókhaldið.“

Um klukkustund síðar sá undir-

liðþjálfari í hernum að, þrátt fyrir að hlerar væru fyrir glugga, enn var ljós í miðasölunni. Hann bankaði í glerið en fékk engin viðbrögð þrátt fyrir að hann heyrði mannamál berast út af henni en hugsaði ekki frekar um það og hvarf á braut.

Margar stungur og mikið blóð

Um klukkustund síðar vakti sama ljós athygli ungs burðarmanns og ákvað hann að segja Geoffrey að kominn væri tími til að fara heim.

Mikil var undrun hans þegar hann komst að því að dyrnar að miðasölunni voru læstar innan frá og ekki nokkur leið að sjá þar inn. Fyrir ofan dyrnar var lítill hálfmánalagaður gluggi og með því að hífa sig upp gat burðarmaðurinn kíkt inn um hann. Sá hann þá hvar Geoffrey lá á gólfinu í blóðpolli.

Lögreglan var kölluð til og eftir að hafa brotist inn á skrifstofuna var liðsmönnum hennar ljóst að Geoffrey yrði ekki bjargað. Hann

GJAFAVA VÖRUDAGAR



GJAFAVARA
20%
AFSLÁTTUR

Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbot 4 - Akureyri

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

EIGINKONAN MEÐ ROF

Terrie Sramek sagði slæmu persónurnar standa að baki glæpum hennar

Hjónin Terrie og Billy Sramek fóru í göngutúr saman, 31. júlí 1991, skammt frá heimili þeirra í Middleburg Heights í Utah í Bandaríkjunum. Það var í síðasta skipti sem Billy sást á lífi.

Daginn eftir fór Terrie til lögreglunnar og sagði að eiginmaður hennar væri horfinn og það hefði gerst á meðan hún var í kirkju. Terrie samþykkti að koma fram ásamt lögreglu í sjónvarpsútsendingu og höfða þannig til þeirra sem báru ábyrgð á hvarfi Billys.

Snöktandi, með fjögurra mánaða dóttur þeirra í fanginu, sagði hún: „Hann hefði aldrei horfið nema einhver hefði neytt hann til þess.“

Seldi smámuni og fatnað

Eitthvað var þó eins og það átti ekki að vera. Á meðal þeirra sem horfðu á útsendinguna var myntsafnarinn Jim Belaszy. Honum fannst skjóta skökku við að á þeim tíma sem liðið hafði frá hvarfi Billys og að sjónvarpsútsendingunni

„Það sem fór fyrir brjóstið á Billy var að hún hafði ekki deilt hinu illa fengna fé með honum.“

hafði Terrie komið í verslun hans. Hann hafði keypt af henni myntsafn eiginmanns hennar, sem hún sagði hafa dáði úr hjartaslagi.

Einhverjum dögum síðar birtist auglýsing í grenndarblaðinu þar sem auglýst var til sölu ýmislegt til heimilishjónanna. Rotnur var komin vel á veg en þó var hægt að úrskurða að hann hafði verið skotinn í hvort tveggja andlitið og hnakkann.

Einkaspæjari ráðinn

Lík Billys fannst 21. ágúst í hávöxnu grasi skammt frá Isaac-vatni í tæplega tveggja kílómetra fjarlægð frá heimili hjónanna. Rotnur var komin vel á veg en þó var hægt að úrskurða að hann hafði verið skotinn í hvort tveggja andlitið og hnakkann.




3 nýfædd börn sín myrta bandaríska konan Diane Odell. Börnin myrta hún árin 1982, 1983 og 1985. Diane var þó ekki handtekin fyrr en árið 2003. Líkum barnanna vafði hún inn í teppi, setti síðan í ruslapoka og tróð þeim þeim í pappakassa. Líkin fundust í maí 2003 í geymsluhúsnæði sem Odell-fjölskyldan hafði tekið á leigu árið 1992 og því ljóst að þau höfðu fylgt Diane hvert sem fjölskyldan flutti; kannski vildi hún hafa líkin hjá sér eða taldi að þannig væru minnstar líkur á að upp um hana kæmist. Hvað sem því líður þá fékk hún lífstíðardóm í janúar 2004.

ÖLUNNI

gan veginn eins og bíræfinn þjófur

James Alcott Var ekki undrandi þegar hann var handtekinn.



hafði verið stunginn mörgum sinnum og skrifstofunni umturnað.

Gistihús könnuð

Ekki var að undra að nafn James Alcott bæri á góma í samtölum lögreglu og starfsmanna járnbrautarstöðvarinnar, enda hafði

maðurinn verið eins og grár köttur á stöðinni, þar á meðal í miðasölunni.

Í ljósi þess beindist grunur lögreglunnar nánast eingöngu að James og þegar morgnaði kannaði hún gistihús í grenndinni. Fljótlega hljóp á snærið því í gistihúsi við Victoria Road í Alder-



Ash Vale-járnbrautarstöðin Vettvangur glæps James Alcott.

shot fengust þær upplýsingar að J.J. Alcott hefði tekið herbergi á leigu kvöldið áður og hygðist vera út vikuna. Hann var reyndar ekki inni við þegar þar var komið sögu, en kæmi heim fyrir lokun, klukkan 23.15.

Nýr alklaðnaður

Við leit á herbergi James fannst blóðugur jakki hans á rúminu. Í einum jakkavasanum var blóðugt veski, með bresku vegabréfi í og tveir peningaseðlar með blóðslettum á. Dálkinn fann lögreglan þar sem hann hafði verið falinn í eldstædisloftásinni. Við leit utandyra fundust buxur James í runna í nágrenninu.

Þegar James kom á gistihúsið um klukkan ellefu varð ljóst að

hann hafði keypt ýmislegt þann daginn. Hann klæddist nýjum jakka, nýjum buxum og skórnir voru einnig nýir. Gömlu skórnir fundust síðar hjá skósmiði nokkrum.

Í sjálfu sér þurfti ekki frekari vitnanna við og sú varð raunin.

Borðleggjandi mál

Þegar James voru sýndir peningaseðlarnir sem fundust í blóðugum jakka hans, sagði hann. „Já, þetta er einhver hluti peninganna.“ Síðan bætti hann við að hann kærði sig eiginlega ekki um þá, því hann ætти sjálfur peninga fyrir fríið.

„Það var ljóst að þið mynduð ná mér. Við tókumst harkalega á og þið finnið fingraför mín úti um allt,“ sagði James og málið taldist

upplýst.

Rannsókn lögreglunnar leiddi, henni til mikillar undrunar, í ljós að þetta var ekki í fyrsta sinn sem James hafði orðið manni að bana. Hann hafði sem breskur hermaður verið í Þýskalandi árið 1949 og hafði þá verið dreginn fyrir herrétt fyrir að hafa banað almennum, þýskum borgara.

Annar dauðadómur

Breska krúnan hafði þá hafnað að staðfesta dauðadóm yfir James og honum sleppt um síðir. Við réttarhöld yfir James vegna morðsins á Geoffrey var annað uppi á teningnum og niðurstaðan í Surrey í nóvember 1952 var dauðadómur. Í það skipti var dómnum fullnægð. ■

NA PERSÓNULEIKANN

Að ættingjum Billys hafði læðst illur grunur – að Terrie væri ekki öll þar sem hún væri séð. Réðu ættingjarnir einkaspæjara sem komst fljótlega að því að Terrie var í óða önn að selja allar eigur Billys. Einnig birtust í einkamálauglýsingum fyrir einmana fólk auglýsingar frá henni, en hún hafði reyndar hitt Billy fyrir tilstilli slíkra auglýsinga.



„Slæmu“ persónurnar

Síðar breytti hún frásögninni; hún dró byssu upp úr pússi sínu og skaut eiginmann sinn í andlitið og síðan í hnakkann þar sem hann lá óvígur.

Síðar kom í ljós að Terrie hafði allt í allt dregið sér 228.000 dali frá tryggingafyrirtæki í Montana árið 1986.

Terrie fullyrkti að hún glímdi við rofinn persónuleika og það væru „slæmu“ persónurnar sem fengu hana til að gera eitthvað slæmt. Eitthvað hafði Terrie fyrir sér í þeirri fullyrðingu því réttarskipaður geðlæknir komst að sömu niðurstöðu. Terrie Sramek var gefinn kostur á að játa sig seka og fá 15 ára fangelsisdóm í stað lífstíðar. Hún tók boðinu. ■

Rifust um drykkju og fjádrátt

Einkaspæjarinn lét slag standa og spurði Terrie hreint út hvort hún bæri ábyrgð á dauða eiginmanns síns. Terrie bugaðist og játaði allt saman.

Að hennar sögn höfðu þau farið í göngutúr, hún með dóttur þeirra á bakinu, og farið að rifast.

Þau rifust annars vegar um drykkju Billys og hins vegar um 65.000 dali sem hún hafði dregið sér frá fyrrverandi vinnuveitanda í Utah. Það sem fór fyrir brjóstið á Billy var að hún hafði ekki deilt hinu illa fengna fé með honum.

Billy hefði slegið hana, dóttir þeirra farið að gráta og hún seilst eftir flösku til að verja sig.

HÁDEGIS TILBOÐ
VIRKA DAGA
GRILLAÐ ÞORSKSPIJÓT,
HUMARSÚPA & BRAUÐ
2.850

EILÍF HAMINGJA

Sægreifinn
 Við gömlu höfnina

Konur – fróid ykkur meira!

Sjálfsfróun er góð fyrir líkama og sál

Með sjálfsfróun styrkir þú ást-arsambandið við sjálfa þig. Þekking á eigin líkama getur verið mjög valdeflandi og betra/jákvæðara samband við líkamann eykur hamingju þína og gerir þig hæfari til að finna hamingju með öðrum. Partur af því að þekkja þíkuna er að skoða hana. Finndu þér spegil sem þú getur látið standa sjálfan eða hallast upp að vegg – sundur með fætur og tékkaðu á henni. Sjáðu fellingarnar, litina, hárin og húðina. Hvaða tilfinningar kvikna? Þíkur eru alls konar og fjölbreytnin er fögur. Mundu líka að þú getur látið þér þykja vænt um hana þó að útlitid sé ekki nákvæmlega eins og þú bjóst við eða vildir.

Sjálfsfróun bætir kynlíf þitt með öðrum. Sjálfsfróun er langbesta leiðin til að skoða hvað virkar fyrir þig og hvaða leiðir þú getur notað til að fá fullnægingu með öðrum. Það sem þú gerir í kynlífinu með sjálfri þér á líka heima í bólinu með því fólki sem þú kýst að stunda kynlíf með. Ef þú veist hvað virkar og hvað þú vilt getur þú kennt einhverjum öðrum þær aðferðir. Í öllum bænum ekki hætta að fróa þér þó að þú farir í fast samband – passaðu upp á að eiga kynlífsstefnumót með sjálfri þér reglulega þó að elskhugar og ástkonur þurfi stundum athygli.

Sjálfsfróun hefur góð áhrif á sjálfsmynd þína, líkamlega og andlega. Þegar þú fróar þér ertu að sýna sjálfri þér ást – stunda kynlíf með einhverjum sem þú elskar skilyrðislaust. Líkamleg vellíðan eykur á hamingju og hamingjusöm ertu skemmtilegri og meira sjarmerandi manneskja. Sjálfs- traust er öflugasti lostavaki í heimi.

Sjálfsfróun er holl fyrir þíkuna þína. Sjálfsfróun eykur blóðflæði til

Þegar þú fróar þér ertu að sýna sjálfri þér ást – stunda kynlíf með einhverjum sem þú elskar skilyrðislaust

ytri og innri kynfæra og hefur góð áhrif á grindarbotnsvöðvana. Við fullnægingu verður ósjálfráður samdráttur í vöðvunum sem styrkjast við það, rétt eins og þegar þú gerir grindarbotnsæfingar. Sterkur og heilbrigður grindarbotn minnkar líkur á þvagleka og bætir kynheilsu þína.

Sjálfsfróun bætir svefn. Þú kannast vonandi við sælu- og slökunartilf- inninguna sem kemur í kjölfar full- nægingar. Hún flæðir um líkamann þegar sæluhormón eins og endorfín og oxytósín losna við fullnæginguna. Hormónin geta hjálpað þér að slaka á, sofna og meira að segja verður svefn- inn dýpri og betri.

Sjálfsfróun er góð fyrir hjartað. Konur deyja úr hjartasjúkdómum og mörg- um reynist erfitt að koma reglulegri lík- amsrækt inn í daglega prógrammið. Þá er aldeilis gott að vita að það má þjálfa hjartað og bæta blóðflæði líkamans með því að fróa sér. Það hefur meira að segja komið fram í nokkrum rann- sóknum að konur sem fá það reglulega eru ólíklegri til að þróa með sér hjarta- sjúkdóma og sykursýki 2.

Sjálfsfróun er öruggt kynlíf! Svo framarlega sem þú fróar þér ekki marga klukkutíma á dag og hættir að tannbursta þig/mæta í vinnuna/tala við fjölskyldumeðlimi/greiða þér/ nærast almennilega/setja statusa á Facebook ... eða álíka. Þú þarft engar áhyggjur að hafa af því að verða ólétt eða fá kynsjúkdóma.

Sjálfsfróun minnkar stress. Þegar þú færð fullnægingu ferðu í eins konar náttúrulega vímu – vegna hormón- anna sem losna í líkamanum. Sum- ar rannsóknir hafa bent til þess að sjálfsfróun geti jafnvel minnkað líkur á þunglyndi. Ertu leið? Þá er kannski prýðileg hugmynd að þú elskir sjálfa þig aðeins oftar!



Ragnheiður Haralds- og Eiríks- dóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi
Spurningar og tímapantanir:
raggaeiriks@gmail.com
www.raggaeiriks.com

NOKIA 3.1

13 MP MYNDAVÉL
TEKUR 2 SIMKORT
5.2" 18:9 SKJÁR MEÐ
GORILLA GLASS

NOKIA androidone





**Hjólastandar á bíla og í bílskúrinn.
Hver standur er fyrir 2-3 hjól.
Vönduð evrópsk framleiðsla.**



*YFIR 30 ÁRA REYNSLA Í AÐ ÞJÓNUSTA VIÐSKIPAVINI
- MIKIL ÞEKING OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ -*



**Toppogar á margar
gerðir bíla.**

**Farangursbox á allar gerðir bíla.
Stærðir 360 - 550 lítra
Vönduð evrópsk framleiðsla.**




STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

**Víkurvagnar ehf. - Hyrjarhöfði 8. - 110 Reykjavík -
Sími 577-1090 - www.vikurvagnar.is - sala@vikurvagnar.is**



**Dráttabeisli á allar gerðir bíla ásamt ásetningu.
Fastar kúlur, smellukúlur og prófílbeisli.
Ásetning á staðnum.**





Manst þú eftir Tívolíinu í Hveragerði?

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



Tívolíð í Hveragerði var í fjölmörgum sumur vinsæll áfangastaður barnafjölskyldna sem skemmtu sér þar í hinum ýmsu tækjum. Það hóf göngu sína árið 1986 og var þá undir stjórn Sigurðar Kárasonar. Ári síðar tók hæstaréttarlögmaðurinn Ólafur H. Ragnarson við og sá um reksturinn næstu sjö árin. Tívolíinu var síðan lokað vorið 1994 en víst er að ófáir Íslendingar eiga góðar minningar tengdar skemmtigarðinum.

„Okkur langaði að útbúa skemmtilegan stað þar sem fjölskyldur gætu komið og átt ánægjulegar stundir saman,“ sagði Ólafur í samtali við Pressuna á sínum tíma og tók fram að Kolkraðbinn hafi verið vinsælasta tækið af þeim mörgu sem þar var að finna. Ásamt fleiri tækjum var boðið upp á klessubíla, draugahús, bátatjörn og skotbakka þar sem gestir gátu freistast til þess að keppa um ýmiss konar vinninga.

Að sögn Ólafs ráku margir upp stór augu þegar heyrðist af áætlunum hans um að koma á rekstri tívolís á þessum tíma en hann bætti við að ævintýraþrá og löngun í að prófa nýja hluti hafi leitt hann á þá braut. Tívolíð var samantlagt um 6.000 fermetrar að flatarmáli, með yfir 20 metra lofthæð og rúmaði hátt í þrjú

þúsund manns. Barnafjölskyldur af höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandsundirlöndinu voru helstu viðskiptavinirnir.

Tívolíð naut gríðarlegra vinsælda á fyrstu árunum en með tímanum varð ævintýri Ólafs og starfsfólksins þyrnum stráð. Skemmtigarðurinn átti við rekstrarörðugleika að stríða á tíunda áratugnum og koma bresks farantívolís til landsins bætti ekki úr skák og hafði slæm áhrif á aðsókn.

Ólafur hugsar þó til þessa tíma með mikilli hlýju og þá sé sérstaklega ánægjulegt þegar fólk gefi sig á tal við hann á fornnum vegi og segi frá ánægjulegum minningum úr Tívolíinu. Þá minnst hann einnig hinna ýmsu skemmtikrafta sem létu ljós sitt skína á uppákomum í Tívolíinu, svo sem kúnverskra akróbata sem léku loftfímléika fyrir gesti og gangandi og Látúnsbarkann sem vakti mikla lukku. Hinum megin við götuna var svo Eden þar sem hægt var að heilsa upp á apan Bóbó og fá sér ís.



GRÆNA TUNNAN AUÐVELDAR FLOKKUNINA



Pappír, pappa, plast og minni málmhluti má setja beint í tunnuna - Muna að skola Hugsum áður en við hendum!



ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Pantaðu grænu tunnuna í síma 577-5757 eða www.igf.is/panta

Bætt heilsa og betri líðan með

Natural Health Labs

100% náttúruleg bætiefni



„Hreinleiki, gæði og virkni
skiptir mig miklu máli
þegar ég vel fæðubótarefni.

Þess vegna mæli ég tvímælaust
með vörum frá Natural Health
Labs.“

Helga Lind – Pilateskennari
og einkaþjálfari

Natural Health Labs
eru hrein náttúruleg bætiefni
sem innihalda hvorki
rotvarnarefni né fylliefni og
eru án allra aukaefna.

Útsölustaðir: Fæst í öllum helstu
apótekum, heilsuverslunum og
heilsuhillum stórverslana.



www.balsam.is

Fræg á lausu



Stefnumótamenning á Íslandi hefur aldeilis breyst á síðustu árum með tilkomu samfélagsmiðla og smáforrita. Það hefur einnig gert almúganum auðveldara að kynna frægum sem eru á lausu. DV tók saman lista yfir nokkra fræga sem kannski ekki allir vita að eru á lausu.



Sunneva Einars

Samfélagsmiðlastjarnan Sunneva Einarsdóttir lifir sannkölluðu stjörnulífi, fyrr á þessu ári var hún bara að hanga með Jennifer Lopez.



Rúrik Gíslason

Það er ótrúlegt að hugsa til þess þegar horft er í augun á Rúrik að hann sé á lausu. Hann sló rækilega í gegn á samfélagsmiðlum á HM í sumar og er nú með 1,2 milljónir fylgjendur. Geri aðrir betur.



Ólöf Skaftadóttir

Ólöf er ritstjóri Fréttablaðsins og er þekkt fyrir að skrifa beitta pistla um málefni líðandi stundar. Ólöf er þrítug og má fullyrða að hún sé mjög eftirsótt.



Sigurður Þorri Gunnarsson

Sigurður Þorri er einn hressasti útvarpsmaður landsins og stjórnar þáttunum í beinni með Sígga Gunnars á K100. Akureyringurinn er virkilega skemmtilegur karakter og nýtur mikilla vinsæla sem spinningþjálfari í World Class. Slæmar fréttir fyrir stelpur en góðar fréttir fyrir stráka, Siggí er hinsegin.



Sunna Elvira

Sunna Elvira Þorkelsdóttir lenti í hræðilegu atviki á Spáni snemma á þessu ári, stuttu síðar var eiginmaður hennar handtekinn fyrir fíkniefnasmygl. Sunna er nú á lausu, í vikunni þakkaði hún góðlátum strætisvagnabílstjóra sem hjálpaði henni inn og út úr vagninum óumbeðinn.

Pétur Jesús



Pétur Örn Guðmundsson er virkilega hress og skemmtilegur. Pétur er tónlistarmaður í húð og hár og kannast líklega flestir Íslendingar við hann. Viðurnefnið, Jesús, hlaut Pétur eftir leik sinni söngleiknum Jesus Christ Superstar og hefur það löðað við hann allar götur síðan.

ELDBAKAÐAR EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

Castello
PIZZERIA

PANTAÐU Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

ÚTSAULA

TRYGGÐU ÞÉR HÁGÆÐA HEILSURÚM Á FRÁBÆRU VERÐI Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!

Royal Aviana

**60%
AFSLÁTTUR**



Vönduð þrýsti jöfnunardýna sem aðlagast alveg að líkamanum ásamt botni og fótum.

Stærð 180X200 cm

**ÚTSÖLUVERÐ
85.104 kr.**

Fullt verð 212.760 kr.

Royal Layla

**30%
AFSLÁTTUR**



Hágæða millistíft fimmsvæða skipt pokagormakerfi með áföstum 10cm mjúkum topp ásamt botni og fótum.

Stærð 180X200 cm

**ÚTSÖLUVERÐ
157.509 kr.**

Fullt verð 225.013 kr.

Royal Corinna

**30%
AFSLÁTTUR**



Hágæða millistíft fimm svæða skipt heilsudýna með pokagormakerfi ásamt botni og fótum.

Stærð 180X200 cm

**ÚTSÖLUVERÐ
121.737 kr.**

Fullt verð 173.910 kr.

Royal Alexa

**30%
AFSLÁTTUR**



Tvöfalt pokagormakerfi, millistíft fimmsvæða skipt með áföstum 7cm þrýstijöfnunarsvamps topp ásamt botni og fótum.

Stærð 180X200 cm

**ÚTSÖLUVERÐ
188.336 kr.**

Fullt verð 269.051 kr.

Eigum þessi rúm einnig í öðrum stærðum. Komdu til okkar strax í dag og kynntu þér úrvalið!

Þjóðum upp á allt að 12 mánaða vaxtalust kredikortalan. Einnig hægt að greiða með Netgíró

DV vinsælt hjá vændiskonum

Vændiskonur birta myndir af sér með helgarblað DV í auglýsingum sínum. Gera þær þetta til að staðfesta að þær séu á landinu.

Á heimasíðunni City of Love auglýsa vændiskonur þjónustu sína, verð og birta myndir af sér í kynsandi stellingum. DV fjallaði ítarlega um vændismarkaðinn fyrir skemmstu og komst að því að algengt verð á þjónustunni væri um 25 þúsund krónur fyrir hálf tímann og 35 þúsund fyrir klukkutímann.

Vændiskonurnar eru flestar frá Austur-Evrópu og hafa þær stutta viðdöl hér á landi í hvert skipti. Gista þá gjarnan í leiguíbúðum miðsvæðis í Reykjavík, til dæmis Airbnb-íbúðum.

Sama aðferð og mannþægingar nota

Margar vændiskvennanna taka myndir af sér haldandi á nýlegum dagblöðum og birta á síðunni. Gera þær þetta til þess að sanna að þær hafi verið á landinu á þeim tíma sem myndin var tekin. Þessi

aðferð er ekki ný af nálinni og hefur til dæmis verið notuð af mannþægingjum til þess að sýna fram á að gísl sé í þeirra haldi.

Vændiskonurnar nota ýmis dagblöð en notkun DV hefur aukist að undanförmu. Tvær þeirra notuðu helgarblaðið sem kom út föstudaginn 12. október til að staðfesta veru sína á landinu.

Hvort vændiskonurnar tvær hafi flett blaðinu og lesið góð viðtöl við Hörð Torfason og Sölva Fannar eða kynnt sér nýjustu tíðindi af braggamálinu skal ósagt látið.



Vændi er ekki aðeins stund að í þessum íbúðum af konum sem auglýsa á síðum eins og City



of Love. DV fylgdist grannt með kampavínslúbbum þar sem, samkvæmt hávær orðróm, var hægt að kaupa vændi. Blaðamenn fóru á staðinn og gátu staðfest að það var auðsött mál.



Lítt þekkt ættartengsl

Neytandinn og Píratinn

Nú standa yfir kosningar til formanns Neytendasmatakanna og einn af sigurstranglegri framboðendum er Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri Samtaka um betri spítala. Guðjón hefur beitt sér fyrir því að afnema tolla af matvælum og að landbúnaðarkerfinu verði umbylt.

Guðjón er faðir Dóru Bjartar, borgarfulltrúa Pírata. Dóra vann mikinn kosningasigur í sveitarstjórnarkosningunum í vor og náðu Píratar tveimur mönnum inn. Hún hefur hins vegar staðið í ströngu að undanförmu, bæði vegna braggamálsins og þá hefur verið gert gys að henni fyrir leikþátt í pontu borgarstjórnar.

Guðjón er einnig faðir Sigurúnar Lilju, eiganda fatamerkisins Gyðju Collection.



nettoline
STYRKUR - ENDING - GÆÐI

ÞVOTTAHÚSINNRETTINGAR

BADHERBERGISINNRETTINGAR

ELDHÚSINNRETTINGAR

FATASKÁPAR & RENNIHURDIR

VIÐ GERUM ÞÉR HAGSTÆTT TILBOÐ Í INNRETTINGAR, RAFTÆKI, VASKA OG BLÖNDUNARTÆKI

HÁGÆÐA DANSKAR INNRETTINGAR Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

TRUSTPILOT
Nettoline fær 5 stjörnur frá dönskum gagnrýnendum



ELDHÚSINNRETTINGAR



BADHERBERGISINNRETTINGAR



ÞVOTTAHÚSINNRETTINGAR



FATASKÁPAR & RENNIHURDIR

Hvers á Hörður að gjalda?

Loki

BLÖNDUNARTÆKI
Við erum með úrval blöndunartækja fyrir þvottahúsið og eldhúsið.

Króm
Svört/grá

VASKAR
Eigum til margar tegundir af vöskum, bæði stál, hvíta og svarta.

SPEGLAR MEÐ LED LÝSINGU
Eigum til mikið úrval af speglum með led ljósum fyrir badherbergið.

Frimform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is

OPIÐ:
Mán. - fim. kl. 09 til 18
Föstudaga kl. 09 til 17
Laugardagar kl. 11 til 15